

# Fólkið

## Fjöllin
## Fjörðurinn

**Meðal efnis:**

- Skólahald í Eyrarsveit
- Grundarfjarðarkirkja 40 ára
- Flugslysið í Kolgrafarfirði
- Sveitin mín
- Saga leikskólans
- Horfin hús
- Annáll 2005
- Manntalið 1960
- Æviágrip séra Jens

# Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

# Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

## Safn til sögu Eyrarsveitar

## 7. hefti

EYRBYGGJAR
Hollvinasamtök
Grundarfjarðar

2006

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 7
© 2006 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Ljósmynd á kápu: Ragnar Th. Sigurðsson
Prentun og bókband: WS Bookwell Ltd., Finnlandi

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1607–0747

# Efnisyfirlit

*Hermann B. Jóhannesson:* Formáli . . . . . . 7
*Gísli Karel Halldórsson:* Fyrsti bæjarstjórinn: . . . . . . 11
*Árni Hallgrímsson frá Vík:* Á góðri stund. . . . . . 12
*Ásgeir Guðmundsson:* „Börn og unglingar alist ekki upp eins og hross í haga". . . . . . 13
*Matthildur Soffía Guðmundsdóttir:* Leikskólinn Sólvellir . . . . . . 50
*Hermann B. Jóhannesson:* Fermingarárið mitt . . . . . . 64
*Sunna Njálsdóttir:* Byggingarsaga Grundarfjarðarkirkju. . . . . . 68
*Séra Jón Þorsteinsson:* Minningabrot af byggingarsögu . . . . . . 90
Fermingarbörn . . . . . . 103
*Arnór Kristjánsson:* Sveitin mín . . . . . . 113
*Ingi Hans Jónsson:* Koníak og kartöflur . . . . . . 119
*Pálína Gísladóttir:* Horfin hús og gamlir tímar . . . . . . 136
*Hermann B. Jóhannesson:* Manntalið frá 1960 . . . . . . 151
*Karl Smári Hreinsson:* Flugslysið við Svartahnúk 28. nóvember 1941 . . . 170
*Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri:* Annáll Grundarfjarðarbæjar 2005 . . . . . . 189
Úr myndasafni Eyrbyggja . . . . . . 206

# Formáli

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn er gefið út af Eyrbyggjum, hollvinasamtökum Grundarfjarðar, ásamt Sögumiðstöðinni í Grundarfirði. Rit þessi köllum við „Safn til sögu Eyrarsveitar", og er þetta sjöunda bókin á jafnmörgum árum.

Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar er áhugamannafélag og eru stjórnarfundir haldnir fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði. Í maí 2006 eru þeir orðnir 72 talsins. Móttökurnar sem við höfum fengið eru mjög góðar og það er okkur, sem stöndum að þessari útgáfu, mikil hvatning að reyna halda áfram. En sannleikurinn er sá að við höfum gríðarlega gaman að þessu. Og ef við hefðum ekki þetta áhugamál þá væri margt orðið gleymt og grafið, a.m.k. í huga okkar. Það hefði þýtt minni samskipti við heimabyggðina, og það brot af sögu Eyrarsveitar sem við erum búin að setja í bækurnar sjö sem eru rúmlega 1500 blaðsíður væri ekki allt aðgengilegt og sumt ekki til. Þannig að við vonum að það sem við erum að gera veiti fleiri en okkur ánægju og upplýsingar.

Stjórnarfundirnir eru skemmtilegir fundir þar sem rifjaðir eru upp atburðir og sögur. Farið yfir það efni sem er verið að skrá og það efni sem við viljum fá. En það er einn af stærstu og erfiðustu þáttum starfsins að finna einstaklinga sem muna, vilja og geta skrifað um atburði fyrri tíma. Þessir þrjú atriði: muna, vilja og geta skrifað vefjast fyrir mörgum. En það er aðeins eitt atriði sem viðkomandi einstaklingur þarf að uppfylla, það er hugtakið að vilja. Flestir afsaka sig með því að þeir muni ekki. En það er skemmtilegt að sjá hvernig hlutirnir þróast þegar einhver vill og byrjar að punkta hjá sér og svo bætist hægt við þegar er farið að hugsa. Og það að geta ekki skrifað, en það er auðleysanlegt verkefni að veita aðstoð við það.

20 einstaklingar hafa setið í stjórn Eyrbyggja mislengi og misvirkir en þetta er áhugamannavinna og einstaklingar hafa ekki allir sama tíma og áhuga. Þeir sem setið hafa í stjórn Eyrbyggja eru:

| *Í stjórn* | *Nafn* | *Heimili* | *Pnr.* | *Staður* |
|---|---|---|---|---|
| 2005- | Atli Már Ingólfsson | Holtabyggð 9 | 220 | Hafnarfjörður |
| 1999- | Ásthildur Kristjánsdóttir | Fálkahöfða 15 | 270 | Mosfellsbær |
| 2006- | Ásrún Jónsdóttir | Ljósheimur 6 | 104 | Reykjavík |
| 2004- | Benedikt Gunnar Ívarsson | Miðvangi 29 | 220 | Hafnarfjörður |
| 2005-06 | Bergþóra Sigurðardóttir | Hamrabergi 38 | 111 | Reykjavík |
| 2003-05 | Bjarni Júlíusson, formaður | Leiðhömrum 20 | 112 | Reykjavík |
| 1998-03 | Elínbjörg Kristjánsdóttir | Reynihvammi 21 | 200 | Kópavogur |
| 1998-03 | Gísli Halldórsson | Malarási 10 | 110 | Reykjavík |
| 2006- | Gíslína Ólafsdóttir | Engjasmári 3 | 201 | Kópavogi |
| 2001- | Guðlaugur Þór Pálsson | Þernunesi 9 | 210 | Garðabær |
| 2003-05 | Hafdís Gísladóttir | Hlíðarhjalla 39 c | 200 | Kópavogur |
| 1998- | Hermann Jóhannesson | Kársnesbraut 83 | 200 | Kópavogur |
| 2001-02 | Hildur Mósesdóttir | Ásgarði 131 | 108 | Reykjavík |
| 2003-05 | Hrafnhildur Pálsdóttir | Lundarbrekku 10 | 200 | Kópavogur |
| 2002-03 | Hrönn Harðardóttir | Tungubakka 6 | 109 | Reykjavík |
| 2001-02 | Lilja Njálsdóttir | Hörðalandi 18 | 108 | Reykjavík |
| 2002- | Orri Árnason | Laugavegi 39 | 101 | Reykjavík |
| 2001-02 | Ólafur Hjálmarsson | Lindasmára 34 | 201 | Kópavogur |
| 1998-00 | Sigurður Hallgrímsson | Háabarði 7 | 220 | Hafnarfirði |

Í þessu hefti er grein úr safni Ásgeirs Guðmundssonar um skólahald í Eyrarsveit. Þetta er mjög fróðleg grein og merkileg heimildarsaga. Við höfum áður birt margar góðar greinar í fyrri heftum ritsins eftir Ásgeir Guðmundsson.

Karl Smári er með einstaka grein um flugslysið í Kolgrafafirðinum. Hann á enga tengingu við sveitina okkar, hann er kennari á Keflavíkurflugvelli og starfar sem leiðsögumaður á sumrin og þegar hann frétti að bresk flugvél hafði farist í Kolgrafafirðinum fór hann að afla sér heimilda. Niðurstaðan er fróðleg grein með skemmtilegum myndum og upplýsingum sem sumar hverjar hafa aldrei birst opinberlega áður. Eyrbyggjar vilja þakka Karli Smára Hreinssyni fyrir frábæra grein sem hann hefur lagt mikla og óeigingjarna vinnu í við upplýsingaleit sem kemur vel fram í þessari grein.

Grundarfjarðarkirkja er 40 ára á árinu og af því tilefni eru tvær greinar um kirkjuna. Guðbjartur Jónsson byggingarmeistari hélt dagbók sem er varðveitt í kirkjunni ásamt myndum. Sunna Njálsdóttir hefur skráð formálann og byggingarsöguna, sem er enn ein fróðleg heimildarsagan. Talið var að erlenda starfsfólkið hefði tekið myndirnar, en þegar við Eyrbyggjar vorum í Sögumiðstöðinni að afla mynda í bókina úr Bæringssafni sáum við sömu myndir í safni Soffíu Jóhannsdóttur. Því vitum við ekki hver tók myndirnar sem eru með greininni. Þess vegna eru þær sagðar í eigu Sögumiðstöðvarinnar.

Síðari greinin um Grundarfjarðarkirkju er skráð af séra Jóni Þorsteinssyni sem var prestur á árunum 1974–1990 og hefur hann frá mörgu að segja.

Matthildur S. Guðmundsdóttir hefur skráð sögu leikskólans og það er skemmtileg tilbreyting að sjá barnamyndir sem eru 10 ára gamlar en ekki 70 ára.

Síðan eru tvær áhugaverðar greinar þó ólíkar séu. Það eru greinarnar Horfin hús og Sveitin mín. Hér skrá tveir heldri borgarar, þau Pálína Gísladóttir og Arnór Kristjánsson, minningar sínar. Pálína skrifar um horfin hús og gamla tíma og tekst henni vel að koma þessu efni til skila enda lífgar hún frásögnina með persónulegum upplýsingum. Sama má segja um frásögn Arnórs, Sveitin mín, um þróun mannfólksins og búfénaðarins í Eyrarsveit. Í minningum hans koma fram fróðlegar og skemmtilegar upplýsingar um þróun byggðar í sveitinni. Þessar tvær sögur vekja upp ýmsar spurningar, svo sem af hverju voru greinarnar ekki lengri og sagt meira frá? Eða af hverju er ekkert skrifað um þetta eða hitt? Þessar tvær greinar eru mjög skemmtilegar og vel skrifaðar og segja okkur að allir hafa frá einhverju að segja. Það eina sem þarf er jákvætt hugarfar og byrja að punkta hjá sér því svo þróast efnið í höndunum á okkur. Við þurfum öll að láta einhvern eða einhverja lesa efnið yfir.

Koníak og kartöflur er enn ein greinin sem við fáum frá Inga Hans. Okkur Eyrbyggjum finnst sjálfsagt að varðveita í ritunum okkar þær merkilegu sögur og heimildir sem Ingi hefur sett upp í Sögumiðstöðinni. Við þökkum fyrir óeigingjarnt starf sem hann hefur lagt í Sögumiðstöðina og um leið inn í samfélagið fyrir vestan.

Eyrbyggjar hafa haft gott samstarf við Sögumiðstöðina og/eða Inga Hans. Við höfum ákveðið að auka samstarfið því við erum að vinna að sama málefni þó við nálgumst það á sinn hvorn háttinn. Ingi hefur skilað okkur mörgum

greinum, upplýsingum og myndum í ritið okkar og það eigum við að þakka. Viljum við vera án Sögumiðstöðvarinnar, Eyrbyggjar? Ég held að engin vilji missa þessa menningarmiðstöð. Þess vegna skulum við standa vel að baki hennar.

Ég hef skráð eitt manntalið í viðbót, manntalið 1960. Manntölin eru þó nokkuð mikið notuð ef upplýsingar um einstaklinga vantar. Það má sjá margt út úr manntölunum, svo sem skyldleika, hvar og hvenær fólk bjó, það sést hvar börnin eru fædd, því flestöll börn eru fædd í heimahúsum o.fl. og o.fl.

Eyrbyggjar halda áfram að safna fermingarmyndum og þetta er að verða skemmtilegt myndasafn sem endar vonandi í Sögumiðstöðinni. Við reynum að birta myndir af fermingarbörnum sem eiga tuga fermingarafmæli.

Annállinn hennar Bjargar er á sínum stað og verður verðmætari eftir sem árin líða. Þetta er líklega síðasti annállinn hennar og af því tilefni viljum við Eyrbyggjar þakka henni fyrir mjög gott samstarf. Það er hægt að lýsa samstarfinu sem sambandi foreldris og barns. Við höfum átt gott foreldi sem hefur staðið vel við bakið á okkur og við höfum reynt að standa okkur vel og vera sjálfstætt og fyrirmyndarbarn. Vonandi verðum við ekki foreldralaus eftir kosningar.

Eins og áður hefur komið fram standa Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar og Eyrbyggja, Sögumiðstöð Grundarfjarðar að þessu riti. Sérstakir þakkir eru til Sparisjóðs Eyrarsveitar og menntamálaráðuneytisins sem hafa styrkt okkur rausnarlega og gert okkur kleift fjárhagslega að gefa út þetta rit. Við þökkum einnig Grundarfjarðarbæ, sem er bakhjarl okkar og stendur vel við bakið á okkur.

Ég vil þakka greinahöfundum, samstarfsfólki í Eyrbyggjum, Freyju Bergsveinsdóttur sem ber ábyrgð á bókarkápu og faglegri uppsetningu bókarinnar og sérstakar þakkir fær Skrudda, sem sér um umbrot og prentun á bókinni.

20. maí 2006.
Hermann B. Jóhannesson,
formaður Eyrbyggja, 2005-2006.

# Fyrsti bæjarstjórinn



Þegar þessi texti er skrifaður í maí 2006, liggur fyrir yfirlýsing frá Björgu Ágústsdóttur, að hún hyggist hætta sem bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar eftir kosningarnar í lok maí 2006. Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar vilja þakka henni gott og ánægjulegt samstarf frá upphafi.

Björg var drifkrafturinn í því að Hollvinasamtökin voru stofnuð. Hún boðaði til stofnfundarins á hátíðinni „Á góðri stund í Grundarfirði" þann 23. júlí 1999. Hún hefur alla tíð haft gott samband við stjórn Eyrbyggja og staðið með þeim í þeim málum sem við höfum unnið að í gegnum tíðina. Eyrbyggjar vilja því þakka henni gott samstarf og stuðninginn frá upphafi og óska henni farsældar á nýjum starfsvettvangi.

Fyrir hönd Eyrbyggja,
*Gísli Karel Halldórsson,*
*formaður Eyrbyggja starfsárin 1999–2003.*

*Árni Hallgrímsson frá Vík*

# Á góðri stund

Á góðri stund er glatt á hjalla,
Grundarfjörður fagur skín.
Gleður marga konu og kalla
kunnuglegu fjöllin þín.
Aldan leikur létt við steina,
lyftir sér í kvöldsins ró.
Fagurbúið Fellið eina
fagra kvöldsól að sér dró.

Nú eru víða vina fundir,
vafið örmum, klapp á bak.
Alltof hraðar allar stundir,
aðeins bara andartak.
Fagna margir fornir vinir
fyrrum hér í starfi og leik,
yndis mær og aldnir hlynir
eru komnir hér á kreik.

Kliður minnkar, kvöldið búið,
kannski falla nokkur tár.
Bráðum er til baka snúið,
boðuð koma næsta ár.
Fækkar vinum, fjölgar árum,
framtíðin er engum vís.
En lengi er von á köllum klárum
að koma í þessa Paradís.

*Ásgeir Guðmundsson*

# „Börn og unglingar alist ekki upp eins og hross í haga"

## *Skólahald í Eyrarsveit 1887–2002*

Fram undir lok 18. aldar fór almenn barnafræðsla hér á landi í lestri, skrift og kristindómi að mestu fram á heimilum, þar sem foreldrar voru færir um slíkt. Að öðru leyti var einhver fræðsla á vegum presta, sem var skylt að fylgjast með kristindómskunnáttu barna. Með lögfestingu fermingar árið 1736 og þeim tilskipunum, sem fylgdu í kjölfarið, m.a. tilskipun um fermingu og kristindómsfræðslu barna árið 1744 og 1746 um húsvitjun presta, var mælt fyrir um, að læsir foreldrar kenndu börnum sínum og sæju um, að þau yrðu slíkrar kennslu aðnjótandi. Einnig var gefið út konungsbréf 2. júlí 1790 um fræðslu og uppeldi barna. Í lögum frá 9. janúar 1880 „um uppfræðing barna í skript og reikningi" var m.a. kveðið á um, að prestar skyldu auk þeirrar uppfræðsluskyldu, sem þeir höfðu með höndum (þ.e. í kristnum fræðum og lestri), sjá um, að öll börn, sem til þess væru hæf að áliti prests og meðhjálpara, lærðu að skrifa og reikna. Kennsla í reikningi skyldi að minnsta kosti vera falin í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu í heilum tugum og tugabrotum. Prestur skyldi rita árlega í húsvitjunarbókina álit sitt um kunnáttu hvers barns í skrift og reikningi, sem og hæfileika þess til bóknáms. Prófasti bar í skoðunarferðum sínum að hafa nákvæmt eftirlit með því, að svo væri gert. Ef prestur komst að því, að

unglingar á einhverju heimili nytu ekki fullnægjandi uppfræðslu, annaðhvort vegna hirðuleysis eða mótþróa húsbænda, bar honum í samvinnu við hreppsnefnd eða bæjarstjórn að gera ráðstafanir til þess, að þeim yrði komið fyrir á öðru heimili í sókninni eða utan hennar, þar sem þeir gætu fengið nauðsynlega tilsögn. Foreldrum eða fósturforeldrum var skylt að greiða kostnað, sem af þessu hlaust. Fyrir börn, sem voru á sveit, skyldi borga kostnaðinn úr sveitarsjóði. Prófastar höfðu yfirumsjón með barnafræðslu í prófastsdæmum sínum. Af því leiddi, að það kom í hlut sóknarpresta og sóknarnefnda að hafa eftirlit með barnafræðslu í sóknum sínum og sjá um, að foreldrar veittu börnum sínum þá fræðslu, sem lögboðin var.[1]

Að því er Eyrarsveit og Setbergssókn varðar, var eftir því sem næst verður komist, barnafræðsla fyrst rædd á almennum safnaðarfundi, sem haldinn var á Setbergi 23. júlí 1882 að lokinni guðsþjónustu. Sökum veikinda í sókninni og ýmissa erfiðra kringumstæðna gátu aðeins átta manns sótt fundinn, þó að hann hefði verið boðaður með 12 daga fyrirvara. Urðu fundarmenn sammála um, að vegna yfirstandandi neyðar og vandræða í sveitinni væru ekki tök á að kosta börnin á ákveðnum kennslustöðum með sérstökum kennurum. Leist fundarmönnum ráðlegra, að reynt væri að fá einhvern, sem til þess væri hæfur, til að fara á hvert heimili fyrir sanngjarna borgun og kenna börnunum, líta eftir kennslu þeirra o.s.frv. Ekkert varð úr þessum áformum, enda gengu mikil harðindi yfir allt land um þetta leyti, og þess vegna treystu sveitarmenn sér ekki til að koma á fót fastri kennslu. Hinn nývaknaða áhuga á barnafræðslu í Eyrarsveit má án efa rekja til séra Jens V. Hjaltalín, sem var alla tíð mjög áhugasamur um þetta mál, en hann tók við prestsembætti í Setbergssókn vorið 1882.[2]

Í árslok 1882 sendi séra Jens Eiríki Kúld prófasti skýrslu um „uppfræðingarástand barna í Setbergsprestakalli við húsvitjun í des. 1882." Um var að ræða börn frá sjö ára aldri til fermingar. Skýrsla þessi var ekki lögboðin, en séra Jens var þeirrar skoðunar, að hennar væri þörf, því að í manntölum voru ekki að hans dómi nægilegar upplýsingar um, hvernig uppfræðsla barna í hverju prestakalli fyrir sig var á vegi stödd. Þar var ekki getið um aðra uppfræðslu barna en bóklestur og ekkert um neinn mismun hans, nema annaðhvort að börnin væru læs eða ólæs. Prófastar áttu ekki auðvelt um vik í vísitasíuferðum sínum að ná í hvert barn til að grennslast eftir framförum þess, enda gerðu þeir það

fæstir, nema þegar um fermingarbörn var að ræða, og ef til vill þau, sem næst voru þeim að aldri. Þekking á því, hvernig uppfræðsla barna frá sjö ára aldri til fermingar var á vegi stödd, var þó að mati séra Jens öldungis nauðsynleg fyrir prófasta sem umsjónarmenn barnafræðslu í prófastsumdæmum þeirra. Í skýrslunni kom fram, að séra Jens tiltók sjö ára aldurinn sem þann, þegar barnið ætti að vera farið að sinna bóklestri, níu ára aldurinn sem þann, þegar barnið ætti að vera farið að sinna barnalærdómi, og 12 ára aldurinn sem þann, þegar það ætti að byrja að læra skrift og reikning. Hann gat þeirra barna sérstaklega í athugasemdum, sem ólust upp á sveit, enda var að mati hans ekki vanþörf á því.[3]

Séra Jens sendi prófasti aðra skýrslu í sama dúr í desember 1883, og fylgdi henni skrá yfir menn, sem höfðu kvartað við sóknarprestinn um skort á lærdómsbókum og höfðu þess vegna ekki getað látið börn sín byrja á lærdómsnámi, þó að þau hefðu aldur til þess. Þar var um að ræða átta menn í sókninni. Í áðurnefndum skýrslum var greint frá kunnáttu barnanna í bóklestri, lærdómsbókarnámi þeirra (þar var um að ræða Lærdómsbók Helga Hálfdánarsonar) og kunnáttu í fræðunum og í skrift og reikningi. Sem dæmi má nefna nokkrar umsagnir sóknarprestsins um lestrarkunnáttu barnanna, sem var misjöfn eftir aldri þeirra: allvel læs, þekkir stafi, stautar, vel læs, kveður að, lítt stautfær, dável læs, vel stautandi o.s.frv. Í skýrslunum var einnig greint frá því, hve langt börnin voru komin í lærdómsbókarnáminu og hver kunnátta þeirra var. Skriftarkunnáttu barnanna var nokkuð ábótavant, því að aðeins nokkur þeirra gátu dregið til stafs, en þó voru þau enn verr á vegi stödd í reikningi, því að einungis eitt barn kunni dálítið í þeim fræðum. Séra Jens sendi prófasti ekki fleiri skýrslur um þetta efni.[4]

Á safnaðarfundi Setbergssóknar 24. júní 1883 voru fræðslumálin rædd á nýjan leik. Séra Jens lét þá skoðun í ljós, að þótt uppfræðslu barna í Eyrarsveit væri ekki eins ábótavant og í sumum öðrum prestaköllum prófastsdæmisins, þar sem hann þekkti til, væri samt brýnt að ráða bót á henni, því að ef uppfræðslu barnanna yrði ekki sinnt framvegis, myndi hún versna frá því, sem nú væri, í stað þess að taka miklum framförum. Eftir miklar umræður urðu menn sammála um, að sóknarprestur og sóknarnefnd létu þetta mál til sín taka í samræmi við fyrirmæli konungsbréfs 2. júlí 1790 og laganna frá 9. janúar 1880, eftir því sem kostur væri á. Í framhaldi af þessu kom sóknarnefndin saman á

fundi í desember 1883 og ákvað, að fjögur börn í sveitinni, sem virtust lakast uppfrædd samkvæmt skýrslu sóknarprestsins, skyldu njóta aukinnar kennslu, annaðhvort heima fyrir, ef kostur væri á, eða þá á kennslustöðum í sveitinni á þremur nafngreindum bæjum. Var foreldrum og húsbændum barnanna skrifað og lagt fyrir þá að koma börnum sínum til kennslu á einhverjum þessara bæja. Tveir bændur tóku aðfinnslur sóknarnefndarinnar til greina og útveguðu börnum sínum aukna kennslu, en tveir sinntu þeim ekki. Frá þessu var skýrt á safnaðarfundi í júní 1884, og skoraði séra Jens alvarlega á fundarmenn, sér í lagi sóknarnefndina, að gefa máli þessu frekari gaum, þar eð við svo búið mætti ekki lengur standa, og engum ætti að haldast uppi að óhlýðnast skipun sóknarnefndinnar visvítandi í þessu efni. Fundarmenn og sóknarnefndin lofuðu að hafa betur vakandi auga með uppfræðslu barnanna framvegis, og var sóknarpresti og sóknarnefnd sem fyrr falið að gangast fyrir því.[5]

Ári síðar, í júní 1885, var enn rætt um barnafræðslu á safnaðarfundi. Séra Jens kvartaði sem fyrr undan ónógri fræðslu barna og skoraði á feður tveggja unglinga, sem höfðu verið fermdir en höfðu hvorki lært skrift né reikning en voru þó að áliti prestsins hæfir til þess, að sjá um, að úr þessu yrði bætt næsta vetur. Lofuðu feðurnir því. Eftir langar umræður var ákveðið, að sóknarnefnd héldi fund þá um haustið og gerði þá ítarlegri ráðstafanir um uppfræðslu barnanna eftir ráðum og að undirlagi prestsins og með tilstyrk hreppsnefndar að því er varðaði börn, sem voru á framfæri sveitarinnar. Þrátt fyrir þessar samþykktir breyttist barnafræðslan í Eyrarsveit ekki til batnaðar, og þar kom, að kristilegt langlundargeð séra Jens V. Hjaltalíns þraut með öllu. Á safnaðarfundi í júní 1887 var enn rætt um uppfræðslu barna í sveitinni, en henni var að mati séra Jens mjög ábótavant þrátt fyrir ítrekaðar áminningar hans. Séra Jens setti það sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því að ferma börn framvegis, að þau hefðu auk nægrar kunnáttu í kristindómi fengið talsvert yfirlit yfir biblíusögur Balslevs hinar minni, þannig að þau gætu svarað út úr þeim hvar sem væri. Auk þess krafðist séra Jens þess, að betur yrði farið eftir lögum frá 9. janúar 1880, að því er varðaði kennslu í skrift og reikningi, en raun hafði orðið á. Skilyrði þau, sem séra Jens setti, giltu einnig um börn, sem voru alin upp á sveit, ella yrðu þau ekki fermd undir neinum kringumstæðum.[6]

Nokkru síðar herti séra Jens á kröfum sínum um uppfræðslu barna í sveitinni með eftirfarandi yfirlýsingu:

1. *Að jeg ekkert barn mun taka til fermingar, nema það hafi lært alla lærdómsbók Helga Hálfdánarsonar eður aðrahverja hinna eldri lærdómsbóka, og þar að auki biflíusögur Balslevs og kunni þetta hvorttveggja vel og skilji að nokkru leyti.*
2. *Að ekkert barn verður hjereptir fermt, nema það sje full-læst (þ.e. geti lesið hverja bók viðstöðulaust á óbrotnu íslensku máli).*
3. *Að ekkert barn verður fermt, sem ekki hefur gengið til mín til yfirheyrslu í barnalærdómi, skript og reikningi að minnsta kosti frá byrjun lönguföstu einusinni í viku hverri og tvisvar í viku hverri frá páskum.*
4. *Að ekkert barn verður fermt, sem ekki hefur lært að skrifa læsilega rithönd, og í reikningi 4 höfuðgreinir í heilum tölum og tugabrotum, nema sjerlegt gáfnaleysi hamli, er þá verður að rannsakast af mér og sóknarnefndinni í sameiningu.*
5. *Að jeg hlífðarlaust mun kæra fyrir prófasti og sýslumanni foreldra, fósturforeldra eða húsbændur sem vanrækja uppfræðingu barna þeirra sem þeim er fyrirtrúað, sjer í lagi verði þau ekki fermingarfær 14 ára, og jafnframt skora á hlutaðeigandi hreppsnefnd að ráðstafa börnum þeirra upp á kostnað hlutaðeiganda.*
6. *Að öll þau mótmæli, er hafin yrðu gegn þessari reglu, verða tafarlaust kærð fyrir viðkomandi yfirvöldum.*[7]

Séra Jens var svo harður í horn að taka, að sóknarnefnd og hreppsnefnd sáu sæng sína uppreidda, og var samþykkt á almennum fundi í Eyrarsveit haustið 1887 að koma á fót skipulagðri barnakennslu í sveitinni. Guðlaugur Guðmundsson frá Innra-Leiti á Skógarströnd, sem hafði nýlega útskrifast frá búnaðarskólanum í Ólafsdal, var staddur á fundinum, og gaf hann kost á sér til starfans og var ráðinn. Í bréfi til Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal, sem dagsett er 21. janúar 1888 á Berkserkseyri, lýsir Guðlaugur kennslu sinni í Eyrarsveit á þessa leið:

*Jeg vék hingað til Eyrarsveitar um veturnætur næstliðið haust, og hefi jeg dvalið hér síðan við barnakennslu eins og ákveðið var. Allstaðar er jeg vel látinn, og er því líðan mín hin besta hér, sem hún hefir verið síðan jeg fór frá þér. Jeg er ekki enn farinn að finna skort á, að nægilegt sé til af bókviti í höfðinu á mér fyrir ungdóminn hérna, en það þarf nú fremur lítils við, því ungdómsfræðsla er hér um pláss í minna lagi við það sem vanalegt er í öðrum sveitum. Bókleg menntun fullorðinna er að sínu leyti eins.*



*Setbergskirkja og prestssetrið.*

Vorið 1888 skrifaði Guðlaugur Torfa Bjarnasyni á ný um kennslu sína í Eyrarsveit í bréfi, sem var dagsett 24. maí 1888 í Neðri-Lág:

> *Jeg er nú þá og þegar klár við kennslustörf mín hér í sveit, hefur það gengið fremur blessunarlega fyrir mér, þar eð jeg veit ekki annað en allir eða flestir séu ánægðir með mig, og hingað í sveit er jeg ráðinn næstkomandi vetur til hins sama.*[8]

Þegar kennslunni lauk vorið 1888, samdi séra Jens V. Hjaltalín skýrslu um hana, sem er dagsett 31. mars 1888, og sendi prófastinum í Snæfellnessýslu, séra Eiríki Kúld. Sóknarnefndarmennirnir Kristján Þorsteinsson, Guðmundur Aþanasíusson og Jakob Jónsson rituðu nöfn sín undir skýrsluna henni til staðfestingar. Í henni kom fram, að Guðlaugur Guðmundsson kenndi samtals 17 börnum af 10 bæjum í Eyrarsveit veturinn 1887-88. Þau voru Lárensína Lárusdóttir og Eggert Kristján Lárusson á Berkserkseyri, Kristján Jónsson og Vilborg Jónsdóttir í Móabúð, Elís Gíslason í Vatnabúðum, Olgeir Oliversson í Gröf, Bæring Sigurbjarnarson og Ásgerður Sigurbjarnardóttir í Kirkjufelli,

Páll Haraldsson í Hellnafelli, Geirmundur Gíslason í Krossnesi, Kristján Matthíasson í Neðri-Lág, Þórður Matthíasson, Sigríður Matthíasdóttir og Hómfríður Matthíasdóttir á Skerðingsstöðum og Guðrún Hallgrímsdóttir og Kristjana Helgadóttir í Látravík. Nemendurnir voru á aldrinum 10-15 ára, og var kennslutími hvers þeirra á bilinu 1-4 vikur. Kennslugreinar voru lestur, skrift og reikningur. Þetta var farkennsla, og virðist kennarinn hafa kennt á öllum þeim bæjum, sem nemendurnir áttu heima á nema í Hellnafelli.[9]

En hver voru þau kjör, sem fyrsti barnakennarinn í Eyrarsveit naut, og við hvaða aðstæður stundaði hann kennsluna? Um það má fræðast af bréfi séra Jens Hjaltalín til landshöfðingja í apríl 1888, þar sem presturinn sótti um styrk af fjárlögum handa Guðlaugi Guðmundssyni. Bréf þetta er hið fróðlegasta, og þar segir m.a. á þessa leið:

> *... gaf búfræðingur Guðlaugur Guðmundsson ... kost á sjer til að framkvæma kennslu þessa með þeim kjörum, er voru hin ljettbærustu fyrir jafn-fátækt sveitarfjelag sem Eyrarsveit er, en allt of lítilfjörleg fyrir hann, sem barnakennara: að fá enga aðra þóknun fyrir starfa sinn en að eins fæði og húsrúm hjá þeim, er kennslan framfór hjá. Þessum starfa hefur hann gegnt mestan hluta vetrarins með stakri nákvæmni, lipurleika og þolinmæði, þar sem við miður uppfrædd og tornæm börn var víðast að eiga, og aðbúnaður, sem vænta má hjá sárfátækum, eigi hinn ákjósanlegasti, og árangurinn af kennslunni hefur, þegar allra atvika er gætt, víðast hvar orðið talsverður og langtum meiri en við var að búast. ... Nú með því það er ljóst, að velnefndur búfræðingur ekki hefur fengið þau laun fyrir vinnu sína, sem honum báru með rjettu, en sveitarmenn hinsvegar svo fátækir, að þeir ekki geta neina aukaborgun af hendi látið, leyfi eg mér í undirgefni að fara þess á leit, að yður, herra Landshöfðingi mætti þóknast, af fje því, sem í fjárlögunum ... er ákvarðað handa sveitakennurum, að veita velnefndum búfræðingi styrk til jafns við aðra þesskonar kennara í sveitum, og treysti eg hinni heiðruðu sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem er ástæðum beiðni þessarar að nokkru kunnug, til þess að hún veiti henni sín bestu meðmæli.*[10]

Í áðurnefndu bréfi til Torfa Ólafssonar 21. janúar 1888 fór Guðlaugur Guðmundsson svofelldum orðum um hugsanlegan styrk til sín af opinberu fé:

> *Presturinn í Eyrarsveit hefir nú skrifað landshöfðingja bréf þess efnis að fá peninga handa mér sem umferðarkennara af því fje, sem fjárhagsnefndin hefir úthlutað til uppfræðingar ungdómi. Jeg vildi nú gjarnan, að honum tækist þetta blessuðum klerkinum, en það er ekki ætíð sopið kálið, þó í ausuna sé komið."*

Eitthvað virðist hafa skolast til hjá Guðlaugi um styrkumsóknina til landshöfðingja, því að séra Jens skrifaði bréfið ekki fyrr en 20. apríl. Af orðum Guðlaugs má einnig ráða, að hann hafi verið frekar vondaufur um, að styrkurinn fengist. Á aðalsýslunefndarfundi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um mánaðamótin apríl-maí 1888 var tekin fyrir beiðni fjögurra hreppa á Snæfellsnesi, Neshrepps utan Ennis, Staðarsveitar, Helgafellssveitar og Eyrarsveitar um styrk til sveitakennara. Sýslunefndin mælti með því við landshöfðingja, að hver kennari fengi 50 krónur í sinn hlut, en niðurstaðan varð sú, að Guðlaugur Guðmundsson og aðrir kennarar, sem áttu í hlut, fengu 35 króna styrk fyrir kennsluna veturinn 1887-88.[11]*

Um þetta leyti sáust þess merki, að yfirvöld reyndu að sjá til þess, að áðurnefndum lögum frá 1890 um uppfræðslu barna í skrift og reikningi væri hrint í framkvæmd. Til marks um það er umburðarbréf, sem Sigurður Jónsson, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sendi öllum hreppsnefndum í sýslunni í desember 1887. Sýslumaður benti á, að samkvæmt 4. gr. laganna væri hreppsnefndum skylt að gera ráðstafanir í samvinnu við hlutaðeigandi sóknarprest, til að unglingum þeim í hreppnum, sem nytu ekki fullnægjandi kennslu í skrift og reikningi, annaðhvort vegna hirðuleysis eða mótþróa húsbænda, yrði komið fyrir fyrir svo lengi sem þyrfti á öðru heimili í sókninni eða utan hennar, þar sem þeir gætu fengið nauðsynlega tilsögn, á kostnað foreldra eða fósturforeldra að viðlögðu lögtaki, sem borga mætti fyrirfram úr sveitarsjóði, og að börn, sem væru á sveit, nytu að öllu leyti sömu uppfræðslu. Af þessu tilefni skoraði sýslumaður á allar hreppsnefndir í sýslunni að senda sér sem fyrst skýrslur um, hvað hreppsnefndir hefðu gert á árinu 1887 til að framfylgja lögunum. Jafnframt brýndi hann fyrir öllum hreppsnefndum að ganga stranglega og hlífðarlaust eftir því framvegis, að fyrirmælum laganna yrði framfylgt dyggilega, þannig að hirðulausum húsbændum héldist ekki upp afskiptaleysi í þessu efni, og að börn, sem væru á sveit, nytu sömu uppfræðslu í skrift og reikningi og önnur börn.[12]

* Þess má geta í framhjáhlaupi, að í bréfi Guðlaugs er einnig að finna eftirfarandi fróðleik: „Hér var að minni uppástungu stofnað sveitarblað í haust, sem hlaut skírn, og nafnið, Framtíðin. Hún á að koma út síðasta virkan dag í mánuði hverjum. Ritstjóri hennar er Stefán í Grundarfirði en ritari séra Jens, en mér þykir nú þettað ganga á trjefótum hjá þeim samt." Að því er best er vitað, fer engum frekari sögum af sveitarblaði þessu.

Að aflokinni messugerð á Setbergi 1. apríl 1888 var m.a. rætt um barnafræðsluna í sveitinni á aukasafnaðarfundi í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hafði um veturinn. Flestir fundarmenn voru þeirrar skoðunar, að hópkennsla væri haganlegust, en nokkrir bændur hreyfðu andmælum og kváðust allt að einu geta látið uppfræða börn sín heima, enda hefðu þeir vald til þess þrátt fyrir mótmæli prests og sóknarnefndar, ef þeir ábyrgðust, að börnin væru eins vel að sér og þau, sem nytu hópkennslu. Eftir nokkrar umræður bauðst Stefán Daníelsson á Grund til að taka kennarann og 10 börn í sex vikur fyrir vætt í kindum og fiski og 3 kr. í peningum eða reikningi fyrir hvert barn, alls 10 vættir og 30 kr., og skyldi þessi kennsla vera fyrir börn í Framsveit. Það var sameiginlegt álit fundarmanna, að þetta væri vel boðið og það væri skylda hlutaðeigandi að láta börn sín til kennslu á þennan hátt, nema því aðeins að þeir gætu ábyrgst, að börnin yrðu eins vel að sér á annan hátt. Fundarmenn samþykktu að taka tilboðum, sem höfðu borist um kennslustaði, þannig að 10 börnum yrði kennt á Grund, átta börnum yrði kennt í Kirkjufelli og þeim, sem eftir voru, yrði kennt á Kvíabryggju, Skerðingsstöðum og í Neðri-Lág. Sem fyrr segir, var Guðlaugur Guðmundsson ráðinn kennari veturinn 1888-89. Hann gaf kost á sér með þeim skilmálum, að ef sú þóknun, sem sveitakennurum var ætluð á fjárlögum, brygðist honum framvegis, þá féllust sveitarmenn á að greiða honum nokkra aukaþóknun fyrir starfa hans, sem hann vildi þó láta menn sjálfráða um. Féllust fundarmenn á þetta og lofuðu að ábyrgjast það, ef á þyrfti að halda.[13]

Ekki tókst að hefja kennslu á tilsettum tíma haustið 1888. Stefán Daníelsson stóð ekki við loforð sitt að taka kennarann og 10 börn í sex vikur inn á heimili sitt á Grund, og hreppsnefnd og sóknarnefnd skiptu sér ekki af því, þó að kennsla væri ekki hafin. Þeir, sem höfðu lofað að taka kennarann, kváðust fæstir geta gert það fyrr en eftir nýár. Guðlaugur kennari var fyrir bragðið í reiðileysi, og fékk hann inni á Setbergi hjá séra Jens. Presturinn var ekki ánægður með gang mála og hafði á orði í bréfi til Eiríks Kúld prófasts að kæra sóknar- og hreppsnefnd fyrir honum og yfirvöldum. Séra Jens tókst hins vegar með harðfylgi að koma kennslunni af stað. Þegar henni lauk vorið 1889, gengust börnin og unglingarnir, sem hennar höfðu notið (þau voru á aldrinum 10-16 ára), undir próf, sem fór fram á Setbergi 15. maí. Alls gengust 11 nemendur undir prófið, en í bréfi, sem Guðlaugur Guðmundsson skrifaði Torfa Bjarnasyni

2. maí 1889 á Kverná, kom fram, að nemendur hans höfðu verið á milli 20 og 30 um veturinn. Börnin voru prófuð í bóklestri, lærdómsbók (kunnáttu og skilningi), biblíusögum, skrift og reikningi. Prófdómarar voru þeir Stefán Daníelsson á Grund og séra Jens V. Hjaltalín. Einkunnir voru gefnar í þrennu lagi, af kennaranum og báðum prófdómurunum og meðaltal tekið af þeim. Prófið fór fram í heyranda hljóði að viðstöddum þeim, sem vildu hlýða á. Það stóð yfir frá kl. 11 fyrir hádegi til kl. 5 síðdegis.[14]

Séra Jens sótti sem fyrr til landshöfðingja um styrk til handa Guðlaugi Guðmundssyni vegna kennslunnar veturinn 1888-89, og kom fram í umsókninni, að kjör kennarans voru hin sömu og veturinn áður:

*[hann] hefur átt við hina sömu örðugleika að berjast sem í fyrra, nefnilega skort á góðu húsrúmi og nægilegum áhöldum til kennslunnar, þar eð aðstandendur barnanna eru flestir fátækir og hafa ekki getað haft þetta í því ásigkomulagi, sem þörf hefði á verið. Auk alls þessa hefur hann eins og í fyrra enga borgun fengið fyrir þennan starfa sinn en fæðið, og naumast aðra aðhlynningu, svo fullkomin getið heitið.*

Séra Jens Hjaltalín lauk sem fyrr lofsorði á Guðlaug og sagði hann hafa lagt sig allan fram, til að kennslan færi sem best úr hendi, enda hefði hún talsvert og framar öllum vonum bætt úr þeim uppfræðingarskorti, sem verið hefði í sveitinni, svo að útlit væri fyrir, að unnt væri að undirbúa talsvert fleiri börn undir fermingu. Kennslan bar m.a. þann árangur, að mörg þeirra barna, sem var vísað frá fermingu vorið 1888 vegna kunnáttuleysis, var nú unnt að ferma. Orðið var við styrkbeiðninni, og fékk Guðlaugur 30 króna styrk fyrir kennsluna veturinn 1888–89. Árið 1889 setti Alþingi þau skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara, að kennarinn væri ráðinn til starfans af hreppsnefnd eða sóknarnefnd og hagaði störfum sínum eftir samkomulagi við nefndina, og að hann kenndi auk kristindóms og lesturs skrift, reikning og réttritun. Umsóknum um styrk til sveitakennara skyldu jafnan fylgja nákvæm skýrsla um kennsluna, þ.e. um fjölda nemenda, hvað hverjum þeirra hefði verið kennt og hve lengi hver þeirra hefði notið kennslunnar, svo og vottorð hlutaðeigandi prests um framfarir nemendanna og ennfremur meðmæli hlutaðeigandi sýslunefndar. Umsóknir um styrk úr landssjóði átti að stíla á landshöfðingja og senda stiftsyfirvöldum svo tímanlega, að þær væru komnar til þeirra fyrir



Að sýslumaður Sigurður Jónsson hafi í dag
borgað mér 30 kr. - sem eru
styrkr úr landssjóði veittr mér
1889 fyrir barnauppfræðingu
það vottast hermeð

Stkh. þ. 28. jan 1890.

Gudl. Gudmundsson

(unglingakennari í Eyrarsveit)

*Kvittun Guðlaugs Guðmundssonar fyrir kennslustyrk veturinn 1888-89.*

lok júnímánaðar ár hvert, og áttu að fylgja þeim nákvæmar skýrslur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind voru hér að framan.[15]

Haustið 1889 horfði ekki vænlega um barnakennslu í Eyrarsveit. Séra Jens V. Hjaltalín skrifaði Eiríki Kúld prófasti bréf í október 1889 og lét í ljós þá skoðun, að barnauppfræðslunni í sveitinni væri mjög ábótavant og hún væri langt frá því, sem gert væri ráð fyrir í hinum nýju fræðslulögum. Yrði því ekki hjá því komist, að regluleg barnakennsla með settum, duglegum kennara færi fram í sveitinni þá um veturinn. Vegna strjálbýlis í sveitinni víðast hvar sem og þess, að fá börn voru á hverjum bæ, taldi séra Jens, að umferðarkennsla, þ.e. að kennarinn væri viku eða hálfan mánuð á hverjum bæ í þröngum og dimmum húsakynnum, yrði harla gagnslítil. Heimakennsla væri allsendis ómöguleg


Þar eð barnauppfræðingu hjer í prestakallinu er mjög svo ábótavant, og hún er langt frá því, sem hin nýju uppfræðingarlög ætlast til, virðist ekki verða hjá því komist, að regluleg barnakennsla með settum duglegum kennara framfari hjer á næsta vetri. Vegna strjálbyggðar sveitarinnar víða hvar, sem og hins, að fá börn eru á hverjum bæ, sýnist, að umferðarkennsla, þannig að kennarinn sje viku eður hálfsmánaðartíma á bæ í þröngum og dimmum húsakynnum, verði harla gagnslítil, en heimakennsla allsendis ónógileg hjá foreldrum eða húsbændum sem lítið þekkja í skript og ekkert í reikningi, og enginn kennari er fáanlegur til, að takast á hendur kennslu með þessu móti, hefi eg, til þess sveitin ekki fyrir þessar sakir yrði kennaralaus, skorað á viðkomandi sóknar- og sveitarnefnd að eiga góðan hlut að því, að regluleg flokkakennsla gæti framfarið á

*Bréf séra Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúlds prófasts 22. okt. 1889 um barnafræðslu í Eyrarsveit.*

hjá foreldrum eða húsbændum, sem kynnu lítið í skrift og ekkert í reikningi, og enginn kennari væri fáanlegur til að takast á hendur kennslu með þessu móti. Til þess að sveitin yrði ekki fyrir þessar sakir kennaralaus, skoraði séra Jens á sóknarnefnd og hreppsnefnd að stuðla að því, að regluleg hópkennsla gæti farið fram á þeim stöðum í sveitinni, þar sem húsrými væri gott. Þessar

margítrekuðu áskoranir báru engan árangur, og einnig höfðu foreldrar eða húsbændur barnanna engan gaum gefið áskorunum séra Jens að ráða kennara eða útvega börnum sínum kennslu. Prestur kvaðst ekki geta þolað þessa þrjósku og hirðuleysi og óhlýðni við gildandi lög og leitaði ásjár prófasts í þessum vandræðum.[16]

Málavextir í sambandi við kennararáðningu haustið 1889 voru þeir, að séra Jens hafði í hyggju að ráða Guðlaug Guðmundsson sem kennara þá um veturinn, en sóknarnefnd og hreppsnefnd vildu ekki fallast á það. Leið svo nokkuð fram á vetur, að horfur voru á, að sveitin yrði kennaralaus. Þá gerðist það, að Guðmundur Aþanasíusson oddviti hitti Torfa Jörgen Tómasson úti á Brimilsvöllum og réð hann sem kennara. Tókust þeir samningar, að Torfi skyldi kenna í þrjá mánuði og hafa 10 kr. í kaup á mánuði eða eina á loðna og lembda á mánuði, ef ekki yrði af peningagreiðslum. Varð hið síðarnefnda niðurstaðan, þar sem ekki gat verið um peningagreiðslu að ræða. Þegar samningur við kennarann lá fyrir, skrifaði séra Jens útsveitarmönnum og bað þá að láta vita, hve lengi hver þeirra vildi hafa kennarann, svo að sóknarnefndin gæti skipulagt kennsluna. Þá kom á daginn, að útsveitarmenn höfðu ráðið Guðlaug Guðmundsson fyrir kennara þar. Lét sóknarnefnd við það sitja, og hófst kennslan í janúar 1890. Var henni skipt þannig, að Torfi J. Tómasson kenndi í Framsveit frá 2. janúar til 2. apríl, alls 12 vikur á þessum bæjum: Móabúð, Vatnabúð, Suður-Bár og Berserkseyri og í Útsveit á Hellnafelli. Guðlaugur Guðmundsson kenndi frá sama tíma til 30. apríl á þessum stöðum í Útsveit: Neðri-Lág, Skerðingsstöðum og Kvíabryggju. Kennslugreinar voru lestur, lærdómsbók, biblíusögur og reikningur. Að auki kenndi Guðlaugur einnig í Neshreppi innan Ennis um veturinn. Vorið 1890 var haldið opinbert próf yfir börnum þeim, sem nutu kennslunnar, að viðstöddum báðum kennurunum, sóknarpresti og sóknarnefnd, og fór það fram 30. apríl. Í umsókn til landshöfðingja um kennslustyrk komst séra Jens Hjaltalín m.a. svo að orði:

*Þessir 2 barnakennarar hafa kennt hjer í í sveitinni fullan 6 mánaða tíma samtals með hinum besta árangri eptir því, sem ástæður láu til, þar sem víða um sveitina varð að fara og kenna að eins stuttan tíma í hverjum stað, því reglulegri flokkakennslu verður hjer ekki á komið vegna fátæktar sveitarmanna ... leyfum vjer oss að beiðast þess, að Eyrarsveit, eins og að undanförnu verði aðnjótandi hlutdeildar í þeim opinbera fjárstyrk, sem lagður er til umferðarkennara, og það því fremur sem annar hinna ráðnu kennara hefur áskilið sjer og verið lofað talsvert hárri*

*þóknun auk fæðis og húsrúms, sem fátækum aðstandendum barnanna verður ókleyft að borga, án talsverðs styrks af opinberu fje, og hinn jafnframt áskilið sjer helfing þessa styrks.*

Kennararnir fengu 60 króna styrk af fjárlögum, og var honum skipt þannig á milli þeirra, að Guðlaugur fékk 20 kr. og Torfi 40.[17]

Þegar kom að því að ráða kennara haustið 1890, urðu Eyrsveitungar ekki sammála um það, hvern skyldi ráða. Sumir vildu ráða Guðlaug Guðmundsson, bóndi í Útsveit vildi ráða Eyjólf Magnússon, sem kunnur er undir auknefninu „ljóstollur", og enn aðrir, þar á meðal séra Jens Hjaltalín og nokkrir bændur í Framsveit, vildu ráða Torfa J. Tómasson. Hann hafði að dómi séra Jens reynst góður kennari og best fallinn til barnakennslu af þeim kennurum, sem verið höfðu í Eyrarsveit. Eftir langar umræður var Torfi ráðinn kennari í sex mánuði, og skyldi hann hafa 10 kr. í peningum fyrir hvern mánuð. Undir þennan samning skrifaði öll hreppsnefndin, sömuleiðis allir sóknarnefndarmenn og hreppstjórinn og sýslunefndarmaðurinn, sem var einn og sami maðurinn. Torfi J. Tómasson hóf kennsluna 1. október, en þá kom í ljós, að tveir bændur í Útsveit höfðu ráðið Guðlaug Guðmundsson að nýju, og bóndinn á Krossnesi lét kennarann fara frá sér eftir viku og tók Eyjólf Magnússon fyrir kennara um fimm vikna skeið haustið 1890. Af þessu hlutust vandræði með skipulagningu kennslunnar, og varð að breyta kennsluáætluninni. Torfi J. Tómasson kenndi í Útsveit fram til jóla en í Framsveit eftir áramót. Hinn 26. mars 1891 var haldið opinbert próf að Setbergi yfir 15 börnum úr sveitinni, sem höfðu notið kennslu Torfa J. Tómassonar þá um veturinn. Prófdómarar voru auk kennarans séra Jens V. Hjaltalín og Guðlaugur Guðmundsson, búfræðingur á Fróðá. Auk þess voru viðstaddir sem vitundarvottar tveir sóknarnefndarmenn, Jakob Jónsson á Hallbjarnareyri og Kristján Þorvaldsson í Norður-Bár. Börnin voru ýmist prófuð í fimm, fjórum eða þremur námsgreinum. Samkvæmt tillögu stiftsyfirvaldanna veitti landshöfðingi Torfa J. Tómassyni 50 króna styrk fyrir kennslu hans veturinn 1890–91, en það var sýnd veiði en ekki gefin, því að Sigurður Jónsson sýslumaður gerði sér lítið fyrir og lagði hald á peningana vegna skulda Eyrarsveitar við sýslusjóð.[18]

Sem dæmi um þá erfiðleika, sem var við að etja í sambandi við barnafræðslu í Eyrarsveit, má nefna, að í húsvitjunarferð í Útsveit í október 1890 komst séra Jens V. Hjaltalín að raun um, að fimm börn fyrir utan Stöð þurftu að komast



Undirskrifaður kennari í Eyrar-
sveit hefi móttekið kennarakaup mitt
fyrir veturinn 1889-90 af herra oddvita
Guðmundi Athanasíussyni í Grund
Kr 40,00 fjörutíu krónur. Vottast hjermeð

p. t. Grund 13 dag febr 1891
Torfi J Tómasson

Kr 40,00

Að Hreppsnefndar Oddviti
Guðmundur Athanasíusson á Grund
hafi í dag borgað mjer kennarastyrk
minn fyrir árið 1889-90. að upphæð
20. Kr. það viðurkennist hjer með
p.t. Kötluholti 15/2 91

20 Kr Guðlaugur Guðmundsson

Hjer með til kynnist yður herra Sýslumaður
að eg undirskrifaður hef borgað til Barnakennaranna
Torfa J. Tómassonar og Guðlaugs Guðmundssonar
kennarastyrk þeirra fyrir árið 1889-90. að upphæð 60 Krónur
eins og hjá lagðar kvittaningar sína

Grund 22/2. 91

Guðmundur Athanasíusson
(p.t. oddviti)

*Kvittanir fyrir kennslustyrk til Torfa J. Tómassonar og Guðlaugs Guðmundssonar veturinn 1889-90.*

þegar í stað í stranga kennslu, en því varð ekki við komið sökum fátæktar viðkomandi án íhlutunar hreppsnefndar. Að mati séra Jens voru þessi fimm börn, einkum þau tvö elstu, svo illa að sér, að ekki mátti við una. Hann skoraði þess vegna á oddvitann í Eyrarsveit að sjá til þess, að þau gætu fengið stöðuga kennslu til næstu jóla. Þessi tilmæli séra Jens báru engan árangur, og ítrekaði hann í bréfi til oddvitans í febrúar 1891, að börnunum yrði útveguð kennsla, það sem eftir var vetrar.[19]

Nokkuð fer tvennum sögum af barnakennslunni í Eyrarsveit veturinn 1891–92. Á safnaðarfundi í lok ágúst 1891 var rætt um barnakennslu næsta vetur, og voru flestir á því máli að ráða þyrfti kennara. Var ákveðið að semja við Torfa J. Tómasson um kennslu og kaup, ef hann fengist til starfans, og var sóknarnefnd falið að gangast fyrir því. Í bréfi séra Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts í janúar 1992 kvaðst prestur ekki geta látið prófasti í té skýrslu um kennsluna í sveitinni, því að enginn umferðarkennari væri þar. Sóknarnefnd hefði alls ekkert gert í þá átt, en Torfi J. Tómasson hefði kennt á tveimur bæjum, hálfan mánuð á hvorum eftir samkomulagi við hlutaðeigendur, og hann fengist líklega eitthvað meira við kennslu en óvíst hve lengi. Að sögn séra Jens treystu menn sér ekki að ráða dýra umferðarkennara vegna þess, hve lágan kennslustyrk sveitin fengi. Flestir sveitarmenn væru ekki betur efnum búnir en svo, að þeir gætu ekki borgað kennara önnur laun en fæði. Þar að auki teldi hreppsnefnd engan grundvöll fyrir því að ráða kennara upp á þau býti, að sýslumaður hirti kennslustyrk þann, sem Eyrarsveit væri úthlutað, upp í ógreidd gjöld til sýslusjóðs, en kennarinn yrði síðan að ganga að hreppsnefndinni með laun sín. Í umsókn í apríl 1892 frá Torfa J. Tómassyni til landshöfðingja um kennslustyrk kom fram, að hann hafði verið umferðarkennari í Eyrarsveit allan veturinn frá 14. nóvember, og var gert ráð fyrir, að kennslunni lyki 14. maí. Umsókninni fylgdu skýrslur um próf, sem var haldið yfir átta börnum 10. mars 1892, og um vorpróf, sem var haldið 16. apríl yfir 18 börnum af 14 bæjum. Í vottorði frá séra Jens V. Hjaltalín kom fram, að Torfi hafði gegnt kennslunni:

*með allri þeirri kostgæfni, samviskusemi og vandvirkni, sem til þess útheimtist; að hann með hógværð og lipurleika hafi fremur öllum vonum, sigrazt á hindrunum þeim, sem gáfnatregleiki barnanna, og ef til vill óþjálleiki hlutaðeigenda, hafa gjört á árangri kennslunnar, og að börnin sjálf hafi, eins og prófskýrslur sýna, tekið þeim*

*þekkjanlegum framförum, að fá, eða ef til vill fæst þeirra barna, er á framfæri komast í vor, mundu hafa orðið hæf til þess, ef þau ekki hefðu notið tilsagnar hjá honum þennan vetur. Vil eg því fastlega leggja það til, að hann njóti hlutdeildar í kennslustyrk af opinberu fje, fullkomlega móts við aðra sveitakennara.*

Meðmælin báru þann árangur, að stiftsyfirvöldin yfir Íslandi lögðu til við landshöfðingja, að Torfi J. Tómasson fengi 50 króna kennslustyrk, og féllst landshöfðingi á það. Af heimildum verður ekki ráðið, hvort Torfi fékk styrkinn eða hvort sýslumaður lagði hald á peningana.[20]

Engin kennsla var í Eyrarsveit veturinn 1892–93, en veturinn 1893–94 kenndi Þórður Ó. Thorlacius, búfræðingur úr Ólafsdalsskóla, 23 börnum þar í sex mánuði. Kennslan hófst í október og lauk í apríl. Börnin, sem nutu kennslunnar, voru öll innan fermingar nema tvö, og flest voru á aldrinum 8–12 ára. Kennt var á sex bæjum í sveitinni hálfan mánuð og upp í einn og hálfan mánuð á hverjum kennslustað. Flestum börnum var kennt á Hallbjarnareyri, sex alls, og komu þau af öðrum býlum þar í grennd. Sóknarnefndarmennirnir þrír gáfu Þórði það vitnisburð, að hann hefði *„stundað kennsluna með iðni og lipurð, og börnin tekið góðum framförum."* Séra Jens V. Hjaltalín gaf kennaranum einnig sams konar vitnisburð. Vegna þungbærra veikinda í sveitinni varð að fella niður hið opinbera próf yfir börnunum, sem venja var að halda á vorin, segir í vottorði séra Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja seint í apríl 1894. Í bréfi séra Jens til prófasts í byrjun maí sama ár kemur fram, að boðað var til opinbers prófs, sem halda skyldi að Setbergi 4. maí. Þann dag mættu 11 börn úr sveitinni, og þar eð þau þóttu vera svo lítill hluti þeirra barna, sem höfðu notið kennslunnar um veturinn, og þar sem kennarinn kom ekki til prófsins, var ákveðið að prófa að þessu sinni aðeins þau fimm fermingarbörn, sem mætt voru, í öllu því, sem þau höfðu lært, en hin sex aðeins í bóklestri, án þess að gefa þeim prófvitnisburð sérstaklega. Kennslugreinarnar voru hinar sömu og áður, bóklestur, lærdómsbókin, biblíusögur, skrift og reikningur. Þá var einnig ákveðið, að niðurröðun barnanna við ferminguna 24. maí skyldi vera sú, sem þau hlytu eftir vitnisburðum þeirra við prófið, og að það barn yrði ekki álitið hæft til að fermast, sem ekki hlyti aðaleinkunnina „vel" að minnsta kosti á prófinu. Þórður Ó. Thorlacius fékk 50 króna kennslustyrk úr landssjóði, og nú var sú breyting orðin á, að sýslumaður greiddi kennaranum styrkinn frá hinu opinbera refjalaust, enda var kominn nýr sýslumaður í

Stykkishólmi, Lárus H. Bjarnason. Engin barnakennsla var í Eyrarsveit veturinn 1894–95, en Þórður Ó. Thorlacius, sem þá var búsettur á Kálfárvöllum, kenndi þar aftur veturinn 1895-96. Kennslan stóð frá 2. október til 2. maí og fór fram á átta bæjum. Hennar nutu 27 börn og unglingar á aldrinum 7-18 ára, og voru þau öll ófermd. Kennslugreinar voru lestur, kristindómur (kver og biblíusögur), skrift, réttritun og reikningur. Einungis fimm nemendur lærðu réttritun og átta reikning. Ekki verður séð, að Þórður hafi fengið opinberan styrk vegna kennslunnar veturinn 1895-96, þó að um hann hafi verið sótt og skýrsla um kennsluna send sýslumanni. Hugsanleg skýring á því er sú, að samkvæmt reglum um styrkveitingar til sveitakennara áttu umsóknir að hafa borist fræðsluyfirvöldum fyrir lok júnímánaðar, eins og áður hefur komið fram, en styrkumsóknin vegna kennslu Þórðar Ó. Thorlacius var dagsett 9. ágúst 1896.[21]

Skipuleg barnakennsla lá niðri í Eyrarsveit frá 1896-1909, þegar hún hófst á nýjan leik. Að vísu var rætt um það nokkrum sinnum á safnaðarfundum að halda áfram kennslu í sveitinni. Þannig urðu fundarmenn á safnaðarfundi í júní 1896 sammála um ráða kennara næsta vetur og fá helst til þess Jakob Jónsson á Eiði, ef hann gæfi kost á sér, eða annan að honum frágegnum. Ekkert var úr þessum áformum, og sömu lund fór árið 1899. Þá var samþykkt að reyna að fá Þórð Ó. Thorlacius búfræðing, sem þá dvaldist í Staðarsveit, til að taka að sér kennsluna. Hann reyndist hins vegar ófáanlegur til þess, og þar sem enginn annar kennari fékkst, varð ekkert úr þessu. Enn var minnst á uppfræðslu barna og ungmenna á safnaðarfundum 1901 og 1903, án þess að úr framkvæmdum yrði. Á seinni fundinum lagði séra Jens V. Hjaltalín til, að ráðinn yrði sveitakennari næsta vetur, því að uppfræðingu barnanna væri heldur ábótavant. Hreppstjórinn hafði þau ummæli eftir prófasti, að honum hefði alls ekki líkað miður uppfræðsla barna í Eyrarsveit heldur en þar sem skólar störfuðu. Hreppstjórinn kvaðst þó ekki vera mótfallinn því að ráða kennara, enda myndi hann nota hann sjálfur, ef hann yrði fenginn. Af því, sem segir hér að framan, er ljóst, að bágur efnahagur olli því fyrst og fremst, að kennslan féll niður. Einnig má nefna lélegan aðbúnað kennara og nemenda, erfiðar samgöngur, áhugaleysi og tregðu. Þessi vandi var sameiginlegur flestum sveitarfélögum á Snæfellsnesi um þessar mundir. Sem dæmi má nefna, að veturinn 1898-99 voru aðeins tveir farkennarar í allri Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en voru 10, þegar flest var.[22]


Hérmeð gef ég herra Stefáni Daníelssyni á Grund fullkomið umboð til að taka á móti og kvittera fyrir þær 50 kr. sem mér hafa verið veittar fyrir umferðarkennslu í Eyrarsveit, og geimdar eru hjá herra sýslumanni Lárusi Bjarnasyni Stykkishólmi.

p.t. Grund 30 desember 1894.

Þórður Thorlacius

Hinsvegar ritaðar 50 – fimmtíu – krónur eru mjer borgaðar í dag fyrir hönd Þórðar Thorlaciusar p.t. Stykkishólmi 4. jan. 1895

St. Daníelsson.

*Þórður Ó. Thorlacius veitti Stefáni Daníelssyni hreppstjóra í Eyrarsveit, umboð til að veita viðtöku kennslustyrk fyrir veturinn 1893-94.*

Eftir að farkennsla lagðist niður í Eyrarsveit, var uppfræðsla barna og ungmenna á ábyrgð foreldra þeirra og forráðamanna (húsbænda). Sóknarpresturinn fylgdist með því í húsvitjunum, að þessi mál væru í sæmilegu horfi. Þá gengu börnin til spurninga hjá prestinum í barnalærdómi, skrift og reikningi. Sá háttur var einnig hafður á í Eyrarsveit (og að líkindum annars


Hjer með votta jeg sem viðkomandi sóknar-
prestur, að búfræðingur Þórður Thorlacius hefur
haft á hendi umferðarkennslu hjer í Eyrarsveit
seinastliðinn vetur. Kennslu þessa hefur hann
vandað vel, og reynst lipur og skyldurækinn
kennari, enda hafa og börn þau, sem hann hefur
haft til kennslu, tekið góðum framförum í því,
er kennt var, og það svo, að eitt þeirra barna,
er fermd voru seinastl. vor, hefði alls ekki getað
komist til fermingar hefði það ekki notið kennslu
hans. Hann er vel að sjer í þeim greinum er
kenna skal og hefur auk þess bestu kennarahæfi-
legleika.

Setbergi 9. Ágúst 1896
J V Hjaltalín
(sóknarprestr)

*Vottorð séra Jens V. Hjaltalín um kennslu Þórðar Ó. Thorlacius*

staðar á Snæfellsnesi) frá 1891-1918, að áður en börn voru fermd, gengust þau undir opinbert próf að viðstöddum prófdómurum. Fyrirkomulag þetta mátti rekja til samþykktar, sem var gerð árið 1890 á héraðsfundi Snæfellsnesprófastsdæmis. Samkvæmt ályktun héraðsfundarins skyldi presturinn yfirheyra börnin opinberlega í bóklestri, lærdómsbókinni, biblíusögum, skrift og reikningi í viðurvist hlutaðeigandi sóknarnefndar, áður en hann staðfesti (fermdi) þau.

Skyldi nefndin gefa ásamt prestinum börnunum vitnisburð, sem sjá mætti af, hvort þau væru hæf til fermingar eða ekki. Enn fremur bar sóknarnefnd að undanskilja þau börn, sem henni virtust óhæf vegna gáfnaskorts til að geta lært skrift og reikning samkvæmt lögum 9. janúar 1880. Í framhaldi af þessari ályktun boðaði séra Jens V. Hjaltalín með umburðarbréfi til slíks prófs að Setbergi 6. júní 1891. Sem dæmi um próf af þessu tagi má geta þess, að vorið 1904 voru 11 tilvonandi fermingarbörn prófuð á Setbergi í bóklestri, kristindómi, biblíusögum, skrift og reikningi. Séra Jens V. Hjaltalín hélt prófið og gaf börnunum sjálfur einkunnir. Þar eð engin umferðarkennsla hafði verið í sveitinni um veturinn, þótti ekki taka því að hafa prófið opinbert og með prófdómurunum, eins og venja var, en hverjum, sem vildi, var gefinn kostur á að vera viðstaddur. Prófið stóð í átta klukkustundir, frá kl. 12.30-20.30. Hvert barn var yfirheyrt sér í lagi. [23]

## Barnafræðsla hefst á ný í Eyrarsveit

Hinn 1. júní 1908 gengu í gildi ný fræðslulög (lög nr. 59, 29. nóv. 1907), og leystu þau af hólmi konungsbréf frá 2. júlí 1790 og lög frá 9. janúar 1880 um kennslu barna í skrift og reikningi. Samkvæmt hinum nýju fræðslulögum bar heimilunum að annast sjálf og kosta fræðslu barna til 10 ára aldurs, og áttu börnin að vera orðin nokkurn veginn læs og skrifandi, þegar þau höfðu náð þessum aldri. Skólaskylda var frá 10 ára aldri til 14 ára. Hvert barn, sem var fullra 14 ára, átti að hafa lært að lesa móðurmálið skýrt og og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, sem það las. Það átti einnig að geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkti vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust. Það skyldi vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar, einkum þá, sem höfðu lifað á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rétt frá efni þeirra í óbundnu máli. Þá átti hvert barn, sem hafði náð 14 ára aldri, að hafa lært að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd, hafa lært í kristnum fræðum það, sem heimtað væri, að börn kynnu í þeirri grein til fermingar, og hafa lært fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem kæmu fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta. Hvert barn,

sem var orðið fullra 14 ára, átti að hafa lært að nota landabréf. Það skyldi og hafa nokkra þekkingu á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðarinnar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfu og vita, hvernig álfur lægju á hnettinum. Það átti einnig að hafa lært nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarlög. Samkvæmt hinum nýju fræðslulögum stjórnaði fræðslunefnd fræðslumálum í hverju fræðsluhéraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins.[24]

Eins og áður segir, gengu hin nýju fræðslulög í gildi 1. júní 1908, og því hefði kennsla samkvæmt þeim átt að hefjast í Eyrarsveit haustið 1908. Af því varð ekki, og þegar ekkert bólaði á framkvæmdum í því efni, var kristilegt langlundargeð séra Jens V. Hjaltalíns þrotið. Hann tók sig til í byrjun febrúar 1909 og skrifaði sóknarbörnum sínum umburðarbréf, sem var boðsent samdægurs. Hann komst m.a. svo að orði:

> Eg vil nú, áður vordagar koma, vekja athygli minna kæru sóknarbarna á því, að eins og fyrri, hefur undangengin skoðunarferð mín sannfært mig um, að uppfræðingu barna hér á heimilum [sé] mjög svo ábótavant, og teikn tímanna, sérstaklega hin nýju uppfræðingarlög, sem hér áttu að komast í framkvæmd síðastliðið vor, benda á það, að nú sé mál að rísa af löngum vanasvefni í þessu efni. Skal eg fyrst og fremst víkja þessu að húsráðendum, sem hafa ábyrgð á því, að börn og unglingar á heimilum þeirra alist ekki upp eins og hross í haga, heldur læri og iðki það, sem nytsamt er bæði fyrir líkama og sál, því það eru heimilin sjálf, sem eiga að skapa þjóðina í heild sinni, og hún, vita allir, að ekki getur haft neina andlega eða líkamlega útkomu af léttuð, kæruleysi, uppfræðingarleysi eða ósiðvendni. Þar næst má öllum kunnugt vera, að lögin hafa ekki látið mig aðstoðarlausan með því að ganga ríkt eptir bæði uppfræðingu barna og vana þeirra á heimilum, þar sem þau hafa sett mér til annarar handar hreppsnefndina og til hinnar handar sóknarnefndina, sem báðar eiga að líta eptir og ganga jafnstrangt eptir uppfræðingu og uppeldi barna og unglinga á heimili hverju, eins og sóknarpresturinn sjálfur, og láta hann vita, jafnframt og þær í öllu styðja hans málefni, ef þær verða nokkurrar óreglu varar í tilliti til uppfræðingar eða siðferðis á einstökum heimilum, og treysti eg því, að þær framvegis ekki liggi eins mikið á liði sínu í þeirri grein, eins og þær báðar hafa gjört hingað til, að undanteknum máske einum manni, sem lítið hefur getað gjört í þessari grein, af því hann hefur vantað nauðsynlegt fylgi félagsbræðra sinna.
>
> Nú er þessi uppfræðingar- og umsjónarskylda skerpt með hinum nýju uppfræðingarlögum, sem áttu að koma til framkvæmdar seinastliðið voru, en gátu ekki komist það, vegna umgefningar- og afskiptaleysis hlutaðeigenda þá, en verða nú að komast til framkvæmda í vor, hvað sem hver segir. Eptir þeim á nú að setja á stofn

> þriðju nefndina, sem nefnist fræðslunefnd, með alræðisvaldi að jeg held, því annars væri hún þýðingarlaus eins og hinar fyrri. Í henni eiga að vera 3 menn, einn kosinn úr flokki sveitarnefndar af nefndinni sjálfri, hinir tveir af öðrum sóknarmönnum, kosnir af þeim sjálfum. Eptir lögunum á nefnd þessi að hafa alla umsjón með fræðslu hinna ungu á eigin ábyrgð, og gera fyrirskipanir um allt, ráða kennara, halda próf o.s.frv. og skulu allir skyldir að hlýða hennar boði og banni í þessu.[25]

Hér var ekki töluð nein tæpitunga, enda sáu ráðamenn í Eyrarsveit þann kost vænstan að hefja barnakennslu á ný. Samkvæmt fræðslulögunum áttu þrír menn kosnir til þriggja ára sæti í fræðslunefndinni, og kaus hreppsnefnd einn þeirra, en hinir tveir voru kosnir á hreppaskilaþingi af þeim, sem atkvæðisrétt höfðu í sveitarmálum, eins og sagði í lögunum, þ.e. kjósendum. Hreppsnefndin kaus fulltrúa sinn í fræðslunefndina 31. mars 1909, og var það Illugi Stefánsson Hjaltalín í Stekkjartröð, en Þorvaldur Þórðarson á Skerðingsstöðum og séra Ólafur Stephensen á Grund voru kosnir í nefndina haustið 1909 á hreppaskilaþingi. Þá hófst skipuleg barnafræðsla á ný í Eyrarsveit. Haustið 1909 byrjaði þar farkennsla, og hafði þá engin barnakennsla verið í sveitinni frá 1896, eins og áður hefur komið fram. Kennarar voru tveir, Kristján Bjartmars 1909–11 og Magnús Stephensen 1909–13, og kenndi annar í Framsveit og hinn í Útsveit. Kennarar fram til 1945 voru Ólafur Sigurðsson 1911–12, Einarína Guðmundsdóttir 1912–13, Einar B. Kristjánsson 1913–14, Lárus Þórðarson 1913–14, Guðmundur R. Ólafsson 1914–15, Jens Hermannsson 1914–17 og 1918–19, Kr. Guðbrandsson 1915–16, Lárus Þorgilsson 1915–17, Petrína G. Sæmundsdóttir 1919–22, 1942–47 og 1950–51, Guðjón Sveinbjörnsson 1923–25, Kristján Hjaltason 1925–28 og 1932–33, Jóhannes Ó. Þorgrímsson 1928–39, Gísli Jónsson 1934–40, Unnur Hermannsdóttir 1936–38, Kristjana Benediktsdóttir Mooney 1938–39, Guðrún Hermannsdóttir 1939–42, Þórður Gíslason 1942–43, Snorri Jóhannesson 1943–44, Bergþór Finnbogason 1944–45 og Elimar Tómasson (skólastjóri) 1945–62.[26]

Einungis var um farkennslum að ræða í Eyrarsveit á árunum 1909–45, en þá var settur á laggirnar fastur skóli í Grafarnesi. Á þessu tímabili var samfelld barnakennsla í sveitinni að undanskildum árunum 1917–19 og 1922–23. Veturinn 1917–18 var engin kennsla í hreppnum en 1918–19 árangurslítil eftirlitskennsla. Ástæður þess, að kennsla féll niður á þessum árum, voru fyrst og fremst bágur efnahagur landsmanna af völdum heimsstyrjaldarinnar fyrri, m.a. mikil dýr-

tíð, og erfiðar aðstæður til kennslu í sveitinni í lélegum húsakynnum. Kennsla féll niður víða um land á árunum 1917–19, einkum í þeim sveitarfélögum, sem bjuggu við erfiðastan fjárhag.[27]

Eins og áður sagði, sáu tveir kennarar um barnakennsluna í Eyrarsveit, þegar hún hófst á ný haustið 1909. Haustið 1919 sá fræðslunefndin sér ekki fært vegan dýrtíðar og fátæktar hreppsins að hafa nema einn kennara fyrir alla sveitina, og var sá háttur hafður á til ársins 1932. Þá kom fram ósk frá mörgum heimilum að fá meiri kennslu handa börnum yngri en 10 ára vegna erfiðleika á því að geta kennt börnum heima fyrir, þannig að þau gætu notið kennslunnar, þegar í skólann kæmi. Formaður skólanefndar, séra Jósef Jónsson, tók undir þessa ósk nefndarinnar í september 1932 og lét í ljós þá skoðun, að ekki myndi veita af að taka börn til kennslu átta ára að aldri, vegna þess hve margir foreldrar ættu erfitt með að annast kennslu barna sinna heima fyrir. Miklar umræður urðu um þetta í sveitinni. Voru flestir hlynntir því að lækka skólaskyldualdurinn í átta ár, en sumir töldu, að það væri ekki rétt. Var því m.a. haldið fram, að með því að senda börnin svo ung í skóla, væri verið að taka uppeldishlutverkið frá heimilunum og fá það kennurum í hendur, en það væri ekki hlutverk þeirra. Þrátt fyrir að nokkurrar mótspyrnu gætti, var meirihluti sveitarmanna samþykkur því að lækka skólaskyldualdurinn í átta ár. Formaður skólanefndar hafði einnig skýrt fræðslumálastjóra frá þessari tillögu, og var hann hlynntur henni. Þess vegna ákvað skólanefnd í lok september 1932 að færa skólaskyldualdurinn niður í átta ár. Þá þurfti að bæta við öðrum kennara, og voru þeir tveir til ársins 1936, þegar sá þriðji bættist við. Þessi skipan hélst til ársins 1939, en vegna þess að kennurum fækkaði um einn þá og börn á aldrinum 10–14 ára voru 52 að tölu, var ekki rými handa börnum yngri en 10 ára. Því var skólaskyldualdurinn færður aftur upp í 10 ár, og var svo til haustsins 1945, þegar skóli var lögskipaður í hreppnum, en þá voru börn frá 7 ára aldri tekin í skólann. Þó að börn yngri en 10 ára fengju ekki skólakennslu frá 1939, reyndi skólanefnd samt sem áður að sjá til þess, að þessi börn nytu nokkurrar kennslu. Sem dæmi um það má nefna, að síðla árs 1943 réð nefndin Þorgils Þorgilsson til að kenna börnum á aldrinum 6–8 ára, sem nutu lítillar kennslu heima fyrir vegna erfiðra aðstæðna þar.[28]

Eftir að farkennsla hófst í Eyrarsveit á nýjan leik haustið 1909, var hún með

svipuðum hætti og verið hafði áður. Hún fór fram á nokkrum bæjum í sveitinni, og voru kennslustaðirnir valdir á þann hátt, að reynt var fá inni á þeim bæjum í sveitinni, þar sem börn voru flest, svo að ekki væri of langt fyrir þau börn að fara, sem þangað áttu að sækja skóla. Einnig skipti máli það gjald, sem þurfti að greiða fyrir afnot af kennslustöðunum. Þetta mál bar á góma á fundi fræðslunefndar haustið 1913, og var einum nefndarmanni falið að útvega kennslustaði í Útsveit með sem vægustum kjörum, án þess þó að sleppa þeim, sem hentugastir reyndust, til þess að börnin og kennarinn yrðu sem frjálsust um kennsluna. Valið á kennslustöðum í Útsveit veturinn 1913–14 olli nokkurri óánægju meðal útsveitarmanna, og bárust skólanefnd kærur vegna þess. Nefndin taldi kærurnar ekki á rökum reistar, heldur væru þær sprottnar af þrætugirni að mestu eða öllu leyti, en hún var á því, að rétt væri að gefa mönnum kost á að velja kennslustaðina sjálfir og koma sér saman um þá framvegis. Skyldi því vera lokið í byrjun ágúst og tilboð um kennslustaði vera þá komin til nefndarinnar.[29]

Oft var erfiðleikum bundið að fá kennslustaði, og kom alloft fyrir, að þeir höfðu ekki fengist, þegar kennsla átti að hefjast. Varð þá að grípa til ýmissa ráða, og oft þurftu skólanefndarmenn að hýsa nemendur og kennara, þar til úr rættist. Gert var ráð fyrir því, að þau börn, sem voru á skólaskyldualdri, skyldu njóta allt að tveggja mánaða kennslu, og var því reynt að fá húsnæði fyrir skólann, svo að slíkt mætti takast. Gekk það oftast, en sum börn nutu aðeins lítillar kennslu vegna fjarlægðar frá kennslustöðum. Í flestum tilfellum var reynt að fá kennslustaði, þar sem hægt var að hafa kennsluna sem lengst, svo að kennarinn þyrfti ekki að skipta oft um kennslustaði. Það olli að sjálfsögðu óþægindum, að sífellt var verið að skipta um kennslustaði, og því kom fram sú hugmynd árið 1916 að reyna að hafa þrjá fasta kennslustaði í sveitinni, í Móabúð fyrir Framsveit, á Grund fyrir Miðsveit og á Kvíabryggju (Bryggju) fyrir Útsveit, en ekkert varð úr þessum áformum.[30]

Kennslustaðir voru að miklu leyti hinir sömu ár eftir ár í Miðsveit og Útsveit, en í Framsveit voru meiri breytingar á þeim. Má rekja það til þess, að fólksfjöldi var breytilegur á bæjum þar. Nefna má nokkur dæmi um það, hvar kennslan fór fram. Haustið 1915 ákvað skólanefnd, að í Útsveit yrðu tveir kennslustaðir, annar á Kirkjufelli en hinn á Bryggju, og tveir í Framsveit, annar í Suður-Bár en kennarinn útvegaði sjálfur hinn. Veturinn 1919–20 var kennt á fjórum stöðum

í hreppnum, fyrir Útsveit í skólaskýli hreppsins á Bryggju, fyrir Botninn (þ.e. Miðsveit) í Gröf og fyrir Framsveit í Suður-Bár og á Hjarðarbóli, tvo mánuði á hverjum stað nema mánaðartíma í Gröf, því að ætlast var til þess, að skólaskyld börn í Botninum nytu að helmingi fræðslu í Suður-Bár og á Bryggju. Haustið 1939 ákvað skólanefnd, að skólastaðir skyldu vera þrír eins og áður, á Bryggju í Útsveit, á Grund í Miðsveit og á Þórdísarstöðum í Framsveit.[31]

Ekki verður séð, að séra Jens V. Hjaltalín hafi haft afskipti af fræðslumálum í Eyrarsveit, frá því að hann skrifaði umburðarbréfið í febrúar 1909, sem áður hefur verið vitnað til og varð til þess, að kennsla hófst í sveitinni á ný. Árið 1913 var hann kosinn formaður fræðslunefndar, og þótti honum þá, sem nokkuð skorti á, að farskólinn væri nægilega vel búinn kennslugögnum. Séra Jens pantaði því í ágúst 1913 fyrir milligöngu fræðslumálastjóra það, sem honum þótti vanta í þessu efni. Að auki mæltist hann til þess, að send yrðu til farskólans fimm til sex eintök af kennslubókum í landafræði, náttúrusögu, eðlisfræði og sögu Íslands vegna barna þeirra, sem áttu þessar bækur ekki eða gátu ekki útvegað sér þær vegna fátæktar. Þegar pöntun séra Jens hafði verið afgreidd, má segja, að skólinn hafi verið allvel búinn áhöldum, eftir því sem gerðist um þetta leyti. Þau voru eins hér segir:

**I. Landafræði**: 1. Jarðlíkan nr. 24, tvö eintök. 2. Íslandsuppdráttur Þorvalds Thoroddsen, þrjú eintök (eitt lélegt). 3. Evrópa, þrjú eintök (eitt fornt). 4. Asía, tvö eintök. 5. Afríka, tvö eintök. 6. Ameríka (nyrðri hlutinn), tvö eintök. 7. Ameríka (syðri hlutinn), tvö eintök. 8. Ástralía, tvö eintök. 9. Kortabók lítil, innbundin, tvö eintök.

**II. Náttúrusaga**. 1. Fimm andlitsmyndir af mannkynflokkunum, þrjú eintök. 2. Sochners anatom. töflur I og II, þrjú eintök. Sama III, þrjú eintök. 4. Sama IV, þrjú eintök. 5. Bauer og Fischer anatom. veggtafla nr. 6, þrjú eintök. 6. Tólf alidýramyndir.

**III. Eðlisfræði**. 1. Segulstál, tvö eintök. 2. Glerstöng, tvö eintök. 3. Ebonistöng, tvö eintök. 4. Yllimergskúlur tvær, tvö eintök. 5. Þrístrent gler, tvö eintök. 6. Stækkunargler, tvö eintök.

Séra Jens bað einnig um fundargerðabók, prófbók, bréfabók og kassabók, svo að ætíð mætti sjá, hvernig fé því væri varið, sem væri lagt til kennslunnar á

hverju ári. Hann mæltist til þess, að þessar bækur yrðu látnar fylgja pöntuninni á kennslugögnunum, því að hann kvaðst ekki sjá þess nein merki, að slíkar bækur væru til í Eyrarsveit. Þetta gekk eftir, og voru fundir fræðslunefndar færðir til bókar upp frá þessu. Afskiptum séra Jens af fræðslumálum í Eyrarsveit lauk árið 1916, þegar hann lét af störfum í fræðslunefnd, en þau höfðu staðið frá árinu 1882, eins og hefur komið fram hér að framan. Svo er sjá, að nokkur ágreiningur hafi verið uppi í fræðslunefndinni þann tíma, sem séra Jens var formaður hennar, því að þegar hann hætti í nefndinni, lét hann í ljós þessa frómu ósk: *„svo er að vona, að meira kyrviðri verði nú í Eyrarsveit eptir 3 ára storm þar..."* Eins og komið hefur fram, þótti séra Jens Eyrsveitungar tregir í taumi, þegar um fræðslumál var að ræða, en hann bar alla tíð uppfræðslu barna í Eyrarsveit mjög fyrir brjósti, og það var honum öðrum fremur að þakka, að hún komst á.[32]

## Skólahúsnæði

Farkennslan var að ýmsu leyti óhentug, og því kemur ekki á óvart, að fljótlega eftir að kennsla hófst í hreppnum á ný, var farið að ræða um að reisa skólahús þar. Um það voru skiptar skoðanir, og greindi menn á um, hvar slíkt hús skyldi rísa, því að nokkur mismunur var á íbúafjölda á hverjum stað frá ári til árs. Einnig var deilt um það, hvort nauðsynlegt væri að reisa skólahús í hreppnum. Skólanefnd lagði til við hreppsnefnd vorið 1914, að reist yrði skólahús í sveitinni, en hreppsnefndin var andvíg því. Í svari hennar kom fram, að hún áleit enga nauðsyn bera til að reisa skólahús í hreppnum. Hreppsnefndin taldi, að ekki væri skortur á húsakynnum, sem nothæf væru til kennslu, og þar að auki væri hreppurinn strjálbyggður og breytingum undirorpið, hvar börn á skólaskyldualdri væru flest. Þess vegna var að mati hreppsnefndar ekki hægt að ákveða, hvar kennslustaðir skyldu vera nema til eins árs í senn. Sjónarmið hreppsnefndarinnar var til marks um það, að þegar um strjálbýli er að ræða, er afar erfitt að komast að samkomulagi um, hvar og hvort eigi að reisa mannvirki á borð við skóla.[33]

Þrátt fyrir þessa afstöðu hreppsnefndarinnar voru allmargir íbúar í Eyrarsveit þeirrar skoðunar, að brýna nauðsyn bæri til að reisa þar skólahús. Þeir komu saman á fund á Setbergi í janúar 1915 til að ræða málið. Það var álit

fundarmanna, að fyrirkomulagi barnakennslunnar væri allábótavant, að því er varðaði kennsluskýli,

> *því eins og nú standa sakir, eru engin skólaskýli til í sveitinni, sem sveitin á, og verður því á vetri hverjum að fá léð pláss fyrir farskólann og fylgja því ýmis óþægindi, eins og oft vill verða, þegar skólinn er sitt árið á hvorum staðnum,*

eins og segir í fundargerðinni. Fund þennan sóttu allmargir kjósendur úr Framsveit, og lauk honum á þann veg, að 27 menn skrifuðu sig fyrir misjafnlega mörgum dagsverkum til að reisa skólahús í Móabúð í Vatnabúðaplássi. Þetta var bundið því skilyrði, að útsveitungar reistu einnig skólahús. Fundur um þetta mál var haldinn í Útsveit í febrúar sama ár. Þar var lesið upp bréf frá framsveitarmönnum, þar sem óskað var eftir 600 króna framlagi úr sveitarsjóði til bráðabirgða til efniskaupa. Útsveitarmenn töldu, að fjárhagur sveitarfélagsins væri svo bágur, að ekki væri verjandi að reisa skólaskýli fyrir hreppinn þá um vorið, ekki síst þar sem verð á byggingarefni var mjög hátt eða það var ófánlegt með öllu um þessar mundir. Þess vegna ákváðu fundarmenn að fresta byggingu skólaskýlis til vorsins 1916 og þá yrðu reist tvö steinsteypt skólaskýli, þó með því skilyrði, *„að verslunarviðskipti og atvinnurekstur falli skár en í ár."* Því var hins vegar ekki að heilsa. Heimsstyrjöldin fyrri hafði m.a. í för með sér mikla verðbólgu hér á landi, eða dýrtíð eins og það var kallað þá. Fyrir bragðið var verð á innfluttum vörum, þar á meðal timbri og sementi, afar hátt, og þess vegna hafði Eyrarsveit ekki efni á að láta reisa skólabyggingu um þetta leyti. [34]

Áðurnefndur fundur útsveitarmanna var haldinn í barnaskólastofunni á Bryggju, sem svo var nefnd, en það var lítið hús á Kvíabryggju, sem notað var til kennslu þar. Flest er á huldu um uppruna húss þessa. Í bréfi til fræðslumálastjóra í nóvember 1936 taldi þáverandi formaður skólanefndar, séra Jósef Jónsson, að húsið hefði verið byggt á árunum 1910–12 á vegum hreppsins og hefði hann lagt fram allt fé til smíði þess, en það hefði verið illa byggt. Ekki vissi séra Jósef fyrir víst, hvað húsið hafði kostað upphaflega en taldi sennilegt, að það hefðu verið 2000 kr. Í reikningum hreppsins er hins vegar ekkert að finna um smíði hússins og heldur ekki í fundargerðabók hreppsnefndar. Gamlir Eyrsveitungar telja hins vegar, að glímufélag, sem starfaði á Kvíabryggju, hafi látið reisa hús þetta sem félagsheimili. Það var aðeins eitt herbergi eða stofa, og

hafði glímufélagið þar skemmtanir og æfingar. Ekki þarf að öllu leyti að koma á óvart, að glímufélagið á Bryggju réðst í að reisa hús yfir starfsemi sína, því að á Kvíabryggju var eini þéttbýlisstaðurinn í sveitinni á þessum tíma, sem orð var á gerandi.[35]

Það er hald manna, að hús glímufélagsins hafi verið notað til kennslu frá upphafi. Glímufélagið lognaðist út af árið 1915, og eftir það voru haldnar skemmtanir stöku sinnum í húsinu, en að öðru leyti fór þar fram kennsla. Það tekur af öll tvímæli um, að hreppurinn lét ekki reisa húsið á Bryggju, að í fundargerð fundar þess, sem framsveitarmenn héldu í janúar 1915 og áður hefur verið vitnað til, segir: *„...eins og nú standa sakir, eru engin skólaskýli til í sveitinni, sem sveitin á..."* Fundurinn í febrúar sama ár var haldinn í barnaskólastofunni á Bryggju, þ.e. í húsi glímufélagsins, eins og áður hefur komið fram. Svo er að sjá sem húsið hafi orðið eign hreppsins, eftir að glímufélagið leið undir lok, því að haustið 1919, þegar fræðslunefnd tók ákvörðun um, á hvaða stöðum skyldi kenna um veturinn, var ákveðið, að kennsla í Útsveit skyldi fara fram *„í skólaskýli hreppsins á Bryggju."* Á fundi í hreppsnefnd Eyrarsveitar í júní 1922 kom fram, að gera þurfti við húsið hið bráðasta, því að það lá undir miklum skemmdum. Því var oddvita falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi. Ekki er ljóst, hvort gert var við húsið árið 1922, en í áðurnefndu bréfi séra Jósefs Jónssonar kemur fram, að gert var við það 1929 og aftur 1931. Var húsið þá í sæmilega nothæfu ástandi að sögn séra Jósefs, en þó voru gluggar ekki góðir. Eftir þessar viðgerðir var húsinu ekki haldið við nema að litlu leyti, og upp úr 1940 var það svo rifið.[36]

Árið 1912 keypti hreppurinn hús á Grundarkampi af Ásmundi Sigurðssyni á Grund og lét innrétta það sem þinghús fyrir hreppinn, þar eð ekkert þinghús var þá í sveitinni. Árið 1929 hófst kennsla í þinghúsinu, eftir að gert hafði verið við það, og var kennt í því allt til þess tíma, að fastur skóli komst á í Grafarnesi. Í skjalasafni menntamálaráðuneytisins eru varðveittir tveir uppdrættir eftir Jóhannes Ó. Þorgrímsson, kennara í Forna-Krossnesi, af grunnfleti skólaskýlisins á Bryggju og þinghússins á Grund. Ekkert ártal er á uppdráttunum, og ekki er vitað, af hvaða tilefni þeir voru gerðir, því að gögn þar að lútandi hafa ekki fundist. Árið 1926 kom enn á ný fram sú hugmynd að reisa skólahús í Eyrarsveit. Ekki var þess getið, hvar það átti að rísa, en þessi fyrirætlun var rædd í bréfi fræðslunefndar til fræðslumálastjóra. Í skjalasafni húsameistara



*Barnaskólinn í smíðum. Úr myndasafni Bærings Cecilssonar.*

ríkisins er uppdráttur af skólahúsinu, og húsameistari sendi fræðslumálastjóra einnig þrjú afrit af uppdrættinum, en önnur gögn um þessi byggingaráform hafa ekki komið í leitirnar. Ekkert varð hins vegar úr framkvæmdum. Í Útsveit var flest árin, þar til skóli var reistur í Grafarnesi, kennt eingöngu í skólahúsinu á Bryggju, en þó kom fyrir, að einnig var kennt á öðrum stöðum í Útsveit, t.d. í Kirkjufelli og Látravík 1932–33 og í Kirkjufelli, Hellnafelli og Látravík 1933–34. Í Miðsveit var kennt í þinghúsinu og í Framsveit á 1–3 bæjum, t.d. í Nýjubúð 1929–32, í Nýjubúð, Norður -Bár og á Berserkseyri 1932–33, í Norður-Bár og á Berserkseyri 1933–34 og í Móabúð og á Hallbjarnareyri 1936–37.[37]

Þegar þéttbýlismyndun hófst í Grafarnesi upp úr 1940, var byrjað að kenna þar í a.m.k. þremur húsum (þó ekki öllum í senn), svokölluðu Íshúsi, Neshúsi og Svartaskóla, sem svo var nefndur. Með þéttbýlismynduninni sköpuðust þær forsendur fyrir að reisa skólahús, sem áður hafði skort vegna strjálbýlis, enda leið ekki á löngu, áður en farið var að huga að skólabyggingu. Árið 1943 var rætt um að reisa þyrfti skólahúsnæði, sem einnig væri unnt að nota sem



*Sunnudagsskóli og skólahús. Úr myndasafni Bærings Cecilssonar.*

samkomuhús. Allskiptar skoðanir voru um það, hvernig þetta hús ætti að vera. Sumir vildu láta byggja heimavistarskóla með stórum samkomusal, sem hægt væri að nota fyrir starfsemi ýmissa félaga. Aðrir voru á þeirri skoðun, að reisa ætti hús með 1–2 skólastofum og góðu plássi fyrir starfsemi félaga í sveitinni. Síðari hugmyndin varð ofan á, og var húsnæði með tveimur skólastofum og stórum sal reist á árunum 1943–45. Húsið, sem gengur undir nafninu Samkomuhúsið, var sameign Eyrarsveitar, Ungmennafélags Grundfirðinga og Kvenfélagsins Gleym mér ei.[38]

Skólaárið 1944–45 kenndi Bergþór Finnbogason kennari allan skólatímann í hinu hálfbyggða íþrótta- og samkomuhúsi hreppsins, en Petrína Sæmundsdóttir, sem hafði fram að því kennt í Framsveit að öllu leyti, kenndi nokkuð af kennslutímanum á Bryggju en hinn tímann á Eiði í Framsveit. Skólaárið 1945–46 var skólinn í Grafarnesi lögskipaður fastur heimangönguskóli með átta mánaða kennslu. Kennari var Elimar Tómasson, og var hann forstöðumaður skólans. Petrína Sæmundsdóttir kenndi þrjá mánuði í Vindási og 3–4 mán-



*Skólavígslan 6. janúar 1962. Séra Magnús Guðmundsson og Svavar Jónsson skólastjóri, en hann var ráðinn skólastjóri haustið 1961.*

uði í Grafarnesi. Öll börn frá sjö ára aldri voru tekin í skólann. Börnum úr ytri hluta sveitarinnar (Útsveit) var nú komið til kennslu í Grafarnesi. Að afloknu vorprófi fór Elimar kennari með 22 börn til sundnáms að Reykholti, og var það í fyrsta sinn, sem hópur skólabarna fór úr Grundarfirði til sundnáms. Næstu vetur var kennslunni hagað á svipaðan hátt, þ.e. farkennsla var í Framsveit þrjá mánuði á vetri hverjum, en veturinn 1952–53 var ekki hægt að hafa kennslu í Framsveit, vegna þess hve fá börn á skólaskyldualdri voru þar. Voru flest börn úr sveitinni nokkurn tíma í skólanum í Grafarnesi um veturinn. Þar með lauk farkennslu í Eyrarsveit, og var börnum úr Framsveit komið fyrir í Grafarnesi, svo að þau gætu sótt skóla þar. Var sá háttur hafður á, þar til skólaakstur hófst í janúar 1962.[39]

Fljótlega eftir að íþrótta- og samkomuhúsið var tekið í notkun sem skóli árið 1945, kom í ljós, að það var of lítið, því að fólksfjölgun var mjög ör í Grafarnesi. Smíði nýss skólahúss var hreyft við fræðslumálayfirvöld árið 1956, enda var það orðið mjög aðkallandi í þessu ört vaxandi byggðarlagi, að hús, sem eingöngu

væri notað sem skóli, yrði reist. Byrjað var á smíði nýs barnaskóla haustið 1959, og var honum valinn staður efst við Borgarbraut. Kennsla hófst í hinu nýja skólahúsi að hluta haustið 1960, en það var fullgert í byrjun janúar 1962 og vígt formlega á þrettándunum. Arkitekt hins nýja skólahúss var Guðmundur Guðjónsson. Í skólahúsinu voru þrjár kennslustofur auk afdreps fyrir kennara og skólastjóra í lítilli stofu. Það fór sem fyrr, að vegna fólksfjölgunar í hreppnum varð skólahúsið brátt of lítið, og árið 1972 hófst smíði viðbyggingar við skólann eftir teikningum Ormars Þórs Guðjónssonar arkitekts. Hún var tekin í notkun að hluta í janúar 1975, þegar þrjá kennslustofur voru fullgerðar, en viðbyggingin var ekki fullgerð fyrr en í janúar 1978. Þá voru í skólanum átta kennslustofur fyrir bóklega kennslu, tvær handavinnustofur, bókasafn og góð vinnuaðstaða, en hún hafði ekki verið fyrir hendi, áður en viðbyggingin kom til sögunnar.[40]

Haustið 1965 tók til starfa unglingadeild við barnaskólann í Eyrarsveit, þegar fræðsluskyldan var færð upp í 15 ára aldur. Hét skólinn eftir það Barna- og Miðskóli Grundarfjarðar. Sundkennsla, sem skólabörn í Grundarfirði nutu, hafði um nokkurt árabil farið fram á námskeiðum í Laugargerði, Stykkishólmi, Ólafsvík og á Hellissandi, en breyting varð á þessu, þegar sundlaug og búningsklefar, sem reist voru við skólahúsið, voru tekin í notkun í október 1976. Stórt skref í smíði skólamannvirkja í Grundarfirði var stigið 14. október 1989, þegar íþróttahúsið, sem hafði verið í smíðum í fjöldamörg ár, var vígt við hátíðlega athöfn. Næsta skref var að bæta úr húsnæðismálum skólans, því að nemendum hafði fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum, auk þess sem uppi voru kröfur um einsetinn skóla og samfelldan skóladag. Þá hafði húsnæði fyrir smíðakennslu verið víða um bæinn, og einnig skorti húsnæði fyrir ýmsar sérgreinar. Undirbúningur að stækkun skólans hófst árið 1991, þegar sett var á laggirnar nefnd til undirbúa uppbyggingu skólamannvirkja, og var efnt til lokaðrar samkeppni meðal hönnuða um stækkun grunnskólans. Var ákveðið að byggja eftir tillögu Teiknistofunnar Kím og Glámu í nokkrum áföngum. Í fyrsta áfanga var reist viðbygging, svokallað verknámshús, reist við vesturenda gamla barnaskólans. Í fyrstu voru innréttaðar þrjár kennslustofur í viðbyggingunni, sem var tekin í notkun haustið 1996. Framkvæmdir við næsta áfanga hófust vorið 1998, þegar byggt var ofan á viðbygginguna frá 1975, ásamt því að reist var tengibygging og stigahús. Jafnframt var skipulagi neðri hæðar breytt og hún tekin þannig í notkun að hluta haustið 1998 ásamt tveimur kennslu-

stofum á efri hæð. Í lokaáfanganum var stjórnunarrými flutt í gamla skólann að undangengnum breytingum þar, auk þess sem lokið var við frágang á efri hæðinni. Þessum áfanga lauk haustið 1999.[41]

Skólastjórar við Barnaskóla Eyrarsveitar hafa verið Elimar Tómasson, sem var forstöðumaður skólans frá 1945, en var settur skólastjóri 1953 og skipaður 1955. Hann lét af skólastjórn haustið 1961 fyrir aldurs sakir. Þá varð Svavar Jónsson skólastjóri og gegndi því embætti til 1965. Felix Jósafatsson var skólastjóri 1965–66. Þá tók Örn Forberg við starfinu. Hann var í námsleyfi skólaárið 1979–80, og var Eysteinn Jónasson skólastjóri þann tíma. Örn tók þá aftur við skólastjórastarfinu haustið 1980, en vegna deilna, sem uppi voru í skólanum, fór hann aftur í leyfi haustið 1981, uns hann sagði starfinu lausu 1984. Jón Egill Egilsson var skólastjóri1981–84, en þá tók Gunnar Kristjánsson við skólastjórastarfinu og gegndi því til 1997 en var í leyfi 1993–94, og gegndi Ragnheiður Þórarinsdóttir starfinu þann tíma. Frá 1997 hefur Anna Bergsdóttir verið skólastjóri við Grunnskóla Eyrarsveitar.[42]

## Tilvísanir:

[1] Einar Laxness. Íslands saga a-h. Rvík 1995, bls. 60-61; Lovsamling for Island. Femte Bind. Kjøbenhavn 1855, bls. 694-96; Stjórnartíðindi 1880 A, bls. 6-8.

[2] Þjóðskjalasafn Íslands (Þ.Í.). Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/4. Bréf 1879-1890: Séra Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 23.7. 1882.

[3] Sama. Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 31.12. 1882.

[4] Sama.

[5] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/5 og BB/8/6. Bréf 1879-1890: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 24.6. 1883 og 29.6. 1884.

[6] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CB 4. Bréfabók Setbergsprestakalls 1878-1889: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 7.6. 1885 og 19.6. 1887.

[7] Sama 1888, bls. 169-70.

[8] Þ.Í. Skjalasafn landshöfðingja, nr. 537-88: Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 20.4. 1888; Landsbókasafn, handritadeild: Lbs. 3088, 4to.

[9] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/9. Bréf 1879-1890: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 31.3. 1888.

[10] Þ.Í. Skjalasafn landshöfðingja, nr. 537-88: Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 20.4. 1888.

[11] Lbs. 3088, 4to; Þ.Í. Skjalasafn landshöfðingja, nr. 537-88, 18.5. 1888.

[12] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CD 5. Endurritabók Setbergsprestakalls 1863-1888: Umburðarbréf Sigurðar Jónssonar sýslumanns til allra hreppsnefnda í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 2.12. 1887.

[13] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/9. Bréf 1879-1890: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 1.4. 1888.

[14] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/9. Bréf 1879-1890: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld, 28.10. 1888. „Skýrsla um vitnisburði við aðalpróf yfir nokkrum kennslubörnum í Eyrarsveit haldið að Setbergi 15. maí 1889."; Lbs. 3088, 4to, 2.5. 1889.

[15] Þ.Í. Skjalasafn landshöfðingja, nr. 699-88: Bréf Jens V. Hjaltalíns, 21.4. 1889; Snæfellsnessýsla II. Bréf 1890-1893. B/57 (30): Stiftsyfirvöldin yfir Íslandi til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, 31.10. 1889. Kvittun Guðlaugs Guðmundssonar, 28.1. 1890; Stjórnartíðindi 1889 B, nr. 114, bls. 141.

[16] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/10. Bréf 1879-1890: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld, 22.10. 1889.

[17] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CB 5. Bréfabók Setbergsprestakalls 1890-1894: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 4.2. 1891; Snæfellsnesprófastsdæmi. BB/8/11. Bréf 1879-1890: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld, 3.2. 1890; Skjalasafn landshöfðingja, nr. 570-90: Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 2.5. 1890; Snæfellsnessýsla II. Bréf. B/56 (29 b): Guðmundur Aþaníusson oddviti til sýslumanns, 22.2. 1891. Kvittun Torfa J. Tómassonar, 13. 2. 1891. Kvittun Guðlaugs Guðmundssonar, 15.2. 1891; Lbs. 3088, 4to, 22.4. 1890.

[18] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CB 5. Bréfabók Setbergsprestakalls 1890-1894: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 4.2. 1891 og 26.3. 1891; Snæfellsnessýsla II. Bréf B/58 (nr. 30): Stiftsyfirvöldin til Sigurðar Jónssonar sýslumanns, 29.9. 1891. Kvittun sýslumanns, 16.11. 1891.

[19] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CB 5. Bréfabók Setbergsprestakalls 1890-1894: Jens V. Hjaltalín til Guðmundar Aþanasíussonar, oddvita í Eyrarsveit, 30.11. 1890 og 4.2. 1891.

[20] Þ.Í. Sama: Jens V. Hjaltalín til Eiríks Kúld prófasts, 30.8. 1891 og 8.1. 1892; Skjalasafn landshöfðingja, nr. 666-92: Torfi J. Tómasson til landshöfðingja, 20.4. 1892. Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 19.4. 1892. Skýrslur Jens V. Hjaltalíns um próf 10.3. 1892 og vorpróf 16.4. 1892, dagsettar 19.4. 1892. Stiftsyfirvöldin yfir Íslandi til landshöfðingja, 7.10. 1892.

[21] Þ.Í. Skjalasafn landshöfðingja nr. 793-94: Þórður Ó. Thorlacius til landshöfðingja, 21.4. 1894. Sóknarnefnd Eyrarsveitar til landshöfðingja, 21.4. 1894. Jens V. Hjaltalín til landshöfðingja, 21.4. 1894; Snæfellsnesprófastsdæmi. CB 5. Bréfabók Setbergsprestakalls 1890-1894: Jens V. Hjaltalín til Helga Árnasonar, setts prófasts, 4. maí 1894; Snæfellsnessýsla II. Bréf 1894, B/60 (31a): Stiftsyfirvöldin yfir Íslandi til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, 7.11. 1894. Bréf 1895, B 61 (32): Umboð Þórðar Ó. Thorlacius til Stefáns Daníelssonar, 30.12. 1894. Kvittun Stefáns Daníelssonar, 4.1. 1895. Bréf 1896, B/64 (33a): Skýrsla um kennslu sveitakennara Þórðar Ó. Thorlacius í Setbergsprestakalli veturinn 1895-96, 9.8. 1896. Vottorð sóknarnefndar Eyrarsveitar til sýslumanns, 9.8. 1896. Vottorð Jens V. Hjaltalíns til sýslumanns, 9.8. 1896.

[22] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CD 6. Eftirrita- og bréfabók Setbergsprestakalls 1894-1907, 7.6. 1896, 25.6. 1899, 26.5. 1901 og 31.5. 1903.

[23] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CB 5. Bréfabók Setbergsprestakalls 1890-1894, 2.6. 1891; CD 6. Eftirrita- og bréfabók Setbergsprestakalls 1894-1907, 20.5. 1904.

[24] Stjórnartíðindi 1907 A, bls. 380-97.

[25] Þ.Í. Snæfellsnesprófastsdæmi. CD 6. Endurrita- og bréfabók Setbergsprestakalls: Umburðarbréf Jens V. Hjaltalíns til Eyrsveitunga, 3.2. 1909.

[26] Fundargerðabók hreppsnefndar Eyrarsveitar, 31.3. 1909 og 16.10. 1909; Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit. Óprentuð ritgerð við Kennaraháskóla Íslands á vormisseri 1979. Fylgiskjal nr. 7.

[27] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar, 6.7. 1919; Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 5.

[28] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar, 26.9, 1932, 17.9. 1939 og 1.12. 1943; Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 9-10.

[29] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar, 12.10, 1913 og 14.6. 1914.

[30] Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 5-6.

[31] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar, 19.9. 1915, 28.10. 1919 og 17.9. 1939.

[32] Sama, 3.8. 1913; Þ.Í. Menntamálaráðuneyti. 1976-B/109. Skólahald 1908-1946. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla: Jens V. Hjaltalín til fræðslumálastjóra, 16.8. 1913 og 17.6. 1916. Farskólar 1913-14. Snæfellsnes-og Hnappadalssýsla. Skólaskýrslur 76: „Skýrsla um fræðsluáhöld og bækur, sem til eru 6. júní 1914 tilheyrandi fræðslunni í Eyrarsveit" eftir Jens V. Hjaltalín, dagsett 14.6. 1914.

[33] Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 13-14.

[34] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar, 10.1. 1915 og 20.2. 1915; Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 15-16.

[35] Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 14-15 og fylgiskjal nr. 2.

[36] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar, 10.1. 1915, 20.2. 1915 og 28.10. 1919; Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls. 14-15 og fylgiskjal nr. 2.

[37] Fundargerðabók hreppsnefndar Eyrarsveitar, 30.1. 1912 og 3.3. 1912; Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, 3.1. Kennslustaðir, bls. 16-17; Þ.Í. Menntamálaráðuneyti. H/12 22; 1976-B/109. Skólahald 1908-1946. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla: Einar Erlendsson f.h. húsameistara ríkisins til fræðslumálastjóra, 7.8. 1926; Húsameistari ríkisins: A 40. Barnaskóli í Eyrarsveit. 1926: Aðalteikn. Uppdráttur nr. 84.

[38] Magnea Sveinsdóttir. Fræðslumál í Eyrarsveit, bls.17-18. Fylgiskjal nr. 4.

[39] Fundargerðabók fræðslunefndar Eyrarsveitar 1944-46, haustið 1948,

[40] Gunnar Kristjánsson. Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit. Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar, 3. hefti 2002, bls. 49-51.

[41] Þ.Í. Skjalasafn fræðslustjóra. Ba-61, Eyrarsveitarskólahverfi 1948-61: Menntamálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis, 7.12. 1965; Gunnar Kristjánsson. Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit, bls. 51-53.

[42] Gunnar Kristjánsson. Skólahald og barnafræðsla í Eyrarsveit, bls. 52.

*Matthildur Soffía Guðmundsdóttir*

# Leikskólinn Sólvellir

## *Leikvöllur*

Þar sem Kvenfélagið hefur verið ötult við að styrkja leikskólann er tilvalið að byrja sögu leikskólans á sögu leikvallar. Kvenfélagið Gleym mér ei stóð fyrir rekstri gæsluvallar fyrir börn undir skólaaldri á árunum 1966-1979. Það var á fundi hjá Kvenfélaginu Gleym mér ei í desember 1958 að fyrir lá skipulagsuppdráttur af Grafarnesi og var verið að skoða staðsetningu kirkju og barnaleikvallar. Konurnar voru ósáttar við staðsetningu vallarins sem var „skammt frá Samkomuhúsinu og þar af leiðandi alltof nálægt verslunarhverfinu og athafnasvæði hafnarinnar". Í maí 1959 var samþykkt á kvenfélagsfundi að félagið gæfi 10.000.00 kr. til að örva hreppsnefnd til framkvæmda við byggingu barnaleikvallar. Í svarbréfi kom fram að hreppurinn legði fram 10.000 kr. og sýslusjóður 2.000 kr. Einnig var félagið beðið um að tilnefna þrjár konur í nefnd til ráðagerða og framkvæmda í sambandi við barnaleikvöll, og voru kosnar Guðríður Sigurðardóttir, Elín Valdimarsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir. Í maí 1961 var skipulagsstjóri á staðnum og var þá tekin ákvörðun um endanlega staðsetningu vallarins á milli Grundargötu, Hlíðarvegar og Borgarbrautar og hófust framkvæmdir um sumarið. Í mars 1963 var búið að girða, þurrka og keyra ofan í hluta vallarins, og þá var ákveðið að Kvenfélagið tæki að sér að gefa leiktæki. Um miðjan júní var lokið við að yfirkeyra völlinn, setja á hann sandkassa, rólur, vegasölt og bát. Á fundi í nóvember sama ár kom fram tillaga um að Kvenfélagið stuðlaði að því að völlurinn yrði gerður að gæsluvelli þar sem það kæmi að mestum notum fyrir mæðurnar. Árið 1965 var



*Litlu jólin 1977. M.S.G.*

ákveðið að skipta svæðinu í tvennt, opinn völl og gæsluvöll og reisa þar skýli. Völlurinn allur er 2.400 m$^2$ og húsið 19 m$^2$. Stefnt var að opnun 17. júní 1966 en það dróst fram í júlí en þá var opnaður gæsluvöllur í Grundarfirði. Opið var frá kl. 13.00–18.00 fyrir börn á aldrinum 2ja–7ára. Gæsluvöllurinn var opinn á sumrin til 17. október 1979 og sá Kvenfélagið (leikvallarnefnd) um starfsemina og kaup á leiktækjum. Voru haldnar ýmsar fjáraflanir til leikvallar frá árinu 1959 – 1968. Sveitarfélagið sá um reksturinn að öðru leyti.

## Leikskóli

Árið 1974 komu saman nokkrar konur í Grundarfirði sem vildu komast út að vinna og vantaði barnagæslu. Þær ákváðu að kanna viðhorf sveitarfélagsins



*Litlu jólin 1980. M.S.G.*

og vinnuveitenda til leikskólareksturs, sem þær og gerðu. Ekki var mikill áhugi fyrir hendi hjá forystumönnum sveitarfélagsins eða atvinnurekendum og meðal annars sagði einn þeirra „Elskurnar mínar, hjá mér eru allar konur komnar úr barneign", og fór málið ekki lengra í bili. Það næsta sem gerðist var að í mars árið 1976 réðst Rauðakrossdeildin í Grundarfirði í verkefnið „Leikskóli". Um sumarið var gerð könnun um vilja, áhuga og þörf foreldra fyrir leikskóla. Sýndi hún að foreldrar 65 barna höfðu áhuga og gátu hugsað sér að nýta þjónustu leikskóla. Með þessa lista hélt stjórnin á fund hreppsnefndar og kynnti málið. Athugað var með húsnæði í safnaðarheimili kirkjunnar og að Nesvegi 5 þar sem fékkst loforð um húsnæði, sem síðar var afþakkað þegar aðstaða bauðst í búningsklefum sundlaugarinnar. Þegar farið var að skoða skólann kom í ljós ónotaður gangur þar sem síðar varð handavinnustofa og inngangur í skólann. Þótti þetta húsnæði henta betur til að reka leikaskóla í og varð það niðurstaðan. Þegar búið var að moka öllu draslinu út, leit þetta bara



*Við sandkassann í júní 1984.*

nokkuð þokklega út, en þá þurfti að mála, girða og svo framvegis. Starfshópur leikskólans var stofnaður til að útbúa leikföng og fleira. Fundir voru á miðvikudögum og voru þar búnar til brúður, brúðuföt, bílar og margt fleira. Að ýmsu þurfti að gæta og var stærsti þátturinn peningahliðin. Lauslegur kostnaður var ekki undir einni milljón króna sem skiptist í þrennt: húsgögn, útigirðingu og leikföng. Athugað var með húsgögn og meðal annars skoðuð tréhúsgögn sem notuð voru á dagvistarheimilum í Reykjavík og víða. Leitað var til Kvenfélagsins að það styrkti málefnið með því að gefa húsgögnin, sem það gerði og keyptir voru 22 stólar og þrjú borð. Rauði kross Íslands bauð deildinni dót sem afgangs var síðan í Vestmannaeyjagosinu og gefið hafði verið frá Svíþjóð og var það þegið. Síðan var málað inni og girt af skotið fyrir framan innganginn sem útileiksvæði. Ákveðið hafði verið að opna 15. október en það dróst til 4. janúar 1977 að skólinn væri opnaður. Pláss voru 20 á hvorri deild, fyrir og eftir hádegi, og unnu tvær konur á hvorri deild. Tvær fóstrur, þær Guðbjörg Guðmundsdóttir, útskrifuð 1965, og Hjördís Vilhjálmsdóttir, útskrif-



*Réttarferð að Brimilsvöllum 1987. M.S.G.*

uð 1975, unnu við skólann frá byrjun þar til í nóvember 1985, ýmist önnur eða báðar. Leikskólinn var rekinn í Grunnskólanum þar til í maí árið 1979 en þá kom upp eldur í skólanum og skemmdist þá mikið af eigum leikskólans og var starfsemi hætt þar enda var þá hafin bygging leikskóla við Sólvelli.

## Leikskólinn að Sólvöllum.

Sumarið 1976 var ákveðið að byggja leikskóla að Sólvöllum 1, og stóðu Rauðakrossdeildin og sveitarfélagið að byggingunni. Voru samþykktar teikningar eftir Ormar Þór og Örnólf Hall, ein deild fyrir tuttugu börn og starfsmannaaðstaða. En teikningin var af tveimur deildum, og einnig var áætlað pláss fyrir tuttugu barna dagheimili árið 2000. Í fyrstu byggingunni var ein deild fyrir 42 börn (21 barn í einu) og starfsmannaaðstaða (skrifstofa, kaffistofa, salerni og geymsla). Byggingin var fjármögnuð þannig að Rauðakrossdeild Grundarfjarðar lagði fram 25%, sveitarfélagið 25% og ríkið 50%. Skólinn



*Grillferð foreldrafélagsins í ágúst 1989 inni á Grundarbotni. M.S.G.*

var byggður 1978-1979 af Húseiningum frá Siglufirði. Þrjátíu og einn sjálfboðaliði á vegum Rauðakrossdeildarinnar vann í 480 klukkustundir við að mála skólann að innan og var það framlag deildarinnar. Hinn 14. maí 1979 kom upp eldur í Grunnskólanum og urðu þá miklar skemmdir á húsgögnum og fleiru í leikskólanum. En starfsfólk þreif og lagfærði það sem hægt var og var það notað í nýja leikskólann. Leikskólinn Sólvellir var opnaður 15. nóvember 1979. Við opnunina bárust skólanum margar gjafir, svo sem ryksuga frá Lionsklúbbnum, útvarpskassettutæki frá Kvenfélaginu og húsgögn frá Sjómannadagsráði.

Í tilefni 10 ára afmælis Leikskólans Sólvalla 15. nóvember 1989 var haft opið hús og íbúum Grundarfjarðar boðið að koma og skoða leikskólann þar sem boðið var upp á veitingar, kaffi, gos og kökur sem foreldrar barnanna höfðu komið með. Hjá börnunum var mikil hátíð, allir voru með kórónur, þau fengu gos, kökur og ís, síðan fóru þau í gönguferðir með fána og eftir hádegi fóru börnin niður á bryggju þegar Haukabergið kom að landi og gáfu skipverjum mynd og þökkuðu fyrir lestina en áhöfnin hafði gefið 72.000,00 kr. sem notuð

voru til kaupa á lest frá Einingu og sett á útileiksvæðið. Margir komu í heimsókn og bárust margar gjafir: 50.00,00 kr. frá Rauðakrossdeildinni og 180.00,00 kr. frá Kvenfélaginu til kaupa á leiktækjum og voru keypt vegasalt, gormaleiktæki og innileikföng. Hrannarbúðin gaf skólanum bækur og spólur.

## *Stækkun 1991*

Fyrstu árin var deildin fyrir hádegi ekki fullnýtt en á deildinni eftir hádegi varð fljótt til biðlisti. Árið 1989 var ljóst að leikskólinn annaði ekki eftirspurn því biðlisti var orðinn langur og var málið rætt á foreldrafundi í maí 1990. Í stefnuskrám stjórnmálaflokkann fyrir sveitastjórnarkosningarnar 1990 var þetta sagt um leikskólamálin: Hjá B-listanum að brýnt væri að stækka leikskólann og einnig þyrfti að koma upp leikvelli. Hjá D-listanum að undirbúa stækkun leikskólans og auka til bráðabirgða við húsnæðið fyrir yngstu börnin. Hjá G-listanum að leysa þyrfti húsnæðisskort leikskólans nú þegar og stuðla að því að fóstrumenntað fólk fengist til starfa og að ófaglært starfsfólk fengi þá menntun sem í boði væri, einnig er minnst á leikvelli og gæsluvöll. Eftir kosningar mynduðu B-listinn og G-listinn meirihluta og og var stækkun leikskólans í málefnasamningi þeirra sem forgangsmál. Í september 1990 voru lagðar fram tillögur að stækkun leikskólans og að bráðabirgðahúsnæði í Samkomuhúsinu. Í október komu arkitektar hússins og Selma Dóra Þorsteinsdóttir, formaður Fóstrufélagsins, sem var ráðgjafi sveitarstjórnar, og sátu fund með hreppsnefnd og leikskólanefnd þar sem farið var yfir teikningar af viðbyggingu hússins og gerðar á þeim breytingar. Einnig var skoðað húsnæði í Samkomuhúsinu og gerðu þau tillögur að tilhögun þar sem bráðabirgðahúsnæði. Var Útideild starfrækt þar í janúar–júní 1991 og var hún staðsett á loftinu í Samkomuhúsinu en þar voru 10-12 börn á aldrinum 2ja–3ja ára og tveir starfsmenn. Útileikvöllur var nýttur með leikskólanum. Byggingin var boðin út í júní 1991 og var tilboði trésmiðju Pálmars Einarssonar tekið og var byrjað á verkinu í júlí og var þetta helmingsstækkun. Farið var að nota nýja hlutann í desember, haldin þar litlu jólin en fataklefinn var ekki tilbúinn fyrr en í mars og var þá allt húsnæðið tekið í notkunn. Leikskólanefndin lagði fram tillögur í nóvember um stækkun lóðar, lækkun og minnkun á hólnum og staðsetningu leiktækja. Var lóðin síðan stækkuð, hóllinn minnkaður, sett-



*Stækkun leikskólans 1991. M.S.G.*

ur upp stór sandkassi og leiktæki máluð og færð. Var þetta gert fyrir 17. júní 1992 en þá var húsið tekið formlega í notkun, íbúum boðið að koma og skoða, séra Sigurður Kr. Sigurðsson blessaði skólann, börnin sungu, fjallkonan flutti hátíðarljóð, haldnar voru ræður og lykill að leikskólanum afhentur leikskólastjóra. Síðan var gestum boðinn ís sem foreldrafélagið sá um að afhenda. Elís Guðjónsson gaf leikskólanum bát sem fékk nafnið Bára.

Fóstra var ráðin við skólann haustið 1992 en hún hætti við að koma. Frá september 1992 hefur verið boðið upp á sveigjanlegan dvalartíma í leikskólanum og mat í hádeginu og morgunhressingunni var breytt í morgunverð kl. 8.20. Í júní 1993 voru ráðnar tvær nýútskrifaðar fóstrur við skólann, þær Sigríður Herdís Pálsdóttir og Rebekka Jónsdóttir, og skiptu þær leikskólastjórastöðunni á milli sín og unnu inni á deildum. Þær notuðu sumarlokunina til að breyta tilhögun húsnæðisins og breyttist starfsemin talsvert. Sett var upp valkerfi, elstu barna verkefni einu sinni í viku, fastur afleysingamaður var ráðinn og starfsmaður í eldhús fjóra tíma á dag.

Ýmis félagasamtök hafa styrkt leikskólann með gjöfum í gegnum tíðina. Má




*Í maí 1992 – nýjasta tíska!!!*

þar nefna Rauðakrossdeildina, Kvenfélagið, Lionsklúbbinn, Sjómannadagsráð, Kiwanis, og einnig hafa margir einstaklingar stutt leikskólann. Sumarið 2004 ákvað styrktarsjóður Ragnhildar Rúnar að styrkja leikskólann með því að aðstoða við að kaupa nýjan kastala til að setja á leikskólalóðina. Var fengið fjármagn frá sveitarfélaginu á móti styrktarsjóðnum. Sjálfboðaliðar sáu um að setja niður kastalann. Kvenfélagið Gleym mér ei gaf síðan 50.000 kr. upp í kostnað vegna gúmmímotta sem settar verða í kringum kastalann.

## Stækkun 2006

Árið 1999 var orðið ljóst að leikskólinn væri of lítill vegna fjölgunar barna í Grundarfirði og eins vegna aukins dvalartíma hjá hverju barni, starfsmanna-aðstaða var léleg og eldhúsaðstaða þröng. Leikskólastjórar gerðu þarfagreiningu á stækkun leikskóla og komu með tillögur um viðbyggingu eða nýjan leikskóla. Ákvörðun bæjarstjórnar í nóvember 2000 var sú að byggja við leik-

skólann þar sem það væri aðkallandi þörf á því og nýbygging tæki lengri tíma. Með viðbyggingu var ákveðið að bæta starfsmannaðstöðu, eldhús og fataherbergi. Einnig var gert ráð fyrir fjölgun nemenda. Í samstarfssamningi meirihluta í bæjarstjórn eftir kosningar var ákveðið að halda sig við það að byggja við leikskólann eigi síðar en 2004. Var valið í byggingarnefnd. Tveir fulltrúar úr meirihluta og einn úr minnihluta voru í nefndinni ásamt byggingarfulltrúa og leikskólastjórum. Hóf sú nefnd strax störf þá um haustið og var grunnhugmynd að viðbyggingu upp á 132 $m^2$ tilbúin 2003. Vegna verkefnastöðu í sveitarfélaginu var ákvörðun tekin í desember 2003 að fresta útboði á viðbyggingu til ársins 2005. Þar sem Fjölbrautaskóli Snæfellinga var byggður og leit út fyrir fjölgun í byggðalaginu var ákveðið að bæta við þannig að viðbyggingin yrði 171,6 $m^2$ til að koma til móts við ef fjölgun yrði í bænum. Viðbyggingin var boðin út í júní 2005 og er það Trésmiðja Guðmundar Friðrikssonar sem sér um bygginguna sem á að vera tilbúin 30. júní 2006. Þá verður Leikskólinn Sólvellir 446 $m^2$.

## Foreldrafélag

Foreldrar og starfsfólk komu saman í maí 1988 og sendu bréf til hreppsnefndar með beiðni um að útileiksvæðið yrði lagfært, en hluti af lóðinni var eins og tjörn þegar rigndi, einnig þurfti að endurnýja leiktæki. Varð þetta til að foreldrafélag var stofnað 17. nóvember 1988. Árið 1989 var skipt um jarðveg í lóðinni og unnu foreldrar á vegum foreldrafélagsins við að raka yfir lóðina og mála útileiktæki og húsið. Hefur síðan verið unnið að endurbótum á leiksvæðinu og hafa ýmsir tekið þátt í því. Foreldrafélagið hóf söfnun fyrir kastala á leiksvæðið árið 1989, og voru sendir söfnunarbaukar í hús. Kökubasarar hafa verið haldnir, safnað dósum og flöskum og selt og seld rauð nef til fjáröflunar, og var kastalinn keyptur haustið 1991. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir skemmtunum á sumardaginn fyrsta, náttfataböllum, farið í íþróttahúsið og keypt að leiksýningar. Haldnar hafa verið grillveislur fyrir börn og foreldra og einnig voru gróðursettar trjáplöntur í reit í skógræktinni við Eiði árið 1990. Einnig hefur foreldrafélagið gefið leikskólanum aðrar gjafir og stutt hann á margan hátt.



*Vel nýtt vegasalt janúar 1995.*

## Starfsfólk

Þegar leikskóli var stofnaður í Grundarfirði skiptu tvær fóstrur, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Hjördís Vilhjálmsdóttir, á milli sín forstöðumannsstöðunni. Árið 1985 fékkst ekki fóstra við skólann og var Matthildur S. Guðmundsdóttir fengin til að vera forstöðumaður. Svo var það í júní 1993 að tvær nýútskrifaðar fóstrur (sem síðar breyttist í leikskólakennara) réðu sig við skólann, þær Rebekka Jónsdóttir, sem var hér í eitt ár, og Sigríður Herdís Pálsdóttir, sem enn er hér leikskólastjóri, í 100 % stöðu. Eydís Lúðvíksdóttir þroskaþjálfi tók við af Rebekku í 50% stöðu leikskólastjóra 1994–1996. Matthildur leysti Sigríði af í 50% stöðu 2002–2004 þegar hún fór í framhaldsnám í stjórnun menntastofnana. Á fyrstu árum leikskólans var ekkert um að ófaglært starfsfólk leikskólans fengi námskeið sem efldi það í starfi. En þá var það í mars 1985 að starfsfólk leikskólans sótti tveggja daga námskeið í Borgarnesi fyrir dagvistarheimili á Vesturlandi. Starfsfólk tók þátt í námskeiði um mál- og talörðugleika barna í Grundarfirði árið 1989 hjá Svanhildi Svavarsdóttur og Hrafnhildi Sigurðardóttur talmeinafræðingum. Námskeið



*Útskriftarhópur árið 2000.*

í leikskólauppeldi fyrir starfsfólk í Grundarfirði, Ólafsvík og Hellissandi var haldið 1989–1990 af Selmu Dóru Þorsteinsdóttur og Sesselju Hauksdóttur. Var fyrsti hlutinn haldinn tvo daga í október 1989 í Ólafsvík, þá þrír dagar í Reykjavík og að lokum komu þær stöllur tvo daga í maí í leikskólana og leiðbeindu starfsfólki. Höfðu starfsmenn mikið gagn af þessu námskeiði og voru gerðar breytingar á starfseminni og á húsnæðinu. Settir voru upp hópar með hópavinnu og boðið var upp á hressingu í leikskólanum sem foreldrar borguðu fyrir og hættu börnin þá að koma með nesti með sér. Starfsfólk sótti námskeið hjá Herdísi Storgaard um slys á börnum í Grundarfirði í apríl 1992 og í september var námskeið í skapandi starfi í leikskólum haldið í Stykkishólmi og var það fyrir starfsfólk á Snæfellsnesi og í Búðardal. Á síðustu árum eru námskeið orðinn fastur liður í símenntun starfsfólks leikskólans. Í janúar 2006 starfa í Leikskólanum Sólvöllum 13 starfsmenn. Stöðugildi eru 10,5 þar af eru sex leikskólakennarar í 5,75 stöðugildum (þar fyrir utan er einn leikskólakennari í 50% námsleyfi í náminu nám og kennsla ungra barna), leiðbeinendur sem starfa inni á deild eru í 3,1 stöðugildi, stöðugildi í eldhúsi er 1,03 og í þrifum 0,6.



*Allir úti í snjó.*

## Starfsemin

Leikskólastarfið er fléttað saman af fjölbreyttum námsviðum, leik og daglegu lífi. Leikskólinn starfar eftir aðalnámsskrá leikskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu 1999 og skólanámsskrá Leikskólans Sólvalla sem var fyrst gefin út 2003. Starfið byggist í megindráttum á kenningum Johns Dewey

þar sem sagt er að nám barna felist fyrst og fremst í því að þau fái að upplifa og prófa hluti á eigin forsendum. Góð samskipti – vinátta – virðing eru undirstaða starfsins. Við erum í góðu samstarfi við grunnskólann, tónlistarskólann, bókasafn, heilsugæslu, Fellaskjól og fyrirtæki í Grundarfirði. Unnið hefur verið mikið að endurvinnslu og skólinn er „Skóli á grænni grein" og stefnir að því að sækja um Grænfánann. Sótt var um styrk til að vinna þróunarverkefni með ferlimöppur til að skapa markvisst upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Styrkurinn sem við fengum var 250.000 kr. og dreifist á skólaárin 2004–2005. Verkefnið beinist að nemendum í árgangi 2002, en allir nemendur leikskólans fengu ferlimöppu. Verkefnið kallast *„Ég og leikskólinn minn."* Ég og leikskólinn minn er verkefni þar sem útbúnar eru ferlimöppur fyrir hvert barn. Inn í ferlimöppurnar eru settar upplýsingar um þroska barna á hverju tímabili. Hægt er að lesa um þróunarverkefnið og skólanámskránna á heimasíðu leikskólans. Nú í apríl 2006 eru nemendur í leikskólanum 51. Dvalarstundir eru í heildina 343 og meðaltal á barn eru 6,7 stundir. Þar sem leikurinn er námsleið leikskólans vil ég enda þessa samantekt á þessum spakmælum:

**Við hættum ekki að leika okkur af því að við verðum gömul,**
**við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur".**

## *Heimildir:*

Fundargerðabækur Kvenfélagsins Gleym mér ei í Grafarnesi 1958–1964 og í Grundarfirði 1964–1980.

Minnispunktar Hildar Sæmundardóttur, Grundarfirði, frá 10 ára afmæli leikskólans 1989.

Stefnuskrár stjórnmálaflokkanna í Grundarfirði 1990.

Fundargerðir hreppsnefndar og leikskólanefndar 1990–1992 .

Fundargerðarbók foreldrafélags Leikskólans Sólvalla 1989–1993.

Ritgerð við Fósturskóla Íslands í október 1993, Matthildur S. Guðmundsdóttir.

Námsskrá Leikskólans Sólvalla 1996.

*Hermann B. Jóhannesson*

# Fermingarárið mitt

Ég ætla að reyna rifja upp fermingarárið mitt. Ég er þeirrar skoðunar að allir hafi frá einhverju að segja. Eina skilyrðið er að viðkomandi setjist niður með jákvæða hugsun og fari að rifja upp liðna tíma. Ég byrjaði bara að punkta hjá mér það sem ég mundi. Ég bjóst svo sem ekki við neinu merkilegu. Svo bættist við smátt og smátt og niðurstaðan er þessi:

Árið sem ég fermdist var 1966. Þetta skólaár var okkur kennt í kirkjukjallaranum. Mig minnir að þetta hafi verið frekar snjóléttur vetur. A.m.k. man ég eftir því að það var ekki nógu mikill snjór til að fela sig þegar löggan var á eftirlitsferð. Því ég held að þetta sé fyrsti veturinn sem ég man eftir löggu að störfum. Fyrstu löggurnar voru Gunni Friðjóns, Villi Péturs og Snolli, en mig minnir að hann hafi aðallega verið balllögga.

Að ganga til prestsins var, er og á að vera svolítið spes, og við vorum oft heima hjá séra Magnúsi og frú Áslaugu. Hún var afburðaþægileg manneskja og séra Magnús líka, en hann reyndi aga okkur sem gekk ekki mjög vel hvort sem það var honum að kenna eða okkur. Við strákarnir vorum svo sem engir englar. Það var ég, Árni Halldórs, Bergur, Palli Guðmunds, Pálmar og Þráinn. Séra Magnúsi gekk miklu betur að ná til stúlknanna, en þær voru Alda, Ásta Jera, Ella Stjána, Gústa Hinna, Gerða Sveinka, Kristín Þórðar, Stína Gísla og Salbjörg Jóseps. Við vorum síðasti árgangurinn af þorpurunum sem fermdist í Setbergskirkju, því Grundarfjarðarkirkja var vígð í ágúst 1966. Svo kom fermingardagurinn, frekar gott veður og við stilltum okkur upp til fermingarmyndatöku af hópnum. En erfitt var að finna fermingarmynd af okkur. Það minnisstæðasta við fermingardaginn minn, sem var 28. apríl, er að í veislunni eftir ferminguna var mér sagt að afi minn hafði látist þá um morguninn. Hann



*Árgangur 1952 útskrifast árið 1966. Með á myndinni er skólastjórinn, Örn Forberg. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

ól mig upp ásamt Fía, frænda mínum, í litla húsinu að Grundargötu 19. Ég man varla eftir fermingargjöfunum, því ég yfirgaf fermingarveisluna.

Af fleiri leiðinlegum málum á árinu. Ég man vel eftir þeim hörmulega atburði þegar Hinrik Hinriksson drukknaði í höfninni. Í minningunni man ég eftir hvað þetta tók á alla, meðal annars Fía, frænda minn, sem fann líkið af drengnum í höfninni. Fíi var mikil heimilisvinur foreldra Hinna, þeirra Röggu og Hinna, Ragnheiðar Ásgeirsdóttur og Hinriks Eldbergssonar. Þegar Hinrik drukknaði, var afi hans, hann Ásgeir á Kampinum, nýlátinn og voru þeir jarðaðir saman.

Það var þetta ár sem símstöðin brann. En þá breyttust símanúmer Grundfirðinga úr tveggja stafa í fjögurra stafa númer sem öll byrjuðu á 86, en ef við þurftum að hringja í sveitabæina var hringt í 8611 og símstöðin svaraði „miðstöð" og hringdi áfram á viðkomandi sveitabæ. Hver bær hafði ákveðna hringingu, t.d. ein löng og tvær stuttar hringingar eða ein stutt hringing og tvær langar. Í símaskránni 1959 eru 11 símanúmer og svo sveitasímarnir. Í símaskránni 1967 voru skráð 104 símanúmer sem voru 4 stafir og byrjuðu á 86

... Þar af var 21 númer 8611 en það var inn á símstöðina sem gaf samband við sveitabæina.

Það var næg vinna fyrir okkur, og við unnum í skreið um sumarið. Það var mikið af skreið og skemman inn við Gilós var hér um bil full. Ég man eftir mér inni í trönum bæði að hengja upp skreið, þannig að það hefur verið einhver vetrarvinna, að skera niður og svo að raða inn í skreiðapressuna og taka baggana út úr pressunni.

Ef ég man rétt opnaði Þórður Pálsson búðina/sjoppuna (sem er núna Kommakot) þá um vorið og var með fiskbúð í gömlu sjoppunni. Ég man það mjög vel hvað ég var hissa og hrærður þegar Þórður rétti mér fermingargjöf, flott flugvélarmódel til að setja saman.

Þá var bíó tvisvar í viku og þá var selt prógramm þar sem sagt frá leikurunum og efni myndarinnar. Maður átti öll prógrömmin. Ég er nokkuð viss að þetta sumar var Batti að leggja vatnsleiðsluna fyrir ofan Bárðargröf.

Þá náði Hrannarstígurinn rétt upp fyrir þar sem Árni Halldórsson átti heima og Ívar frá Hellnafelli átti heima á neðri hæðinni og tvær fjölskyldur áttu heima hinum megin við götuna, Júlli Gests, og ég man ekki hver átti heima hinum megin á efri hæðinni. Þá átti Palli heima í skakka húsinu, Bergur á efri hæðinni í Götuprýði, Hörður á gröfunni átti heima á neðri hæðinni og Siggi sterki og Hjörleifur bjuggu í eystri hluta Götuprýði á efri hæðinni. Ekki man ég hver átti heima á neðri hæðinni. Þau áttu öll heima í Götuprýði, minnið segir mér að það hafi verið árið 1966.

Svo um haustið gerðist einstakur atburður. Í huga mínum er föstudagskvöld seint í ágústmánuði, það hlýtur að hafa verið leiðinlegt veður um daginn því það var þónokkur alda í höfninni. Það voru nokkrir bátar rétt fyrir utan höfnina með ljós við borðstokkinn að veiða smokkfisk. Ekki man ég af hverju við vorum niðri á bryggju. En kvöldið endaði þannig að við strákarnir stóðum úti í sjó með bala undan bjóðum þar sem búið var að reka neglur í götin svo balinn flyti. Þetta var járnbalar með fjórum götum á botninum. Smokkfiskurinn gekk inn á Grundarfjörð og leitaði upp í ljósin við bryggjuna. Við veiddum hér þónokkuð mikið með höndunum. Rosalega var það gaman. Í upphafi stóðum við úti sjónum og þegar við sáum smokkfiskinn þá var bara að vera nógu snöggur að grípa í búkinn á honum og í einu handtaki var honum kastað beint ofan í balann. Varnir smokkfisksins eru að spýta svörtu og fela sig þannig. Svo

fór sjórinn og við að vera svartir og þá var erfiðara að ná réttu taki á smokkfisknum. Þá gerðist það sem var rosaóþægilegt, a.m.k. fannst mér það hræðilegt þegar smokkfiskurinn náði með örmunum utan um höndina og sleppti ekki. Þá var bara að hrista höndina nógu hratt þangað til hann losnaði og þá flaug hann eitthvað. Ekki man ég hvað við veiddum mikið þetta kvöld en við komum blautir, svartir og ánægðir heim. Svo áttum við strákarnir að vinna daginn eftir á laugardegi. Þegar við mættum til vinnu um morguninn sáum við fljótandi smokkfisk í flæðarmálinu. Þegar hafði fallið út um nóttina fjaraði undan smokkfisknum og hann drapst þannig að við sóttum síldarháfa og mokuðum smokkfisknum upp í bala. Við strákarnir fengum að mig minnir yfir 400 kg sem við seldum hraðfrystihúsinu, eða hvort það var Hjálmar Gunnarsson sem keypti smokkfiskinn. Ég man það ekki en þetta var góð búbót, því við vorum á helgarkaupi hjá frystihúsinu. Smokkfiskurinn gekk inn á fjörðinn tvö ár, ég man ekki hvort þetta var fyrra eða síðara árið.

Þá var ekkert sjónvarp, ég held að fyrstu sjónvörpin hafi komið fyrir jólin 1966 a.m.k. komu sjónvörp 1967, og bara gufan til að hlusta á í útvarpinu. Hvað gerðum við þá? Ég man ekki eftir að okkur hafi leiðst, það er eins og það hugtak hafi ekki verið til.

Ein af minningunum er að fullorðna fólkið var fólk sem var á aldrinum 30 til 40 ára þá, en unglingurinn man bara eftir fullorðnu fólki og svo gömlu fólki, þannig var það og er eflaust enn. Það eru þá þónokkur ár síðan ég var orðinn fullorðinn, skagar hátt upp í að ég sé flokkaður með gamla fólkinu, enda 40 ár síðan ég fermdist.

Niðurstaðan er sú að þetta var mjög merkilegt ár, skemmtilegt var að rifja það upp og mér sem fannst í upphafi að þetta hafi verið venjulegt ár. Ekki frá neinu merkilegu að segja. Ef ég hefði haft þetta lengur fyrir mér og látið lesa þetta yfir hefði þetta getað orðið skemmtilegri smágrein. Ég nota víða orðin mig minnir því ég hafði ekki tíma til að staðfesta að atburðirnir hefðu gerst á þessu ári, mig minnir það. Hvað manst þú?

*Sunna Njálsdóttir*

# Byggingarsaga Grundarfjarðarkirkju

Búseta manna í Eyrarsveit breyttist mikið fyrir miðja 20. öldina eins og víða annars staðar þar sem fiskveiðar og þjónusta við útgerð jukust með tilkomu kæli- og frystitækninnar. Íbúarnir stunduðu flestir sjóinn með búskap sínum og áttu fáar kýr eða kindur. Byggð var þéttust í plássunum sem mynduðust þar sem útræði var best. Kvíabryggja og Eyrarpláss voru stærst en kot eða hjáleigur voru á mörgum bæjum. Setbergssókn nær frá Búlandshöfða í vestri til Berserkseyrar í austri og er Setbergskirkja í miðri sveit. Bændum í Útsveit þótti langur vegur fyrir marga að fara til kirkju og í byrjun 20. aldar hófu þeir að safna fyrir byggingu nýrrar kirkju á Kvíabryggju. Það féll um sjálft sig þegar íbúar byrjuðu að flytja burtu upp úr 1930 og fóru margir suður. Svo ákveðnir voru menn í undirbúningi kirkjusmíðinnar að sóknarmörk höfðu verið ákveðin við Kirkjufellsá og hafði Jónatan Halldór Runólfsson málað mynd af Kristi og skyldi hún verða altaristafla nýju kirkjunnar. Myndin var seinna gefin Grundarfjarðarkirkju af ekkju Halldórs, Kristínu Þórðardóttur, og hangir hún í fordyri kirkjunnar og er til mikillar prýði.

Í frásögn sinni *Grundarfjarðarævintýrið* segir Oddur Kristjánsson frá byggingu frystihúss og hafskipabryggju í Grafarnesi upp úr 1940. Á sama tíma fluttist fólkið sem bjó á bæjunum á Kvíabryggju í þorpið og lagðist þá af búskapur og útræði þar. Alltaf fjölgaði íbúunum í Grafarnesi og árið 1960 voru þeir orðnir um 550. Jafnframt hélst fjöldi íbúa á bæjunum nokkuð jafn og varð töluverð endurnýjun í liði ábúenda á sjötta tug aldarinnar (A.K. 2006). Prestssetur var

á Setbergi eins og hafði verið síðan 1564 þegar presturinn á Öndverðareyri fluttist að Setbergi með kúgildi og alla peninga Öndverðareyrarkirkju en hún var lögð niður það ár (Á.G. 2004). Í ítarlegri grein Ásgeirs Guðmundssonar um kirkjur og presta í Eyrarsveit fjallar hann um þessar hræringar í sóknarmálum og kemur fram að messað var í samkomuhúsunum á Kvíabryggju og síðar í Grafarnesi þar til kirkja reis í kauptúninu.

## Guðbjartur Jónsson byggingarmeistari

Hér á eftir fer uppskrift dagbókar Guðbjarts Jónssonar byggingarmeistara í Reykjavík en hann skrifaði lýsingu á smíðinni og helstu viðburðum árin sem hann sá um byggingu kirkjunnar fyrir sóknarnefnd Setbergssóknar. Bókina gaf hann söfnuðinum í tilefni af vígslu seinni hluta kirkjubyggingarinnar 11. júlí 1982.

Vélritað bréf frá sóknarnefnd Setbergssóknar fylgir gestabókinni. Það er dagsett 15. ágúst 1982. Í því þakkar sóknarnefndin Guðbjarti Jónssyni fyrir „skemmtilega bók" og bætir við: „hún er reyndar meira, þetta eru ágætis heimildir um byggingasögu Grundarfjarðarkirkju". Sóknarnefndin lofar að varðveita bókina og hafa hana einnig til sýnis. Fram kemur að seinni áfanga kirkjunnar sé að mestu lokið og hún hafi verið vígð þann 11. júlí sama ár.

Dagbókinni fylgja ljósmyndir af fólkinu frá Alkirkjuráðinu og vinnuflokki sem skipaður var heimamönnum. Myndirnar sýna bæ í örum vexti, ófullgerðar götur, íbúðarhús á ýmsum byggingarstigum og leiki og samkomur sem tengdust Oikoumenisku vinnuflokkunum 1960 og 1962.

Guðbjartur Jónsson fæddist 10. febrúar 1893 og ólst upp í stórum



*Guðbjartur Jónsson, byggingarmeistari.*

systkinahópi á Skógi á Rauðasandi. Foreldrar hans voru Jón Runólfsson, f. 24. ágúst 1858, bóndi á Skógi, og Kristín Magnúsdóttir, f. 19. apríl 1865, frá Saurbæ á Rauðasandi. Systkini Guðbjarts voru: Runólfur Jón, Hermann Guðmundur, Jóhanna, Sigurður, Baldvin, Þórarinn, Gunnlaugur Ágúst, Guðbjörg Bryndís, Trausti, Guðmunda Sigríður, Halldór og Þorbjörg Valgerður.

Kona Guðbjarts var Steinunn Magnúsdóttir, f. 26. ágúst 1892. Þau bjuggu að Grenimel 26 í Reykjavík. Steinunn lést þann 2. mars 1955.

Guðbjartur Jónsson byggingarmeistari stundaði vinnu sína víða um land í yfir hálfa öld eins og kemur fram í dagbók hans. Hann var farsæll í starfi og mannahaldi og þakkaði það Guði sínum (Minningargreinar Mbl., Garður.is).

## *Úr dagbók Guðbjarts Jónssonar*

Reynt er að halda frásögn og orðfæri Guðbjarts óbreyttu en stafsetning og greinamerki færð til nútímahorfs. Skáletur er notað til að auðkenna breytingu á texta Guðbjarts.

Ljósmyndir sem fylgja textanum voru gefnar honum af erlenda fólkinu ef annað er ekki tekið fram.

## *Kirkja byggð í Grafarnesi*

## *Oikoumeniski vinnubúðaflokkurinn 1960*

Börge Bahn Mogensen, Holbæk, Sjálandi, Danmörku. Bóndi.
Charles F. McClure (Kalli), Kaliforníu, USA. Arkitektnemi.
Charles H. Stringham (Tarsan), Connecticut, USA. Læknanemi.
Elesabeth Kielderup Jörgensen, Söborg, Danmörku. Menntaskólakennari.
Helga Fischer, Saar, Þýskalandi. Einkaritari.
Ida E. Ekkens, Amsterdam, Hollandi. Sérfræði í sjúkrameðferð.
Lila E. Willams, Suður-Karolínu, USA. Kirkjufulltrúi eða aðstoðarprestur.
Robert Carlson (Bob), Illinois, USA. Efnaverkfræðingur.
Bernharður Guðmundsson, Reykjavík.
Kolbeinn Þorleifsson, Reykjavík. Guðfræðinemi.
Páll Cecilsson, Grafarnesi.
Magnús Guðmundsson, Setbergi. Sóknarprestur.
Guðbjartur Jónsson, Reykjavík.

## 1960. Fyrsti áfangi

### *Fyrri vinnuflokkurinn*

Vinnan hófst 20. júní 1960. Var þá búið að ýta ofan af jarðvegi og sprengja. Flokkurinn vann við gröft og mótauppslátt og steypti botn undir þann hluta kirkjunnar sem þá var byggður. Og sló upp veggjamótum að kjallara. Flokkurinn var tæpan mánuð.

Farið var á fætur kl. 6 að morgni. Kl. 6½ var morgunmatur: hafragrautur, mjólk, brauð, smér og te eða kaffi. Karlmaður og stúlka framreiddu matinn, til skiptis, sinn daginn hvort. Strax og búið var að borða var sunginn sálmur og lesið úr ritningunni, svo sungið á eftir og þögn í nokkrar mínútur. Fólkið skiptist á að sjá um morgunbænir.

Vinna byrjaði kl. 7.20 og *var* unnið til kl. 10. Þá var kaffi og smurt brauð með ofanáleggi og stundum smákökur og pönnukökur. Nóg var af mjólk fyrir okkur.

Kl. 10½ var aftur hafin vinna og unnið til klukkan 2 e.h., þá var vinnu lokið – vinnudagurinn var 6 t. á dag. Kl. 2–3 var borðaður miðdagur og kvöldverður 6–7. Svo var kaffi kl. 9 e.h. Miðdags- og kvöldverð framreiddu konur úr Grafarnesi. Var það prýðismatur. Dáðust allir að þeim fyrir þá fjölbreytni í matartilbúningi. Eiga þær þakkir skildar fyrir þá landkynningu sem þær gerðu. Forstöðukonan var frú Soffía Jóhannsdóttir kennari við barnaskólann ásamt *fleiri konum* er unnu með henni.

Kl. 7–9 var landakynning og þá sagt frá því helsta markverða í atvinnu og menningu hvers lands. Hér voru saman komnir fulltrúar frá 9 kirkjudeildum. Var kynnt starf og trúarlíf hverrar deildar.

Við héldum til í verbúðahúsi í Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar. Voru þar góð íbúðarherbergi. Þar skammt frá höfðum við í íbúðarhúsi *eitt* herbergi og eldhús. Þar borðuðum við og einnig var þar öll trúar- og kynnisstarfsemi.

Allt erlenda fólkið hafði aldrei komið nálægt byggingu áður. Dáist ég að þeim dugnaði og áhuga sem þetta fólk sýndi í öllu starfi sínu og voru stúlkurnar sérstaklega lagnar við alla vinnu.

Allt samtal var á ensku. Túlkar voru: Bernharður Guðmundsson, séra Magnús og Kolbeinn Þorleifsson, leystu þeir það verk með ágætum. Foringi erlenda fólksins var Elesabeth Jörgensen, ágætisstúlka. Fyrirliði og framkvæmdastjóri var séra Magnús Guðmundsson, var hann formaður bygging-



*Framkvæmdir við kirkjuna að hefjast. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

arnefndarinnar, með honum voru í henni: Guðríður Sigurðardóttir símstjóri og Páll Cecilsson. Allt þetta fólk var eitthvert það besta sem ég hefi kynnst. Samstarfið var með þeim mjög ánægjulegt og gott. Á ég ótal margar ánægjulegar sólskinsstundir frá þeim tíma sem ég mun aldrei gleyma.

Ég tel mig geta lagt dóm á starfshæfni manna eftir um 50 ára starf í byggingariðnaði. Þar af atvinnurekandi frá 1928-1958. Á þessum tíma starfaði ég með miklum fjölda manna úr mörgum stéttum þjóðfélagsins. Vona ég að það verði ekki misvirt þó ég geti þess að enginn hefur skilið eftir hjá mér jafn góðar minningar og erlenda vinnubúðafólkið. Elesabeth og Helga hafa fram að þessu sent mér kort og bréf og Ida þar til nú um jólin. Hef ekki fengið svar frá henni. Hún gæti verið flutt til annars lands. Öllu því fólki í Grafarnesi sem ég kynntist og þurfti að leita til og starfa með færi ég mínar bestu þakkir fyrir ágæt kynni og samstarf.

Að lokum bið ég Guð að halda sinni almáttugu hendi yfir kirkjunni, byggðarsveit og öllum innlendum og erlendum mönnum sem unnu að byggingunni.

20. jan. 1963.<br>
Guðbjartur Jónsson.

## *Oikoumeniski vinnuflokkurinn 1962*

Joe Sterrett, Missouri, USA
Christian Pfister, Rümlang, Sviss
Inger Lise Helms, Kaupmannahöfn, Danmörku
Sigrid Schulze, Emden, Þýskalandi
Jytte Martinsen, Århus, Danmörku
Hanne Lauridsen, Kaupmannahöfn, Danmörku
Urban Zetterquist, Stokkhólmi, Svíþjóð
Carol L. Bentson, Norður-Dakota, USA
Andreas Murray, Uppsölum, Svíþjóð
Nico Van Waveren, Zeist, Hollandi
Kirsten Poulsen, Gilleleje (Kaupmannahöfn), Danmörku
Lárus Þorv. Guðmundsson, Reykjavík
Guðrún Agnarsdóttir, Reykjavík
Magnús Guðmundsson, Setbergi
Áslaug Sigurbjörnsdóttir, Setbergi
Ingólfur Guðmundsson, Reykjavík
Guðbjartur Jónsson, Reykjavík
Soffía Jóhannesdóttir, Grafarnesi

## *1962. Annar áfangi*

Veturinn 1962 var ákveðið með vorinu að hefja framkvæmdir við annan áfanga kirkjubyggingarinnar í Grafarnesi og var ég beðinn að stjórna því verki. Búið var að ráða erlendan vinnuflokk frá Alkirkjuráðinu í Genf, um þriggja vikna tíma, frá 6. júlí til 27. júlí.

Byggingarnefnd og söfnuður höfðu samþykkt að lengja kirkjuskipið.

Í febrúarmánuði komum við saman á fund: arkitektinn Halldór Halldórsson, Pétur Guðmundsson verkfræðingur, séra Magnús Guðmundsson og ég undirritaður. Ræddum við þar um *þann* möguleika að steypa upp alla kirkjuna eins og uppdrættir sýndu. Magnús taldi það ekki fært vegna of lítils fjár að ráðast í svo stórt verk. Ég benti á hvort það væri ekki hægt að sleppa turninum sem á að vera við norðurhlið kirkjunnar – hann er 4,5 x 4,8 m *að grunnfleti*, hæðin verður 23 metrar – og kosta mun stóra fjárhæð. Arkitektinn vildi ekki fallast á þetta. Sagði hann að ef turninum yrði sleppt yrði hann aldrei byggður. Þegar

# Oikomeniski vinnuflokkurinn 1962.

Veturinn 1962 var ákveðið, með vorinu,
að hefja framkvæmdir, við annan áfanga kirkju-
byggingarinnar í Grafarnesi. Og var ég beðinn að
stjórna því verki. Búið var að ráða erlendan vinnu-
flokk, frá alkirkjuráðinu, í Genf, um þriggja vikna
tíma: frá 6. júlí, til 27. júlí.

Byggingarnefnd og söfnuður höfðu samþykkt að lengja
kirkjuskipið. Í febrúarmánuði, komum við saman
á fund: arkitektinn Halldór Halldórsson, Pétur Guð-
mundsson verkfræðingur, séra Magnús Guðmundsson
og ég undirritaður. Ræddum við þar um möguleika,
að steypa upp alla kirkjuna, eins og uppdrættir sýndu.
Magnús taldi það ekki fært, vegna of lítils fjár,
að ráðast í svo stórt verk. Ég benti á, hvort það væri
ekki hægt að sleppa turninum, sem á að vera við norður-
hlið kirkjunnar, – hann er 4,50 x 4,80 cm. hæðin verður
23 metrar, – og kostar mjög stóra fjárupphæð. Arkitektinn
vildi ekki fallast á þetta. Sagði hann, að ef turninum
yrði nú sleppt, yrði hann aldrei byggður. Þegar þessi
leið var ekki fær, lagði ég til að kirkjuskipið væri tekið
að turni. Það var samþykkt af okkur öllum. Og
svo af byggingarnefnd og söfnuði. Við þessa ákvörð-
un varð að lengja kirkjuskipið um 8.20 m. – en
öll verður kirkjan 23 x 8.60. –, áður var búið að steypa 6.30 x
8.60, sem er kjallari, undir kór kirkjunnar. Verður þar
félagsheimili. Auk þess er útbygging, sem er 7.80 x 9 m
um nokkuð af því er 2.60 x 5 ca. metrar. Í kjallaranum,
auk félagsheimilis: Eldhús, stigahús, 2 snyrtiklefar.



*Ekki er byggðin þétt. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

þessi leið var ekki fær lagði ég til að kirkjuskipið *yrði* tekið að turni. Þetta var samþykkt af okkur öllum *og seinna* af byggingarnefnd og söfnuði.

Við þessa ákvörðun varð að lengja kirkjuskipið um 8,20 m en öll verður kirkjan 22 x 8,60 m. Áður var búið að steypa 6,3 x 8,60 sem er kjallari undir kór kirkjunnar. Verður þar félagsheimili. Auk þess er útbygging sem er 7,8 x 9 m en nokkuð af *henni* er 2,6 x 5,0 metrar.

*Kjallari og stigahús* voru byggð sumarið 1960. Í kjallara er auk félagsheimilis: eldhús, *tveir* snyrtiklefar, stórt herbergi fyrir hitatæki kirkjunnar, líkhús og rúmgóð forstofa (*gangur eða hol*). Hæð kjallara er 3,24 m en *hluti hans er* 2,76 m. Á efri hæð útbyggingar er í nokkru af henni: stigahús, gangur, salerni, skrúðhús og gott skrifstofuherbergi. *Í hluta hennar, næst* kirkjuskipi á að vera pípuorgel og *pláss fyrir* söngfólk. Hæð kirkjuskips í framkirkju er frá gólfi og upp í mæni, 8,60 m. Í innkirkju er gólfið 32 sm hærra og kórinn er 48 sm hærri en innkirkjan. Hæð frá kjallaragólfi í félagsheimili og upp á mæni er 11 metrar.

*Úr dagbók Guðbjarts Jónssonar.*

## Heimamenn

Ég fór vestur 27. maí. Engan mann var búið að ráða. Varð ég því sjálfur að útvega þá. Gekk það þolanlega. Þeir sem ég réði voru: Gunnar Stefánsson, Þórólfur Guðjónsson, ágætlega lagnir og duglegir við smíðar. Þeir voru 1960 með mér við að ljúka við mót og steypa kjallarann eftir að vinnuflokkurinn fór. Með þessum tveimur fékk ég Vilberg Guðjónsson, Ágúst Breiðfjörð og Búa Jóhannsson. Þeir voru 16 ára gamlir. Þegar síldveiði hófst fór Búi til sjós, í stað hans kom bróðir hans, Kristinn 14 ára gamall. Allir þessir menn reyndust ágætlega duglegir og vandvirkir. Var samvinna okkar með ágætum allan tímann til 24. október. Þá var kirkjan fokheld og *vinnu* hætt í bili.

*Fyrsta* júní byrjuðum við á að grafa og sprengja fyrir útveggjum, steypa þá og gólf. Síðan var farið að slá upp og klæða veggi annarsvegar. Vegghæð er 4,50 m og nokkuð af þeim 3,65. Allir útveggir eru járnbentir með tvöfaldri grind milli glugga – súlur –. Það var mikið verk að klippa, beygja og búa til lykkjur í veggi og geseims (kringum glugga).

### *Seinni vinnuflokkurinn*

Vinnuflokkurinn kom föstudaginn 6. júlí. Erlenda fólkið var 11 manns, 6 stúlkur og 5 karlmenn. Stúlkurnar voru kennarar og kennaranemar. Sumir karlmennirnir voru að hefja nám við æðri skóla. Foringi erlenda fólksins var Nikó, kennaraskólanemi frá Hollandi. Hinir karlmennirnir voru: *tveir* frá Svíþjóð, *einn* frá Svisslandi, og *einn* frá Amiríku. Stúlkurnar voru *fjórar* frá Danmörku, *ein* frá Þýskalandi og *ein* frá Amiríku. Auk þessa var úr Reykjavík, Ingólfur Guðmundson cand. theol. Var hann stjórnandi og fyrirliði alls flokksins. Féll mér ágætlega að starfa með honum og Níkó með allt sem flokki og vinnu hans kom við. *Auk þeirra:* Lárus Þorv. Guðmundsson, guðfræðingur, Guðrún Agnarsdóttir læknanemi og séra Magnús Guðmundsson, Setbergi. Alls 15 manns. Alls *voru* við verkið 21 manns með mér. Allt þetta fólk reyndist prýðilegt í öllu starfi og viðkynningu og var það ekki síður en hinn flokkurinn. Ég var meira með *þessu* fólki en hinum. Átti hægra með að skilja dönsku og sænsku.

Flokkurinn hélt til í barnaskólanum, nýju, ágætu húsi. Eins og áður fengum við *eitt* herbergi og eldhús í húsi skammt frá skólanum (hús Jóns Elbergssonar og Jónínu Kristjánsdóttur). Var stutt til vinnustaðar frá þessum stöðum. Frú



*Guðbjartur og fleiri koma steypuhrærivélinni fyrir.*

Soffía Jóhannsdóttir kennari tók að sér matreiðslu eins og *fyrir* hinn flokkinn en nú var með henni *ein* stúlka úr flokknum, sinn daginn hver til skiptis. Ég hafði herbergi á Grundargötu 16, skammt frá skólanum og var þar í fæði nema þann tíma sem flokkurinn *dvaldi hér*. Borðaði *ég* með honum og var flest kvöld með *fólkinu* frá kl. 7–10½ að kvöldi.

Fyrstu dagana unnu allir að því að klippa steypustyrktarjárn, beygja króka á endana, búa til lykkjur og binda súlur og koma þeim fyrir í veggnum. Þegar búið var að koma járnum í veggi fóru stúlkurnar að klæða þá, binda víra og handlanga. Með þeim voru til leiðbeiningar mennirnir sem voru hjá mér, ein stúlka með hverjum. Þær voru mjög lagnar og námfúsar. Þær voru ekki lofthræddar þó þær yrðu að tildra upp á *fimm* m háum vinnupöllum. Guðrún Agnarsdóttir var túlkur með stúlkunum. Karlmennirnir fóru þá að grafa fyrir vatni og skólpi að kirkjunni. Svo girtu þeir með vírneti stóra lóð umhverfis barnaskólann.

Flokkurinn *dvaldi hér* tæpar þrjár vikur. Þegar hann fór var lokið við að steypa alla veggi upp að geseims (kringum glugga). Allt þetta fólk að undanskildum Ingólfi, Lárusi og séra Magnúsi hafði aldrei komið nálægt bygg-



*Byrjað að slá upp fyrir kirkjunni. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

ingum áður, var algjörlega óvant svona vinnu. Flokkurinn hélt þrjár skemmtisamkomur, eina fyrir börn, aðra fyrir unglinga og þriðju fyrir fullorðna. Voru þær þolanlega sóttar. Útiguðsþjónusta var haldin við bygginguna, við góða þátttöku.

***Dagamunur***

Meðan flokkurinn var í Grafarnesi bauð byggingarnefndin honum í skemmtiferð, eins og hinum flokknum, kringum Jökul. Farið var til Ólafsvíkur ásamt Arnarstapa, Búðum um Staðarsveit og Kerlingarskarð heim. Tveim dögum *fyrir brottför* bauð ég og starfsmenn mínir *fólkinu* í skemmtiferð til Stykkishólms. Skoðaður var spítalinn og kapellan þar. Farið að Helgafelli og skoðuð kirkjan og gengið á Helgafell. Í Berserkjahrauni voru skoðaðir fallegir staðir. Þar sá það fé rúið. Farið var í kringum Eyrarfjall og um kvöldið drukkið kaffi á Setbergi hjá prestshjónunum. Þessi ferð var okkur öllum mjög ánægjuleg.

Síðasta daginn sem flokkurinn var, var haldin kveðjusamkoma inni í kirkjubyggingunni. Allir voru vinnuklæddir. Flestir í plássinu hættu að vinna og mættu, var þar margt fólk saman komið. Sr. Magnús þakkaði flokknum



*Raggi, Sigurdór, Jonni og Sverrir í pásu. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

fyrir komuna og vel unnin störf. Óskaði þeim góðrar heimferðar og framtíðar. Ingólfur Guðmundsson þakkaði góða samvinnu og árnaði kirkju og plássi allrar blessunar. Níkó, foringi flokksins, þakkaði gott samstarf og kynni, óskaði söfnuði allrar blessunar með kirkjubygginguna í nútíð og framtíð. Guðrún Agnarsdóttir var túlkur. Tókst henni það vel að vanda. Á eftir fór flokkurinn í leiki með börnum og unglingum. Skemmtu þau sér vel. Um kvöldið var kveðjustund hjá okkur í barnaskólanum þar sem við borðuðum. Þar talaði sr. Magnús, Ingólfur, Lárus, Soffía, Hanne og Guðrún. Beindi hún fyrir flokksins hönd þökkum til mín. Þakkaði ég henni og flokknum fyrir það. Þetta stóð til kl. hálf tvö um nóttina.

Á *leið til Reykjavíkur var farið* um Uxahryggi *og* Þingvelli. Þoka og súld var alla leið en á Þingvöllum var sæmilegt skyggni. Þótti fólkinu staðurinn fallegur. *Leiðsögumaður* var Guðrún Agnarsdóttir. ... Á laugardag kom allur flokkurinn heim til mín *og* var mjög ánægt með þá stund sem það var í húsi mínu.



*Unnið við lokafrágang kirkjunnar að utan. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

### *Kirkjan reist og búin undir tréverk og múrun*

Annan ágúst fór ég vestur til að halda áfram því sem eftir var af kirkjubyggingunni eins og ákveðið var í byrjun. Sömu menn er byrjuðu hjá mér héldu áfram verkinu. Byrjuðum við á að setja upp geseims (kringum glugga) og mót fyrir steingafla. Steypa þá, laga þak, reisa það, er það óvenjulega sterkt. Þegar búið var að reisa var kirkjan fánum skreytt. Haldið var reisugilli. Þar talaði séra Magnús. Þakkaði hann mér og samverkamönnum fyrir vel unnið starf. Guðríður Sigurðardóttir símstjóri þakkaði okkur einnig. Halldór Finnsson oddviti talaði um kirkjusókn og kirkjubyggingar. Ég þakkaði fyrir mig, þakkaði samverkamönnum gott starf og óskaði presti og söfnuði til hamingju með kirkjuna.

Nú var lokaátakið eftir, að klæða þakið með borðum, pappa og járni, setja upp rennur og sterkan timburvegg í vesturgafl og andyri og tröppur við hann. Þessi gafl er klæddur með timbri, pappa og vírneti. Kirkjan á að múrhúðast næsta sumar og glerja glugga með mislitu gleri. Til bráðabirgða var sett plast í gluggana og listar yfir. Þessu verki okkar lukum við 24. október 1962.

Þegar ég lít yfir liðinn tíma koma fram í hugann margar ógleymanlegar



*Á frídögum var brugðið á leik við heimamenn. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

ánægjulegar stundir sem ég átti með vinnuflokkunum. Þær mun ég geyma og ekki gleyma. Tel þær með bestu stundum lífs míns. Nú um jólin 1962 fékk ég kort og góðar kveðjur frá öllum í vinnuflokknum. Erlendu stúlkurnar sendu mér myndir af sér og mjög hlýjar kveðjur. Ég sendi öllum jólakveðjur.

Reykjavík, 24. jan. 1963.
Guðbjartur Jónsson, Grenimel 26.

## 1963. Múrhúðun

Sumarið 1963 var ég fenginn til að endurbyggja Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf.

Í ágústmánuði var ákveðið að múrhúða kirkjuna að utan. Mér var falið að sjá um verk þetta. Fékk ég vinnuflokk úr frystihúsinu til að setja upp vinnupalla og rífa niður. Guðbjartur Benidiktsson múrarameistari tók að sér verkið og með honum unnu það: Sverrir Lárusson og Jón Hansson og tveir handlangarar. Kirkjan var húðuð með beinhvítu kvarsi. Það er mjög fallegt. Um haustið átti að setja tvöfalt litað gler í gluggana. Litað gler er aðeins í skipinu sjálfu, en vegna óhagstæðs veðurs var hætt við það. Áformað *er* að gera það næsta sumar ef fé og menn fást þá.

Í des. 1963.
Guðbjartur Jónsson.

## Fjórði áfangi 1964. Innrétting

Í mars 1964 var ákveðið að hefja, með vorinu, vinnu við að innrétta kirkjuna. Var mér falið að stjórna því verki og útvega efni og menn. Til þess að gera sér einhverja grein fyrir því hvað kosta mundi að innrétta kirkjuskipið varð að gera kostnaðaráætlun yfir efni og vinnu því tilheyrandi. (Hér kemur listi yfir efni, stærðir og verð. Lokatala er 1.449.021 kr. SN)

Seinni hluta apríl fór ég vestur í Grundarfjörð. Fundur með byggingarnefndinni var haldinn sama kvöld, lesin var upp áætlun mín og samþykkt og mér falið að útvega efni og ráða menn til að vinna verkið og hefja *það* eins fljótt og auðið væri.

Björn Guðmundsson húsasmíðameistari tók að sér að sjá um að setja tvöfalt gler í kirkjugluggana. Hann ætlaði að vinna við innréttingu eftir því sem ástæður leyfðu en varð að hætta við það vegna annarra aðkallandi verkefna hjá *sér*. Þegar þessi breyting varð hjá honum var ég svo heppinn að fá tvo smiði úr Reykjavík, þá Guðmund Hjörleifsson og Stefán Steindórsson. Þeir komu vestur um 10. júní. Var nú byrjað á því að setja liggjandi lista úr 1 x 2" með 50 sm millibili *innan á veggi kirkjunnar*. Milli lista er sett 5 sm plast, utan á þetta kemur lóðrétt grind úr furu 2,2 x 4,5 sm en með 30 sm millibili. Utan á hana koma 8 mm hörplötur niður

á miðja veggi, í plöturnar eru settar 3 x 6 mm raufar sem mynda reiti. Fyrir neðan þær koma 16 mm hörplötur, spónlagðar og lakkaðar, 30 x 210 sm. Þar fyrir neðan koma gólflistar. Ofnar 33 x 6 sm *eru* meðfram öllum útveggjum. Í þeim eru *tvö* spíralrör. Kirkjan verður með venjulegri miðstöðvarhitun. Í stað ketils verður stór vatnstankur með rafmagnshitara og verður notað næturrafmagn.

Þegar smiðirnir voru búnir með grind og plast á veggina var þakið næsta verk. Það er einangrað með 5 sm plasti milli sperra. Svo þiljað langs eftir þakinu með 9 sm breiðum furupanil með rauf á milli og rauf í miðju, verður bilið milli raufa 4 sm. Rissúðin er klædd upp í mæni og lokað þar með panilborði. Innan á panilinn koma furusperrur um 12 sm breiðar og 5-7 sm þykkar.

Guðbjartur Benediktsson múrarameistari múrhúðaði gólf kirkjunnar. Er það það eina sem múrað verður í kirkjuskipinu.

Lokið var við að klæða þakið um 10. september. Urðu smiðirnir þá að hætta vegna þess að Guðmundur var að fara til Svíþjóðar í erindagjörðum og Stefán varð að fara suður. Vegna þess stöðvaðist smíðavinna við kirkjuna. Ekki var hægt að fá smiði í Grafarnesi til starfa.

Júlíus Gestsson rafvirkjameistari sá um alla rafmagnslögn, efni og vinnu. Sigurður Sigurgeirsson vélsmiður í Stykkishólmi tók að sér vinnu á hita- og hreinlætistækjalögn í kirkjuna. Hann var byrjaður á verkinu nokkru áður er smiðirnir fóru og heldur hann áfram sínu verki. Nauðsynlegt er að fá hita á kirkjuskipið sem fyrst til þess að verjast slaga á efni því sem þar er.

Viku eftir að smiðirnir hættu í kirkjunni var verki því sem ég stjórnaði í Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar lokið. Ekkert var nú fyrir mig að starfa í Grafarnesi um ófyrirsjáanlegan tíma. Vegna þessarar óvissu og heilsa mín fór versnandi og óvíst var hvort ég gæti útvegað smið í kirkjuna ákvað ég að hætta við að stjórna því verki sem eftir er við hana.

Ég sagði prestinum frá þessu og benti honum á að reyna að fá smiði í Stykkishólmi til að vinna verkið. Þetta gekk vel. Hörður Ágústsson trésmíðameistari tók að sér að sjá um trésmíðavinnu. Hófst vinnan hjá þeim um mánaðamótin október-nóvember.

Nú var verkstjórn minni lokið í Grafarnesi og fór ég heim 16. september. Viku eftir að ég kom suður lagðist ég veikur og hef legið öðru hvoru síðan í rúma tvo mánuði. Óvíst er hvort ég get starfað lengur. Er nú að verða 72 ára gamall.

### *Að lokum þetta*

Nú þegar útlit er á því að starfsþrek mitt sé að bila vil ég við þessi tímamót þakka Guði mínum fyrir þá miklu náð og vernd sem hann hefur auðsýnt mér á liðinni ævi. Ég hef nú í 45 ár stjórnað og rekið byggingarvinnu, mörg verk hafa verið mjög hættuleg og erfið vegna slysahættu. Aldrei hefur maður meiðst eða slasast á þessum árum, mun það mjög sjaldgæft.

Það var vani minn, hvert sinn er ég byrjaði á nýju verki að biðja um vernd og styrk svo að mér lánaðist að leysa verkið sjálfum mér og þeim sem njóta ættu til góðs og blessunar.

Ef erfitt og hættulegt verk var næsta dag bað ég kvöldið áður Guð að vaka yfir og vernda okkur frá slysum.

Ekki er neinn vafi á því að þessi aðferð er góð öllum þeim sem verkum eiga að stjórna. Hollt væri og hverjum einstökum að gera bæn sína.

Reykjavík 20. nóvember 1964.
Guðbjartur Jónsson.

## 1966. Vígsla Grundarfjarðarkirkju

*Hér lýkur Guðbjartur við byggingarsöguna og lýsir frágangi, búnaði og gjöfum sem kirkjunni bárust í tilefni af vígslu hennar.*

Þann 31. júlí 1966 var Grundarfjarðarkirkja vígð. Var þá lokið við fyrri áfanga kirkjubyggingarinnar: kirkjuskipið, skrúðhús, skrifstofu prests og í kjallara félagsheimili og eldhús við það, stiga, forstofu og snyrtiherbergi og líkhús. Allur frágangur kirkjunnar er mjög vandaður að dómi þeirra sem séð hafa. Kirkjan sjálf er teppalögð, sæti stoppaðir nútímastólar sem kræktir eru saman í bekkjaröð. Er því gott að hreinsa gólfið. Málningu og skreytingu önnuðust Gréta Björnsson og Jón Björnsson málarameistari Reykjavík.

Margar stórar gjafir hafa kirkjunni borist frá byrjun. Oft hafa safnast saman undraverðar upphæðir þegar fjársafnanir hafa farið fram fyrir kirkjuna sem oft hefur átt sér stað á undanförnum árum.

## Gjafir

- Stærstu gjafir eru frá ónefndum sjómanni, sú gjöf kom frá Danmörku og var 75 þúsund ísl. kr.
- Prédikunarstóll, gefinn og smíðaður af Snæbirni Jónssyni, ættuðum frá Breiðafirði – er hann mjög vandaður og fagur.
- Útidyrahurðir, bæði fyrir fordyr og bakdyr kirkjunnar með öllum búnaði gefnar af börnum Sveins Sveinssonar bónda að Hálsi og konu hans Guðnýju Eggertsdóttur en Sveinn var brautryðjandi að kirkjubyggingu í Útsveit.
- Messuklæði, altarisdúkur, hátíðahökull, kaleikur, oflátudósir, allt hinir fegurstu gripir, gefið af börnum Ásmundar Sigurðssonar frá Suður-Bár.
- Stór og fögur altaristafla máluð af Halldóri Péturssyni listmálara, gefin af Halldóri Halldórssyni múrarameistara í Reykjavík. - Halldór var ættaður og alinn upp í sveitinni.
- *Fjórir* kertastjakar og forkunnarfagur kross, gefinn af Finni Sveinbjörnssyni, konu hans og börnum. Kristín Runólfsdóttir og börn hennar hafa oft gefið kirkjunni stórar gjafir og nú 30 þúsund krónur fyrir ljósakrónum í kirkjuna. Lárus Jónsson og Halldóra kona hans frá Gröf hafa gefið 20 þús. krónur.
- Þórdís Þorleifsdóttir og Ásgeir Kristjánsson gáfu andvirði eins skrautglugga í kór og annar gluggi ásamt biblíu voru gefin af börnum Kristínar Gísladóttur frá Móabúð.
- 25 þús. kr. bárust frá Ólafi Jóhannssyni og konu hans Grundarstíg 2, Reykjavík og bróður hans Birni og konu hans Kristas, búsettum Vestanhafs. (Ég gaf kirkjunni af vinnu minni þrisvar sinnum alls um 15-20 þúsund kr. man það ekki nákvæmlega auk margra vinnustunda sem aldrei voru reiknaðar. GJ)
- Á vígsludag gaf Gunnar Stefánsson frá Eiði 50 þúsund kr. til framhaldsbyggingar kirkjunnar til minningar um konu sína, Lilju Elísdóttur, *sem* dó 1964.
- *Tveir* sjöarma kertastjakar úr silfri bárust úr *dánarbúi* Guðmundar Guðmundssonar, Laugavegi 3, Reykjavík, gefnir af börnum hans.
- Allt eru þetta minningargjafir um látna ástvini. Margar fleiri gjafir hafa borist kirkjunni sem of langt yrði upp að telja.
- Kvenfélag Eyrarsveitar hefur séð fyrir öllum ljósabúnaði í kirkjuna og klætt hana alla teppum. Það safnaði fyrir öllum sætum og gaf innréttingu

í eldhús sem er í kjallara kirkjunnar. Þar er samkomusalur og skapar það góða aðstöðu til félagsstarfsemi í framtíðinni.

*Vígsludagurinn*

Vígsludag kirkjunnar voru níu prestar hempuklæddir auk biskups; tveir fyrrverandi prófastar og núverandi prófastur, Þorgrímur á Staðarstað; sóknarpresturinn Magnús Guðmundsson og *þrír* prestar úr prófastsdæminu og tveir sveitaprestar af Suðurlandi, Bernharð Guðmundsson og Ingólfur Guðmundsson. Bernharð var túlkur með vinnuflokki Alkirkjuráðsins sem vann að fyrstu vinnu við kirkjuna 1960. Ingólfur var foringi næsta vinnuflokks, 1962. Vígsluvottar voru Sigurður Lárusson, fyrrverandi prófastur, Stykkishólmi, Magnús Guðmundsson, fyrrverandi prófastur Ólafsvík, Þorgrímur Guðmundsson, nú prófastur Staðastað og Bernharð Guðmundsson, prófastur að Skarði, Suðurlandi.

Fimm börn voru skírð við vígslu, þar af einir tvíburar. Mikill fjöldi fólks var við athöfnina í fögru sumarveðri. Barnaguðsþjónusta var á eftir *vígsluathöfninni sem* prestar Stykkishólms og Ólafsvíkur sáu um. Ég gat ekki sjálfur verið við vígsluna vegna lasleika. Það sem hér er sagt frá er tekið eftir dagblaðinu Tímanum, Morgunblaðinu og sóknarpresti.

*Fyrsta athöfnin*

Í dag 26. ágúst fer fram frá kirkjunni fyrsta jarðarförin, er hún sérstæð. Þar er æskan og ellin kvödd. Þeir Þórður Ásgeir Kristjánsson sjómaður, fæddur á Setbergi, Grundarfirði, 1. júlí 1895, dáinn 17. ágúst 1966 og dóttursonur *hans* Hinrik Elberg Hinriksson sem dó af slysförum, drukknaði við bátabryggjuna, 6 ára gamall. Þeir verða lagðir í sömu gröf í Setbergskirkjugarði. Ásgeir bjó alla ævi í Grundarfirði.

Það verður erfitt að lesa þetta. Ég er orðinn svo skjálfhentur að skrifa. Þetta verða síðustu skrif mín um kirkjuna og annað. Bið velvirðingar á ritvillum og skrift.

Reykjavík, 26. ágúst 1966.
Guðbjartur Jónsson.

## *Lokaframkvæmdir við Grundarfjarðarkirkju*

Eins og sést á gjafalista frá vígsludegi 1966 eignaðist kirkjan strax marga góða gripi. Málningu og skreytingu í fyrri hluta byggingarinnar önnuðust Gréta Björnsson listmálari og Jón Björnsson málarameistari Reykjavík. Grétu tókst að ljúka við listaverk sitt sumarið 1982 þá orðin sjúk kona. Eru listaverkin hlaðin táknum úr sögu Frelsarans. Ofan við báða stafngluggana í kór eru veggmyndir, önnur er af dúfu sem er tákn heilags anda og á hinni er lambið, táknmynd Krists. Skammbitar í þaki eru skreyttir mynstrum sem tóna við látlaust mynstur á veggsyllum. Á þeim eru krossar á kringlóttum fleti með vissu millibili. Á mynsturborðanum á móti inngangi er mynd af akkeri sem er tákn Nikulásar þess sem var biskup í Myra í Litlu Asíu, d. 345. Hann var verndari sjómanna og ungra barna. Á syllu í útbyggingu orgels er hvítt blóm á bláum grunni, liljan sem er tákn fyrir son Guðs.

Gréta valdi bæði veggljós og krónu sem hékk yfir kór er er nú við vesturgafl. Ljósin eru úr svörtu, köntuðu smíðajárni með lituðum glerjum og eiga veggljósin að minna á landþernur eða siglingaljós og krónan á skipsstýri. Predikunarstóll smíðaður úr palisanderviði af Snæbirni Jónssyni úr Sauðeyjum á Breiðafirði ber svip af stafni skips. Myndir á hliðum stólsins voru unnar í Þýskalandi og eru felldar inn í ytra byrðið, svokölluð innlagning. Þær eru fimm og er mynd af Kristi á krossinum á fremsta fletinum og síðan til annarrar hliðarinnar konurnar við krossinn og við gröfina opna. Á hinn veginn er hirðirinn með lambið og María með Jesúbarnið. Á altaristöflunni eftir Halldór Pétursson er hin þekkta mynd úr Mattheusar guðspjalli, 14:30 þar sem Jesú gengur á vatninu og Pétur tekur að sökkva.

Önnur djásn hefur kirkjan eignast síðan kirkjan var vígð. Eftir stækkun kirkjunnar voru gluggar í kór endurnýjaðir með steindum gluggum sem eru málaðir af Finni Jónssyni listmálara. Gluggarnir sem fyrir voru eru innan við glugga á miðlofti turns og vísa á móti norðri (SN).

Þrískiptur gluggi á vesturgafli er lagður steindu gleri, málaður af Eiríki Smith og smíðaður á þýsku glerverkstæði Oidtman bræðra 1984. Glugginn ber yfirskriftina „Leyfið börnunum að koma til mín". Undir honum er skápur með ljósritun af Guðbrandsbiblíu sem gefin var af útgerð og áhöfn bv. Runólfs SH 135.

Það var fyrir áhuga sr. Jóns Þorsteinssonar sem þjónaði á árunum 1974-1990 að ráðist var í kaup á þrettán radda pípuorgeli sem var smíðað í Þýskalandi af

orgelsmiðnum Reinhard Tzschöckel. Gjafir og safnanir safnaðarfólks gerðu kirkjunni kleift að eignast hljóðfærið nánast skuldlaust (JÞ).

Meðal annarra muna sem of langt yrði upp að telja að fullu eru borð, stólar og sjónvarp í sal Safnaðarheimilis, blómavasar og gripir til guðsþjónustunnar, kórkyrtlar, sálmabækur og ræðupúlt.

Árið 1993 var hafist handa um lokafrágang á innréttingu kirkjunnar. Um leið voru lagfærð ýmis atriði sem voru þá talin bæta aðstöðu í kirkjunni. Hliðarveggir hennar voru einangraðir upp á nýtt og klæddir svipaðri klæðningu og fyrir var á göflum. Allir veggir voru málaðir hvítir og vék þá ljósblái liturinn sem enn sést þó í kyrtlum kirkjukórsins.

Tröppur frá miðgólfi upp í kór voru breikkaðar og ná nú milli veggja, hentugar fyrir stóra kóra. Jafnframt var prédikunarstóll færður yfir að norðurvegg. Svörtu stólunum sem voru nógu margir fyrir stækkun kirkjuskipsins 1982 var skipt út fyrir varanlega bekki og gólf lögð rauðviðarparketi og svörtum steini. Lauk þá stólaburði milli Samkomuhúss og kirkju fyrir hverja hátíð og aðrar stórar athafnir.

Lýsing var endurhönnuð og rakatæki og brunavarnarkerfi sett upp. Lionsklúbbur Grundarfjarðar gaf upptökuvél og búnað til að senda mynd út í dvalarheimilið Fellaskjól. Herdís Sigurlín Gísladóttir frá Hellnafelli styrkti endurbætur á búnaðinum til minningar um eiginmann sinn, Árna Sveinbjörnsson, og son þeirra, Gísla Árnason, sem fórst með Krossnesinu árið 1992.

Arkitektar þessa lokaáfanga voru Árni og Sigbjörn Kjartanssynir.

Haustið 1998 færði Þorkell Sigurðsson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri í Grundarfirði, kirkjunni forláta gullljósakrónu að gjöf til minningar um konu sína, Kristínu Kristjánsdóttur ljósmóður, og fleiri. Yfir kirkjuskipi hangir önnur eins króna sem keypt var til minningar um Óskar Sæmundsson sem var mikill kirkjuvinur og arfleiddi Grundarfjarðarkirkju að öllum eigum sínum.

Það gengur eins og rauður þráður gegnum alla byggingarsöguna að vinir og velunnarar kirkjunnar hafa lagt henni lið hvort heldur er með vinnu, peningagjöfum eða útvegun gripa sem prýða kirkjuna og gagnast í safnaðarstarfinu. Sjómenn og börn koma við sögu í starfi kirkjunnar, búnaði og skreytingu. Skip er á siglingu með landþernur til varúðar og örugga leiðsögn við stýrið. Í sjávarplássi tengjast flestir sjónum á einhvern hátt og börnin eru vaxtarbroddur hvers samfélags.

## Heimildir


- Ásgeir Guðmundsson. Kirkjur og prestar í Eyrarsveit. Í: Fólkið, fjöllin, fjörðurinn: safn til sögu Eyrarsveitar. Grundarfirði. Eyrbyggjar-Hollvinasamtök Grundarfjarðar, 2005, s. 23-98.
- Garður.is, vefur Kirkjugarðasambands Íslands. Sjá: www.gardur.is
- Jón Þorsteinsson. Bæklingur um búnað Grundarfjarðarkirkju.
- Minningargreinar Morgunblaðsins. Sjá: www.mbl.is. Gagnasafn.
- Oddur Kristjánsson. Grundarfjarðarævintýrið. Í: Fólkið, fjöllin, fjörðurinn: safn til sögu Eyrarsveitar. Grundarfirði. Eyrbyggjar-Hollvinasamtök Grundarfjarðar, 2002, s. 155-165.
- Sunna Njálsdóttir. Kynningarefni um Grundarfjarðarkirkju. Sjá: grundarfjordur.is. Daglegt líf.

*Séra Jón Þorsteinsson*

# Minningabrot af byggingarsögu

Það voru stór tímamót í lífi okkar hjónanna þegar við fluttumst til Grundarfjarðar til að taka við starfi og hlutverki prestshjóna. Forverar okkar þar, sr. Magnús Guðmundsson og frú Áslaug Sigurbjörnsdóttir, höfðu sinnt þjónustunni í 20 ár og skilað einstöku starfi og staðið að uppbyggingu allri af fórnfýsi og dugnaði. Við gengum þannig inn í starfsaðstæður sem aðeins verður jafnað við það besta. Kirkjan vel búin, nýlegur embættisbústaður og það sem mestu varðar, lifandi og kröftugt safnaðarstarf. Þegar á fyrstu dögum mættum við hlýju viðmóti safnaðarins og sóknarnefndin var skipuð úrvalsmönnum sem ræktu störf sín af miklum metnaði og einlægum trúnaði við helgan málstað. Aðalsteinn Friðfinnsson var formaður sóknarnefndar og eins og ég hafði oft á orði í þann tíma þá er hann maður sem er búinn að leysa vandann og svara bóninni áður en hún er borin upp. Fyrsti sóknarnefndarfundurinn sem ég sat var haldinn á heimili Páls Cecilssonar. Páll var líka vakinn og sofinn yfir öllu því sem horfði til gagns og heilla fyrir kirkju og kristni og lá aldrei á liði sínu. Söfnuður sem hefur slíkum manni á að skipa er afar vel settur.


*Sr. Jón Þorsteinsson.*



*Grundarfjarðarkirkja fyrir stækkun. Myndin tekin á afmælisdegi sr. Magnúasar Guðmundssonar 29. janúar. Fyrsti sólargeisli ársins gægist yfir fjöllin þann dag.*

Ég fékk snemma að heyra af byggingarsögu kirkjunnar og ástæður þess að skynsamlegt þótti að reisa hana í áföngum. Ég skoðaði teikningar Halldórs Halldórssonar arkitekts af ytra útliti hennar fullbúinni og fylltist þegar miklum áhuga á að hefjast nú handa að nýju og koma húsinu góða í endanlegt horf.

Sú tillaga og ákafi nýja prestsins fékk ofurlítið misjafnar undirtektir. Sumir bentu á að kirkjan eins og hún var svaraði enn þörfum safnaðarins og hún þyrfti á talsverðu viðhaldi að halda sem tímabært væri að sinna. Aðrir voru hlynntir því að hefjast handa sem fyrst. Guðríður Sigurðardóttir símstöðvarstjóri hafði setið í byggingarnefnd kirkjunnar á sinni tíð. Einhverju sinni sátum við á tali og ég fann einlægan áhuga hennar á þessu málefni. Á aðalfundi safnaðarins árið 1975 reifaði hún þetta mál og setti fram þá hugmynd að steyptur yrði grunnur að lengingu kirkjuskipsins og turni. Hún sá fyrir sér að þar yrði til skemmtileg stétt framan við aðalinngang hússins og þar mætti koma fyrir klukkuporti. Þessi hugmynd fékk góðan hljómgrunn og bar sóknarnefnd upp tillögu þessa efnis og var hún samþykkt. Seinna sagði Guðríður við mig eitthvað á þessa leið. „Það er alltaf erfiðast að byrja en ég veit líka að hálfnað er verk þá hafið er og

hér klára menn það sem þeir byrja á." Og hún þekkti greinilega sitt heimafólk því grunnveggir voru steyptir í desember sama ár og sjö árum síðar var verkinu lokið og hinn nýi hluti helgaður árið 1982 þegar Pétur Sigurgeirsson biskup heimsótti söfnuðinn og blessaði húsið. Byggingar- og fjáröflunarnefnd var kosin á þessum sama fundi en hana skipuðu eftirtaldir: Sigurberg Árnason, formaður, Gunnar Stefánsson, varaformaður, Bára Pétursdóttir, Elín Valdimarsdóttir, Guðbjartur Cecilsson, Inga Sveinsdóttir og Ívar Árnason. Á byggingartímanum voru þau Vilhjálmur Pétursson og Salbjörg Nóadóttir einnig formenn sóknarnefndar og lágu aldrei á liði sínu frekar en aðrir.

Margs er að minnast frá þessum árum og allt eru það góðar minningar.

**Ég man** að það þótti nokkuð bíræfið að leggja í steypuvinnu á þessum árstíma en við biðum færis og þegar spáin var hagstæð var látið til skarar skríða. Að kvöldi steypudagsins sem mig minnir að hafi verið 11. desember leit ég út um eldhúsgluggann og sá einhvern bogra yfir steypumótunum. Við nánari athugun kom í ljós að þar var Guðbjartur Cecilsson á ferð að breiða tóma sementspoka yfir mótin til að verja þau fyrir hugsanlegu frosti. Það var umhyggja og natni í hverri gjörð hans og í helgidómi Drottins er allt jafn þýðingarmikið. Trésmiðjan Ösp í Stykkishólmi tók að sér smíðavinnu og heimamenn, Páll Harðarson og Pálmar Einarsson, tóku við á síðari stigum. Smiðirnir tóku þannig að sér að reisa steypumótin en sjálboðaliðar rifu utan af og hreinsuðu timbur til næsta áfanga. Allt gekk það vel og margar hendur unnu létt verk.

**Ég man** að einhverju sinni þótti bráðlátum prestinum seint miða. Vel hafði gengið að rífa niður mótatimbrið en einhvað stóð á mannskap í hreinsun svo smiðirnir gætu haldið áfram. Einn laugardagsmorgun vaknaði ég fyrir allar aldir við mikinn gauragang og læti sem bárust frá kirkjunni. Ég leit út og sá steypuborðin flúga út úr stóra glugganum á vesturgaflinum eitt af öðru. Ég dreif mig fram úr til að kanna málið og viti menn, krakkarnir úr æskulýðsfélaginu höfðu tekið sig saman og hömuðust nú af miklum móð og hættu ekki fyrrr en timburstaflinn stóð hreinn og glæstur á hlaðinu. Sama fólk tók að sér að menja þakjárnið á sínum tíma og voru raunar boðin og búin hverja stund til að leggja fram lið sitt.

**Ég man** líka frá þessum tíma hinn mikla áhuga og hið stóra framlag Gunnars Stefánssonar. Á vígsludegi kirkjunnar hafði hann gefið rausnarlega upphæð sem nota skyldi þegar hafist yrði handa um að fullgera húsið. Gunnar var vak-



*Æskulýðsfélagið „Klakkur" við timburhreinsun. Þetta unga fólk lét sannarlega muna um sig við kirkjubygginguna.*

inn og sofinn í því að láta þessa framkvæmd ganga vel og gaf sig allan í það hlutverk.

**Ég man** í eitt skipti þegar hann kom til okkar rétt fyrir jólin. Þegar ég kom til dyra þá rétti hann mér harðfiskpoka og sagði: „Þetta er fyrir stelpurnar þínar, og ég vil gjarnan fá kaffisopa" Gunnar var ætíð aufúsugestur á heimili okkar, hreinskiptinn og góður drengur með stórt og hlýtt hjarta. Hann settist á sinn fasta stað í eldhúskróknum og þáði kaffi. Hann tók síðan upp veskið sitt, taldi upp úr því þrjú hundruð þúsund krónur, ýtti peningunum fram á borðið með þessu orðum: „Kirkjan á líka að fá jólagjöf" Ég nefni þetta sem eitt dæmi af mörgum um það hvernig verkið var fjármagnað. Fólk kom með framlög sín jafnt og stöðugt og ég hafði ekki við að segja af þeim rausnarlegu peningagjöfum sem bárust víða að. Kvenfélagið og Lionsklúbburinn létu sinn hlut ekki eftir liggja og sjómennirnir blessaðir, útgerðarfélög og áhafnir báta og skipa réttu fram sinn skerf. Hreppsnefndin stóð með okkur. Börnin héldu tombólur og

komu með afraksturinn til prestsins, stolt á svip skiluðu þau stórum og smáum upphæðum og margt smátt gerir eitt stórt. Happdrætti og bingókvöld léttu róðurinn og þannig lögðust allir á eitt og lánafyrirgreiðsla var hverfandi þáttur og aðeins til að brúa lítil bil. Halldór heitinn Finnsson sparisjóðsstjóri, ásamt Páli Cecilssyni, sem var gjaldkeri sóknarnefndar kunnu afar góð skil á því hvernig best væri að stýra fjármálum, forsjálir og athugulir heiðursmenn.

Ég nefndi Gunnar heitinn Stefánsson og ég verð að koma hér á framfæri enn einni minningu af þeim góða vini mínum. Síðasta steypan í vesturgafli var komin í mótin og tími kominn til að losa um þau og hreinsa timbur. Ég átti leið niður í þorpið einhverra erinda og mætti Gunnari sem var á leið upp á hólinn. Hann var með víraklippur og kúbein í hendinni og ég spurði hann hvort hann væri að fara upp í kirkju.

„Ég ætla að klippa nokkra víra" sagði hann, „það flýtir fyrir." Ég hélt mína leið og þegar ég kom til baka blasti við mér sjón sem ég get aldrei gleymt. Gunnar sem á þeim tíma var að sönnu farinn að reskjast en rammur maður að afli og atgervi öllu. Hann hafði farið upp í háan stiga, klippt alla víra, komið böndum á efstu sperrurnar og nú stóð hann frammi á kambinum vestan við kirkjuna með kaðlana á herðunum og ég sá hvernig hann dró niður steypumótin í heilu lagi af efri hluta kirkjugaflsins. Vissulega flýtti það fyrir eins og hann sagði að klippa nokkra víra þann daginn.

**Ég man** að verkfræðivinnu vann Pétur Guðmundsson, bróðir sr. Magnúsar, og gaf hann alla sína vinnu. Samskiptin við þann góða dreng voru öll merkt einstakri lipurð og velvild.

**Ég man** þegar kom að því að slá upp fyrir turninum að þeim teikningum sem til voru bar ekki saman. Voru vísast tillögur arkitektsins sem á þessum tíma var látinn. Ekki var því hægt að leita hans ráða. En verkið varð að hafa sinn gang. Víst hefðum við getað leitað eftir kostnaðarsamri arkitektavinnu en þess í stað hringdi ég í Sigurberg Árnason byggingarfulltrúa og bað hann að leggja sitt af mörkum. Við fórum yfir þær teikningar sem til voru og á stofuborðinu á Eyrarveginum teiknuðum við turninn eins og hann lítur út í dag. Við ráðfærðum okkur við arkitekta en Sigurberg með sín réttindi, þekkingu og færni sá um að málsetningar allar og gráðuhalli veggja væru samkvæmt bókinni. Og verkið tafðist ekki af þessum sökum.

**Ég man** þegar turninn var risinn til hálfs. Á suðurhlið hans eru tveir þrí-

hyrndir gluggar rétt ofan við þakbrún, ekki stórir en hleypa inn birtu í rýmið. Einhverra hluta vegna hafði gleymst að láta senda þessa glugga úr Gluggasmiðjunni í Reykjavík og engin ferð fyrr en einhvern næstu daga. Smiðirnir sögðust því verða að fara í annað verk á meðan við biðum þessa. Ég bað þá að fara ekki úr verkinu, gluggarnir yrðu komnir seinna sama dag. Ég hringdi í karl föður minn sem bjó í Reykjavík, bað hann að ná í gluggana og keyra með þá áleiðs vestur. Ég lét gluggasmiðinn vita að hans væri von og ók síðan sem leið liggur suður í átt til höfuðstaðarins. Við mættumst í Hvalfirði, gluggarnir voru færðir á milli bíla og vestur hélt ég á „löglegum hraða". Gluggarnir voru festir í mót og steypan kom á tilsettum tíma. Engin töf heldur vegna þessa.

**Ég man** þegar turninn var tilbúinn, húsinu lokað og gamli vesturgaflinn tekinn niður og borinn út um aðaldyrnar. Nýi hlutinn tengdur við þann eldri. Húsið þiljað og málað. Panell lagður í loft og hið nýja rými fékk á sig fallegan heildarsvip. Hluti af því verki var að fá sama handbragð á listskreytingu Grétu og Jóns Björnssonar. Jón var þá látinn en Gréta bjó á Akranesi, árin að færast yfir og heilsuleysi hafði þjáð hana um nokkurt skeið. Ég hringdi í dóttur þeirra hjóna, Margréti, sem þá var skólastýra á skólasetri kirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði. Henni þótti ekki líklegt að móðir hennar réði við þetta verk en sagði mér að tala við hana. Það gerði ég og hún bar við heilsuleysi og þrekleysi. Ég sagði henni að við myndum gera allt sem gerlegt væri til að létta henni verkið og skynsamlegast væri að smíða hulstur um loftbitana og mála þau niður á gólfi en færa þau síðan upp. Hún lofaði að hugsa málið og hringdi svo og sló til. Salbjörg Nóadóttir sem þá var orðin formaður sóknarnefndar tók hana að sér í fæði og húsnæði og í kirkjunni var öllu hagað svo að sem léttast væri að sinna verkinu. Gréta gleymdi sér í þessu verki. Af tali hennar fannst mér ég skilja að hún vildi gera þetta í minningu bónda síns og sagðist skynja nærveru hans og styrk. Eitt sinn kom ég að og hún var að mála ljósasyllur sunnan megin. Ég átti ekki von á því að hún væri enn að því hún ætlaði sér aðeins stutta stund hvern dag. En hún var að mála og Salbjörg var mætt til að fylgja henni heim á leið.

Og Gréta sagði, enn með pensilinn í höndum: „Má ég vera svolítið lengur, – þetta er svo gaman!" Þetta verk var það síðasta sem Gréta vann af þessum toga.

**Ég man** þegar kom að því að múra turninn að utan. Eldri hluti kirkjunnar var með kvarsmulningi og nú þurfti að fara eins að við þann nýja. En á vett-

vangi voru ekki lengur margir sem kunnu til verka við þá aðferð. Föðursystir mín var gift Stefáni Jónssyni múrarameistara. Hann var að mestu hættur að vinna þegar þetta var en sinnti smærri verkum í Árbæjarsafni. Ég hringdi í hann og hann féllst á að koma vestur. Hann bjó hjá dóttur sinni, Ásdísi Björk, og Sigurði Péturssyni, manni hennar, og stýrði þessum verkþætti af kunnáttu og dugnaði.

**Ég man** að við þurftum að bíða eftir turnspírunni. Það verk kostaði umtalsverða fjármuni og því þótti okkur skynsamlegt að bíða um stund þar til við réðum við að standa straum af því. Pétur hafði lokið smíðateikningum og Vélsmiðjan Sindri vann það verk. Enn var óljóst hvaða efni yrði notað í klæðningu á stálgrindinni. Ábending blikksmiðsins sem vann það verk réð úrslitum. Sindramenn höfðu bent á klæðningu með innbrenndum lit og 10 ára ábyrgð. Þegar ég nefndi þann kost þá sagði Ólafur Jóhannesson blikksmiður: „Séra Jón, hefur þú komið til Evrópu?"

Ég kvað jáyrði við því. „Hefur þú heimsótt miðaldakirkjurnar sem þar eru um allt?" Já, ég kannaðist líka við það. „Veistu að það er enn sama þakefnið á þeim og það heitir kopar. Það efni kostar að vísu meira en það endist eins og það þarf að endast á slíku húsi." Þetta varð niðurstaðan en kostnaðurinn var ærinn.

**Ég man** þegar við vorum að rembast við að sjá leiðir til að kljúfa þennan kostnað, þá hringdi síminn. Soffanías Cesilson var á hinum enda línunnar og bað mig að finna sig. Ég fór heim til hans á Hlíðarveginn og fékk að vanda góðar móttökur hjá þeim hjónum.

Ég fór inn á skrifstofu með Soffaníasi og nú kom hann að erindinu. „Hvað kostar turnspíran?" spurði hann. Ég sagði honum tilboðsupphæð vélsmiðjunnar og blikksmiðjunnar. Og nú fór þessi einstaki heiðursmaður í skrifborðsskúffuna sína og tók til pappíra sem hann hafði að sönnu áður tilreitt og afhenti mér þá upphæð sem dugði. „Aðeins eitt, Jón minn," sagði hann, „ég vil ekki að þú getir um þetta neins staðar. Við höfum þetta okkar á milli." Og nú hef ég rofið þann trúnað sem ég hét honum þá í trausti þess að mér verði fyrirgefið. Stórhugur Soffaníasar og fjölskyldu hans í garð kirkjunnar er öllum sveitungum hans kunnur og þessi gjörð þarf ekki að liggja í þagnargildi lengur. Og þessi glæsilegi kirkjuturn þarf klukkur í klukkuport.

**Ég man** þegar sá áfangi náðist. Það var snemma í þessu ferli og þegar klukkurnar voru keyptar árið 1976 og voru þá hugsaðar í klukkuport framan við kirkj-

*Turnspíran á leiðinni á sinn stað. Presturinn (dökkhærður þá) heldur í spottann.*



una. Við höfðum leitað tilboða og hagstæðast var tilboð frá Santander á Spáni. Ásgeir Long, sem enn er ötulasti umboðsmaður landsins í þessum efnum, var okkur innan handar. Þrjár klukkur voru ætlaðar í turninn og ákveðið var að láta smíða eina litla klukku og koma henni fyrir í klukkuporti í kirkjugarðinum á Setbergi. Allt hafði þetta sinn eðlilega framgang en ég man þegar ég einhverju sinni var niðri við höfn að við tókum tal saman presturinn og nokkrir sjómenn. Gunnar Stefánsson var nærri. Áform um kaup á kirkjuklukkum bar á góma og einhver sagði si svona og líklegast í hálfkæringi að menn ættu ekki að vera eyða peningum í svona óþarfa og vitleysu.



*Grundarfjarðar-kirkja fullbúin, síðdegissólin á vesturgafli.*

Prestur sagði víst fátt, svo ákafur sem hann var, og trúði vísast að allir væru sama sinnis. Gunnar Stefánsson hafði sitt hins vegar allt á hreinu. „Viljið þið sjómennirnir ekki hafa ykkar skip eins vel búin og kostur er. Eruð þið kannski til í að sleppa einhverjum tækjum úr brúnni vegna þess að þau kosta eitthvað. Hvað er eðlilegra en að kallinn í þessari brú, presturinn, vilji hafa sitt kirkjuskip svo vel búið sem kostur er," sagði Gunnar og umræðan þagnaði.

**Ég man** þegar Ásgeir Long hringdi í mig og sagði mér af því að klukkurnar góðu hefðu verið settar í skip í Bilbaó og fluttar til Kaupmannahafnar. Þar

hafði þeim verið komið fyrir í vörugeymslu „Eimskipa". Ekki tókst þó betur til en að litlu klukkunni sem átti að koma fyrir í kirkjugarðinum hafði verið stolið. Ásgeir sagði mér að hafa ekki áhyggjur af þessu. Allar tryggingar væru í lagi og hann myndi panta aðra klukku með hraði. Hann hringdi aftur tveimur dögum síðar og sagði mér að lögreglan í Kaupmannahöfn hefði auglýst eftir klukkunni og tekið fram í auglýsingunni að klukkan ætti að fara í kirkjugarð á Íslandi. Eitthvað hefur þjófunum orðið órótt innan brjósts því daginn eftir var klukkan á tröppum lögreglustöðvarinnar. Og heim kom hún og var komið fyrir í klukkuportinu sem stendur í miðjum Setbergskirkjugarði. Sóknarpresturinn gerði uppdrátt af klukkuportinu og ef ég man rétt stýrði Ingi Hans Jónsson smíðavinnunni.

**Ég man** þegar ég reifaði fyrst þá hugmynd að við létum smíða pípuorgel í kirkjuna. Ég sá á svip sumra að þeim fanst presturinn heldur stórtækur í það sinnið og kannski hugsaði einhver að nú væri hann endanlega genginn af göflunum. Að þessu sinni hafði ég hins vegar reynslu af mínu heimafólki, líkt og Guðríður á sinni tíð, og ég vissi að þegar til kastanna kæmi léti enginn sinn hlut eftir liggja í slíku verki fremur en öðru er varðaði kirkju og kristni. Það var svo Ágúst Sigurjónsson sem bar upp formlega tillögu um orgelsmíðina á aðalsafnaðarfundi og hún var samþykkt einum rómi. Ágúst var valinn í sóknarnefnd á sinni tíð og reyndist einstaklega ötull og góður liðsmaður. Hann var traustur og raungóður vinur okkar hjóna.

Við fréttum af íslenskum pilti úr Mosfellssveitinni, Björvini Tómassyni, sem var við nám í orgelsmíði í Þýskalandi. Við meistara hans, Reinhard Tzschöckel, var samið. Leitað var eftir hugmyndum okkar færustu organista um raddaval og staðnæmst við það sem flestir voru sammála um. Orgelsmiðurinn gaf okkur eina rödd, krumhornið góða sem prýðir hljóðfærið mjög og eykur möguleika þess.

**Ég man** að einn þáttur í fjármögnun orgelsins var skelfiskróður. Ég hygg að það hafi verið Soffanías sem benti á að sjávarútvegsráðherra gæfi færi á einum aukatúr utan kvóta ef afrakstri hans væri varið til þarfra mála. Ég hringdi í Halldór Ásgrímsson sem þá gegndi þessu starfi. Hann gaf leyfi sitt fúslega. Sjómennirnir gáfu allir sína vinnu. Soffanías lánaði okkur bátana og fiskverkunarhúsið og allar aðstæður. Við bárum í öll hús óskir um sjálfboðaliða til að manna færiböndin og þau verk sem sinna þurfti. Viðbrögðin voru þannig að



*Orgelsmiðirnir góðu, Björgvin Tómasson (til vinstri) og Reinhard Tzschöckel.*

við þurftum að þrískipta á vaktir svo að allir þeir kæmust að sem vildu. Aflinn þennan dag var einn sá besti á vertíðinni það árið og að vinnudegi loknum hafði tölvutæknin reiknað út afraksturinn. Soffanías keypti af okkur aflann og skrifaði út ávísun þá þegar. Ef ég man rétt þá voru eftir umtalsverðir peningar í orgelsjóði þegar lokið var við síðustu greiðslu og voru þeir nýttir til að fjármagna hátalarakerfi í kirkjuna.

**Ég man** að um tíma var enginn fastráðinn organisti við kirkjuna en tveir Bretar sem störfuðu í Ólafsvík lögðu okkur lið sitt. Annar, Stephen að nafni, samdi tónlist við 121. Davíðssálm, „Ég hef augu mín til fjallanna" og kirkjukórinn frumflutti það verk við vígslu orgelsins góða. Einhverju sinni sátum við í kirkju við Stephen, hann við orgelið við undirbúning og presturinn að fylgjast með. Við ræddum um sálma Davíðs og ég sagði honum að 23. Davíðssálmur væri sá sem ég hefði mestar mætur á. Seinna sama dag hafði Guðmundur Run-

ólfsson boðað komu sína í kirkjuna til að afhenda henni höfðinglega gjöf frá útgerð og áhöfn bv. Runólfs SH 135. Gjöfin er eftirgerð Guðbrandsbiblíu í sérsmíðaðri hirslu. Reiknað er með að bókin sé opin undir glerplötu og ég spurði Guðmund hvort hann hefði ákveðinn stað í huga þar sem bókin ætti að opnast. Hann sagðist ekki hafa hugsað til þess og ég lagði þá til að við myndum sjá hvar bókin opnaðist sjálf af þungum síðum sínum. Ég hélt á henni og hending réði eða handleiðsla - bókin opnaðist við 23. Davíðssálm.

**Ég man** þegar bræðurnir Ragnar og Óskar Kjartanssynir, ættaðir frá Kverná, hringdu vestur og tjáðu þann vilja sinn að gefa kirkjunni steinda glugga til minningar um ástvini sína í Eyrarsveit. Finnur Jónsson gerði gluggana í kórgafl kirkjunnar en þeir fengu Eirík Smith til að frumgera mynd í vesturgluggana. Minnisstætt er þegar hann kom vestur einn sumardag til að skoða aðstæður. Veður var eins og það getur best orðið og Grundarfjörður skartaði sínu fegursta. Við fórum saman út í kirkju. Eiríkur leit út um gluggann þar sem listaverkið átti að koma, og sagði : „Hér má ekki setja neitt sem lokar þeirri fögru mynd sem við blasir." Sóknarnefnd og gefendur höfðu ákveðið að gefa honum frjálsar hendur um myndefnið, en nú sagði hann við prestinn: „Ég veit að ég ræð nokkru um niðurstöðuna, en segðu mér af þínum hugmyndum." Og presturinn svaraði: „Bestu stundir sem ég hef átt í þessu húsi, hef ég átt með börnum." „Þetta var gott," sagði, listamaðurinn og kvaddi glaður í bragði. Myndin er ein sú fegursta sem til er í íslenskri kirkju.

**Ég man** að Guðríður Sigurðardóttir sagði mér af draumi frændkonu sinnar að mig minnir. Þetta var á fyrstu árum þéttbýlismyndunar í Grafarnesi og löngu áður en hafist var handa um kirkjubyggingu á Fagurhól. Draumurinn var einhvern veginn á þessa leið: Henni þótti hún vera á siglingu inn Grundarfjörð í fallegu veðri við sól og sléttan sjó. Hún horfði inn til þorpsins. Efst gnæfði kirkja há og reisuleg með fallegum turni. Í gafli kirkjunnar var stór Kristsmynd. Kristur með útbreiddan faðm yfir byggðina og börn hennar. Eiríkur sagði mér að Guðríður hefði sagt sér af þessum draumi þegar glugginn góði var helgaður í kirkjunni. Hann sagðist hafa orðið mjög hugsi því enga hugmynd hafði hann um þennan draum þegar hann skapaði listaverkið Var hér kannski staðfesting á handleiðslu Drottins sem yfir öllu vakir, allt sér og allt þekkir. Fyrir honum er einn dagur sem þúsund ár og þúsund ár dagur, ei meir.

Það er margs að minnast frá þessum góða tíma. Í einum sálmi dr. Sigurbjörns

Einarssonar biskups segir svo: „Hvar sem er unnið hugur þinn starfar hús vor og tæki eru þín verk." „Ef Drottinn byggir ekki húsið erfiða smiðirnir til ónýtis," segir viska hinnar helgu bókar.

Guð var með í verki þegar Grundarfjarðarkirkja var reist, handleiðsla hans og forsjá var nánast áþreifanleg. Allir lögðu sitt af mörkum og allir glöddust við verklok því allir ungir og aldnir eiga sinn hlut. Í þessari fátæklegu upprifjun sem á engan hátt er tæmandi, hefði sannarlega verið ástæða til að nefna fleiri nöfn og ítreka enn hlut annarra. Fyrst og síðast ber að þakka Guði, honum til dýrðar var húsið reist, allt sem þar þurfti til er hans. Frá fyrstu tíð minni í prestsskap hefur mér verið hugsað til orða frelsarans þegar byggðin í Grundarfirði kemur í hug „Leitið fyrst ríkis hans og réttlætis og þá mun allt annað veitast yður að auki." Grundfirðingar hafa alla tíð rækt afar vel kirkju sína og kristni, Guð hefur blessað þá með hamingju og ríkulegri velferð.

Megi svo vera allar ókomnar stundir.

# Fermingarbörn

**Eyrbyggjar óska eftirfarandi fermingarbörnum innilega til hamingju með fermingarafmælið**

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 1936
## Prestur séra Jósef Jónsson

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* |
|---|---|---|
| Dagfríður Pétursdóttir | 180622-3149 | Hjarðarbrekku |
| Freyja Finnsdóttir | 110722-0000 | Spjör |
| Guðrún Guðmundsdóttir | 050222-0000 | Sæbóli |
| Gunnar Skarphéðinn Magnússon | 140922-0000 | Kirkjufelli |
| Halldór Guðnason | 260822-2179 | Berserkseyri |
| Hermann Kristberg Sigurjónsson | 270822-2669 | Norður-Bár |
| Oliver Bárðarson | 210722-4409 | Gröf |
| Sigríður Hallgrímsdóttir | 060322-0000 | Látravík |
| Þórarinn Stefán Sigurðsson | 310122-0000 | Suður-Bár |
| Þorleifur Halldór Ásgeirsson | 070222-3459 | Fornu-Grund |

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 1946
## Prestur séra Jósef Jónsson

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* |
|---|---|---|
| Aðalheiður Magnúsdóttir | 290132-4369 | Kirkjufelli |
| Dagfríður Finnsdóttir | 201032-0000 | Grafarnesi |
| Elís Gíslason | 261132-7299 | Grafarnesi |
| Guðmunda Hansína Hjartardóttir | 071131-3199 | Grafarnesi |
| Helga Sigríður Elimarsdóttir | 010532-7799 | Grafarnesi |
| Hreinn Bjarnason | 250932-4219 | Berserkseyri |



*Fermingarbörn 1946. Myndin tekin 1996 og þá var séra Karl Matthíasson sóknarprestur og er hann með á myndinni. Ljósm.: Úr safni Eyrbyggja.*

| | | |
|---|---|---|
| Jakob Cecil Júlíusson | 050732-4019 | Grafarnesi |
| Jens Jakob Hallgrímsson | 090532-2439 | Látravík |
| Karl Torfason | 310732-3119 | Garðsenda |
| Kristín Pálsdóttir | 240732-3439 | Hjarðarbóli |
| Magnþóra Kristín Þórðardóttir | 040432-4429 | Grafarnesi |
| Páll Brekkmann Ásgeirsson | 040332-7319 | Grafarnesi |
| Páll Cecilsson | 200132-4679 | Grafarnesi |
| Sigurður Hallgrímsson | 180832-7699 | Grafarnesi |
| Sveinn Garðar Gunnarsson | 170732-3839 | Eiði |

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 20. maí 1956
## Prestur séra Magnús Guðmundsson

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* |
|---|---|---|
| Aðalheiður Rósa Emilsdóttir | 250342-4899 | Nesvegi 5 |
| Albert Breiðfjörð Ágústsson | 240442-2059 | Móabúð |
| Alda Sigurðardóttir | 300442-4209 | Naustum |



*Fermingarbörn 1956. Ljósm.: Úr safni Eyrbyggja.*

| | | |
|---|---|---|
| Ágúst Elbergsson | 030342-2409 | Grundargötu 23 |
| Ásmundur Arndal Jóhannsson | 160742-3219 | Kverná |
| Gunnar Skarphéðinn Magnússon | 230342-3269 | Kirkjufelli |
| Halldóra Hallgrímsdóttir | 280842-3899 | Grafarnesi |
| Hjörtur Hafsteinn Karlsson | 210842-3739 | Jónshúsi |
| Hrafnhildur Guðmundsdóttir | 240842-3359 | Gröf |
| Sigurður Kristófer Pétursson | 041242-2649 | Grafarnesi |
| Svandís Jeremíasdóttir | 070442-4939 | Þórdísarstöðum |

## Fermingarbörn í Setbergskirkju 29. maí 1966
## Prestur séra Magnús Guðmundsson

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* |
|---|---|---|
| Alda Sæunn Björnsdóttir | 150152-3059 | Grundargötu 9 |
| Ágústa Hinriksdóttir | 220852-4589 | Borgarbraut 6 |
| Árni Halldórsson | 220152-3089 | Hrannarstíg 4 |
| Ásta Jeremíasdóttir | 301052-3309 | Sigurhæðum |



*Fermingarbörn 1966. Ljósm: Gunnar Jónasson.*

| | | |
|---|---|---|
| Bergur Sigurvinsson | 300652-3449 | Nesvegi 4 |
| Elínbjörg Kristjánsdóttir | 300452-7019 | Grundargötu 28 |
| Hermann Breiðfjörð Jóhannesson | 220852-4749 | Grundargötu 26 |
| Kristín Gísladóttir | 250952-4309 | Hamrahlíð 5 |
| Kristín Vilborg Þórðardóttir | 070752-4339 | Hamrahlíð 7 |
| Páll Guðfinnur Guðmundsson | 270752-4629 | Grundargötu 18 |
| Pálmar Einarsson | 030152-4769 | Grundargötu 15 |
| Salbjörg Jósefsdóttir | 110552-4169 | Nýju-Búð |
| Sigurbjörg Magnea Ásgerður Sig. | 090652-2739 | Hlíðarvegi 6 |
| Þráinn Nóason | 160852-2679 | Vindási |

## Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1976
## Prestur séra Jón Þorsteinsson

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* |
|---|---|---|
| Andrea Þórunn Björnsdóttir | 100862-3529 | Grundargötu 28 |
| Auður Hanna Ragnarsdóttir | 041162-5629 | Fagurhólstúni 2 |



*Fermingarbörn 1976.*

| | | |
|---|---|---|
| Árni Ólafur Reynisson | 190762-5999 | Grundargötu 5 |
| Gísli Hallgrímsson | 280462-2849 | Grundargötu 37 |
| Guðmundur Skúli Guðmundsson | 190262-2199 | Borgarbraut 5 |
| Guðni Guðnason | 240862-2049 | Fagurhólstúni 6 |
| Guðrún Margrét Sigurðardóttir | 201062-5359 | Grundargötu 6 |
| Gunnar Tryggvason | 241062-2959 | Hlíðarvegi 9 |
| Helga Grímsdóttir | 030662-4829 | Fagurhóli 2 |
| Hrönn Júlíusdóttir | 280662-5429 | Borgarbraut 2 |
| Ingibjörg Þórólfsdóttir | 111162-2049 | Borgarbraut 9 |
| Kjartan Elísson | 221162-2429 | Grundargötu 16 |
| Sína Sigríður Magnúsdóttir | 230862-4789 | Grundargötu 41 |
| Skarphéðinn Ólafsson | 111162-7949 | Grundargötu 4 |
| Svala Jónsdóttir | 220262-5539 | Hlíðarvegi 1 |
| Valgeir Njálsson | 180662-5539 | Suður-Bár |
| Vilborg Soffía Karlsdóttir | 021262-2859 | Grundargötu 13 |



*Fermingarbörn 1986. Ljósm.: Jón Snorrason.*

## Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1986
## Prestur séra Jón Þorsteinsson

| *Nafn* | *Kennitala* | *Heimili* |
|---|---|---|
| Ásgeir Óskarsson | 200172-2999 | Eyrarvegi 17 |
| Bergdís Rósantsdóttir | 051072-2949 | Sæbóli 9 |
| Bjarki Jakobsson | 230372-4469 | Grundargötu 41 |
| Gísli Svanur Gíslason | 060472-5809 | Grundargötu 60 |
| Guðmundur Ólason | 030472-4039 | Fagurhóli 4 |
| Gunnar Jóhann Elísson | 290472-3269 | Vatnabúðum |
| Gyða Sigurlaugsdóttir | 071272-3469 | Grundargötu 47 |
| Halldór Sigurjónsson | 080972-5719 | Sæbóli 28 |
| Matthildur Fanney Jónsdóttir | 151272-3479 | Fossahlíð 6 |
| Ragnar Börkur Ragnarsson | 110772-4089 | Fagurhólstúni 10 |
| Sverrir Grétar Kristinsson | 301272-4489 | Hlíðarvegi 17 |
| Sverrir Hermann Pálmarsson | 040272-3649 | Sæbóli 30 |
| Tryggvi Svansson | 051272-4129 | Sæbóli 41 |
| Unnur Gréta Haraldsdóttir | 030372-5229 | Hlíðarvegi 16 |
| Þiðrik Hansson | 170372-2989 | Vestmannaeyjum |

| | | |
|---|---|---|
| Þorleifur Viggó Skúlason | 211172-3639 | Grundargötu 10 |
| Þórður Pétur Pétursson | 011271-4139 | Grundargötu 10 |
| Þröstur Sigmundsson | 160972-3949 | Eyrarvegi 14 |

## Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1996
## Prestur séra Karl V. Matthíasson

| Nafn | Kennitala | Heimili |
|---|---|---|
| Adam Kári Helgason | 130582-5759 | Hlíðarvegi 12 |
| Birgir Guðjónsson | 081282-4989 | Fagurhólstúni 7 |
| Cecilía Kristín Kjartansdóttir | 190182-3049 | Grundargötu 47 |
| Davíð Hlíðkvist Ingason | 280382-5239 | Grundargötu 58 |
| Guðrún Olga Stefánsdóttir | 060883-5649 | Grundarfirði |
| Heiðrún Sigurjónsdóttir | 220582-4349 | Sæbóli 28 |
| Hrafnhildur Eik Skúladóttir | 140182-3389 | Fagurhólstúni 10 |
| Hrannar Már Ásgeirsson | 110482-4779 | Grundarfirði |
| Jón Pétur Pétursson | 060783-5789 | Grundargötu 72 |
| Karen Rós Sæmundardóttir | 050182-4799 | Grundarfirði |
| Katrín Dögg Ólafsdóttir | 120782-5769 | Borgarbraut 7 |



*Fermingarbörn 1996.*

| | | |
|---|---|---|
| Kári Gunnarsson | 020482-4279 | Grundarfirði |
| Magnús Jósepsson | 091082-3659 | Grundargötu 15 |
| Rósa Guðmundsdóttir | 250182-5039 | Grundargötu 86 |
| Sigríður Amanda Ólafsdóttir | 120782-5689 | Borgarbraut 7 |
| Steinunn Marta Gunnlaugsdóttir | 290382-3949 | Grundargötu 56 |
| Þór Örn Atlason | 260982-4009 | Grundarfirði |
| Þórarinn Þórarinsson | 220282-3769 | Fagurhóli 5 |

## Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 2006
## Prestur séra Elínborg Sturludóttir

Ferming sunnudaginn 16. apríl kl. 8.00

Jóhanna Steinþóra Gústavsdóttir
070392 Fagurhólstúni 15





*Fermingarbörn 2006.*

## Ferming sunnudaginn 30. apríl kl. 11.00

| | | |
|---|---|---|
| Guðbjörg Soffía Magnúsdóttir | 070592 | Hlíðarvegi 8 |
| Gunnar Karl Bjarkason | 080392 | Grundargötu 53 |
| Halldór Kjartansson | 301192 | Setbergi |
| Lárus Hafsteinn Fjeldsted | 260792 | Nesvegi 5 |
| Nikulás Roel Bergljótarson | 310392 | Grundargötu 20 |
| Róbert Leó Guðjónsson | 020492 | Sæbóli 33 |
| Sonja Sigurðardóttir | 291192 | Grundargötu 94 |
| Steinunn Júlía Víðisdóttir | 260992 | Fagurhólstúni 8 |
| Þorvarður Jónsson | 140492 | Bergi |

## Fermingarbörn á hvítasunnudag

| | | |
|---|---|---|
| Arndís Jenný Jósepsdóttir | 020792 | Grundargötu 15 |
| Brynjar Kristmundsson | 190592 | Hrannarstíg 14 |
| Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir | 180192 | Fagurhólstúni 16 |
| Guðrún Ósk Guðmundsdóttir | 251192 | Hrannarstíg 8 |
| Hinrik Jóhannesson | 051192 | Sæbóli 46 |



*Fermingarbörn 2006.*

| | | |
|---|---|---|
| Hjörtur Reynir Hinriksson | 130192 | Sæbóli 11 |
| Hrannar Óskarsson | 130292 | Nesvegi 9 |
| Samúel Garry Heimisson | 020492 | Fagurhólstúni 7 |
| Sigmar Jónasson | 101192 | Sæbóli 5 |
| Sigurgeir Sturla Gunnarsson | 280292 | Fellasneið 14 |
| Silja Guðnadóttir | 130692 | Grundargötu 56 |
| Silja Rán Arnarsdóttir | 011092 | Eyrarvegi 14 |
| Stefán Viðar Ólason | 040492 | Sæbóli 1 |

*Arnór Kristjánsson*

# Sveitin mín

## *Ágrip af þróun byggðar og mannlífs í dreifbýli í Eyrarsveit öldina alla 1900-2000*

Þessi frásögn er aðeins hugleiðingar mínar um lífið og tilveruna þau ár sem minni mitt nær til. En fyrstu fjörutíu árin styðst ég við frásagnir foreldra minna sem fæddust árið 1901. Þau árin voru eins í lífi og starfi fólks eins og áratugina þar á undan, að hafa ofan í sig og á og ekkert meira. Móðir mín var fædd og uppalin á Vatnabúðum. Faðir minn var fæddur í Kolgrafaseli, litlu koti í Kolgrafafjarðarbotni en fluttist eins árs með foreldrum sínum að Arnarhóli, svo að Naustum og síðan að Vindási. Þá var sjósókn frá flestöllum bæjum í Framsveit og var hún aðalframfærsla þeirra fyrstu 30 árin. Faðir minn reri lengi með Kristjáni í Móabúð og í 12 vertíðir til 1940 var hann á togaranum Karlsefni frá Reykjavík, alltaf með sama skipstjóranum. Foreldrar mínir bjuggu í tvíbýli á Eiði frá 1928 ásamt Gunnari Stefánssyni og Lilju Elísdóttir sem var móðursystir mín. Þessar tvær fjölskyldur bjuggu í sama húsinu en því var skipt í tvennt með



*Arnór Kristjánsson.*
*Ljósm.: Sveinn Arnórsson.*

einföldu timburþili. Í þessu timburþili var skápur sem opnaðist inn í báðar íbúðirnar og í þessum skáp var útvarp fyrir báðar fjölskyldurnar.

Engin vatnsleiðsla var og því varð að bera allt vatn í fötum í bæinn og í skepnur allan veturinn. Það var mikil vinna því lindin var þónokkuð langan spotta frá bænum. Þannig var þetta til 1951 er vatnslögn var lögð. Rafmagn kom ekki fyrr en 1956 en þá var lögð raflína um Framsveitina. Á fyrstu árum aldarinnar voru almennt torfbæir á jörðunum. Timburhús voru síðan byggð á nokkrum jörðum og tóku þau við af torfbæjunum. Árið 1927 er talið að fyrsta steinsteypta húsið hafi verið byggt á Hallbjarnareyri en árin þar á eftir á fjórða og fimmta áratugnum voru byggð steinsteypt hús á nokkrum jörðum sem standa enn í aldarlok.

Það er ekki hjá því komist að nefna tvo menn sérstaklega sem settu mark sitt á öldina, það voru þeir Bjarni Sigurðsson á Berserkseyri og Ingvar Agnarsson á Kolgröfum. Bjarni var skipaður hreppstjóri snemma á öldinni og var það til dauðadags árið 1986. Hann var ennfremur landpóstur frá Stykkishólmi í Grafarnes í um fjörutíu ár til 1960. Bjarni var einstaklega vel látinn af öllum og fyrir honum báru allir sem hann þekktu mikla virðingu og sóttu til hans holl og góð ráð alla tíð.

Ingvar kom hingað á sveitina ungur, þá nýútskrifaður búfræðingur frá Hvanneyri. Hann var uppalinn á Haugi í Miðfirði. Hann réðst hingað til að vinna við plægingar og jarðrækt. Hann hóf verkið á Kolgröfum haustið 1936 og fór á aðra bæi í sveitinni um vorið og sumarið eftir. Ingvar settist að á Kolgröfum og kvæntist heimasætunni þar, Maríu Magnúsdóttur. Ingvar beitti sér mjög fyrir aukinni jarðrækt og ekki síst kynbótum sauðfjár eftir fjárskiptin 1949. Hann var forgöngumaður að stofnun sauðfjárræktarfélags hér í sveitinni og var formaður þess um árabil. Þeirrar vinnu hans nutu allir fjárbændur í sveitinni með bættu vaxtarlagi og meiri afurðum sauðfjár. Hann var líka frumkvöðull að vélvæðingu bænda. Hann eignaðist fyrstu dráttarvélina, Farmall A, sem var tekin í notkun í sveitinni árið 1946.

Sveitin hefur alltaf verið afskekkt og samskipti fólks við önnur héruð lítil sem engin. Á árunum frá 1937–1949 geisaði veiki í sauðfé, mæðuveiki. Þessi veiki hafði mikil áhrif á allt líf fólks í sveitinni sem ekki var við unað og var allt sauðfé á Snæfellsnesi skorið niður haustið 1949. Fenginn var nýr stofn, allt lömb. Þau voru aðallega fengin af Barðaströnd og úr Arnarfirði. Þessi fjárskipti



*María Magnúsdóttir og Ingvar Agnarsson á Kolgröfum. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

tókust mjög vel án allra óhappa. Eftir fjárskiptin 1949 og árin þar á eftir fjölgaði fénu í sveitinni og menn fóru að sinna búskap betur en áður var. Á árunum fyrir fjárskiptin var öllum ám sleppt óbornum á fjall og vanhöld á nýbornum lömbum urðu oft töluverð í kuldatíð og gróðurleysi. En eftir 1950 létu menn ærnar bera á húsi, fóðrun varð betri og vanhöld á lömbum minnkuðu mikið og efnahagur batnaði. Það er meining mín að nýr og heilbrigður fjárstofn hafi aukið trú og bjartsýni fólks á lífið og tilveruna sem lýsir sér best í því að á áratugnum 1950–1960 fluttust sautján ungar konur hingað í sveitina og urðu húsfreyjur á bæjunum. Það er ekki hægt annað en að telja þær upp, þar sem ekki voru nema 24 bæir í byggð þennan áratug í Eyrarsveit. Það er svolítið merkilegt að svo margar ungar konur skyldu flytjast hingað og setjast hér að. Um það leyti voru að verða kynslóðaskipti á mörgum jörðum og ungir menn tilbúnir að takast á við lífsbaráttuna og búskapinn. Þessar konur eru taldar eftir bæjarröð og byrjað vestast: Jónína Gestsdóttir, Búlandshöfða, fluttist frá Hrappsey á Breiðafirði, giftist Antoni Finnssyni. Rita frá Danmörku bjó með Gunnari Þorvaldssyni á Skerðingstöðum í einhvern tíma og fluttist síðan burt. Áslaug Pétursdóttir frá Naustum giftist Sigurði Helgassyni, Lárkoti. Inga Kristjánsdóttir fluttist úr



*Ástrós Elísdóttir og Bjarni Sigurðsson á Berserkseyri. Úr myndasafni Eyrbyggja.*

Reykjavík ásamt manni sínum, Ragnari Guðjónssyni, að Hópi, hann varð forstöðumaður vinnuhælisins að Kvíabryggju. Hjördís Einarsdóttir úr Reykjavík giftist Jóni Hjartarssyni á Mýrum. Þórdís Þorbjarnardóttir úr Reykjavík giftist Sveinbirni Hjartarsyni á Hálsi. Gerður Guðbjörnsdóttir úr Reykjavík giftist Sverri Lárussyni í Gröf. Guðlaug Guðmundsdóttir úr Helgafellsveit giftist Herði Pálssyni á Hömrum. Áslaug Sigurbjörnsdóttir fluttist úr Reykjavík ásamt manni sínum, séra Magnúsi Guðmundssyni, að Setbergi. Helga Gunnarsdóttir frá Eiði giftist Njáli Gunnarssyni í Suður-Bár. Kristjana Jóhannesdóttir frá Þýskalandi giftist Jens Kjartanssyni á Þórdísarstöðum. Marta Böðvarsdóttir úr Reykjavík giftist Þorkeli Gunnarssyni í Akurtröðum. Vigdís Gunnarsdóttir fluttist úr Stykkishólmi ásamt manni sínum, Kristjáni Torfasyni, að Skallabúðum. Bergljót Gestsdóttir frá Hrappsey á Breiðafirði kom að Naustum og giftist Hallgrími Péturssyni. Margrét Erla Hallsdóttir úr Kolbeinstaðahreppi giftist Páli Torfasyni á Garðsenda. Auður Jónasdóttir úr Staðarsveit giftist Arnóri Kristjánssyni í Eiði. Ásdís Halldórsdóttir úr Reykjavík giftist Hreini Bjarnasyni á Berserkseyri. Allar þessar konur fluttu með sér mikið sólskin í sveitina og þær mörkuðu djúp spor í sögu mannlífs og félagslífs í sveitinni og ber það þess glöggt merki síðan.

Fram til ársins 1955 var eingöngu notaður mór til upphitunar og eldunar. Mórinn var tekinn upp í júnímánuði og var komið á þurrkvöll. Þar var honum sinnt um sumarið og hlaðið í hrauka þegar hann var orðinn þurr. Í september fyrir réttir var honum síðan komið heim í geymslu til notkunar fyrir næsta vetur og sumar eða þar til sagan endurtók sig. Mikil vinna var við mótekjuna, þetta verk mátti ekki bregðast. Að vera eldiviðarlaus þýddi ekki annað kulda og matarleysi. Þessum verkþætti í lífi fólks hér í sveit lauk árið 1955. Þá um vorið var móri tekinn upp sem áður og komið á þurrkvöllinn en það sumar var hið mesta rigningar- og rosasumar sem um getur alla öldina, þannig að mórinn þornaði ekki og varð ónýtur á þurrkvellinum. Þá fóru menn að nota olíu til upphitunar og eldunar.

Árið 1948 voru fjórir bílar til í sveitinni, P-66 Willis 46 á Berserkseyri, P-113 Willis 47 í Vindási, P-127 Willis 47 á Þórdísarstöðum og P-12 Ford vörubíll á Eiði. Árið 1950 fór ég að keyra bíl, P 12 Willis 47, þá aðeins 15 ára gamall og auðvitað próflaus. Það kom þó nokkuð oft í minn hlut að sækja ljósmóður fyrir konur. Bergþóra Sigurðardóttir á Sólvöllum var ljósmóðir og ekki þótti henni athugavert að ég unglingurinn væri sendur eftir henni. Ég kom henni alltaf á áfangastað áfallalaust. Þá var bensínið rándýrt eins og það er í dag. Það kostaði 1,72 kr. áður en tvö núll voru tekin aftan af krónunni og var það jafnmikið og mjólkin kostaði. Þá voru tvær dráttarvélar til í sveitinni, Farmall A á Kolgröfum og samskonar vél í eigu Gunnars Stefánssonar á Eiði. En á næsta áratug fjölgaði dráttarvélum og voru komnar á flesta bæi í lok sjötta áratugsins, þó ekki nema ein á hvern bæ. Þegar þéttbyli fór að myndast í Grafarnesi og fólk fór að flytjast úr sveitinni flutti það með sér eina kú til heimilisnota en með aukinni atvinnu losaði það sig við kýrnar og þá myndaðist markaður fyrir mjólk í þorpinu sem bændurnir í nágrenninu sinntu. Þeir fluttu mjólkina sjálfir til heimila og tóku tóman brúsa til baka. Það voru eingöngu bændur frá Kverná, Hömrum, Vindási, Eiði, Suður-Bár og Akurtröðum sem sinntu þessum markaði. Þetta gekk þangað til í febrúar 1964 en þá tók mjólkurstöðin til starfa í nýju húsi þar sem nú er Essobúðin og Landsbankinn. Um miðja öldina var ekki vatnsveita nema á tveimur bæjum, á Setbergi og Hömrum, en upp úr því komu þau þægindi á alla bæi. Síminn (sveitasíminn) var lagður um sveitina haustið 1949 og sumarið 1950. Sjálfvirki síminn kom svo árið 1981.

Þegar við skoðum manntöl á síðustu öld sést að fæðingar hafa gengið í bylgj-

um í sveitinni og það koma fram toppar í fæðingum á öldinni. Toppur er frá 1901–1916, annar frá 1925–1940 og sá þriðji frá 1955–1970, en síðan hefur fækkað fæðingum og ekki komið fram toppur síðan. Það er kannski til skýring á því. Fólk sem fæddist 1955–1970 lauk skyldunámi hér heima og fór svo í framhaldsnám en kom ekki til að setjast að í sinni heimasveit heldur settist að í þéttbýli annars staðar á landinu. En þá fór fólki að fækka og jarðir fóru í eyði eða voru sameinaðar öðrum. Árið 1950 voru íbúar í sveitinni 157 en í aldarlok voru þeir 50 á sextán jörðum. Þessar hugleiðingar mínar um þróun byggðar og mannlífs í sveitinni eru ekki byggðar á prentuðum heimildum heldur aðeins hugleiðingum mínum og minningum um lífið og tilveruna þennan tíma.

*Skrifað í janúar 2006.*

*Ingi Hans Jónsson*

# Koníak og kartöflur

## *Franskir sjómenn í Grundarfirði*

### *Clementine*

Vorið 1858 bar það til tíðinda í Grundarfirði, að inn á höfnina sigldi franskt fiskiskip, og var það upphafið að því, að franskir fiskimenn höfðu bækistöð þar um alllangt skeið og settu mjög svip á plássið. Hér var um að ræða fiskiskipið Clementine frá Paimpol á Bretagneskaga. Það hafði komið til Reykjavíkur 15. apríl. Um borð var fulltrúi útgerðarmanns í Paimpol, og gekk hann þegar á fund Trampe stiftamtmanns og tjáði honum, að hann hefði í hyggju að halda til Grundarfjarðar og setja þar á stofn fiskverkunarstöð og yrðu sendir þangað um 150 manns til að starfa við fiskverkunina. Einnig tjáði hann stiftamtmanni, að franska herskipið, sem væri væntanlegt til landsins, ætti að stofna aðra fiskverkunarstöð á Dýrafirði, og myndu starfa þar fleiri menn en í Grundarfirði.



Óhætt er að fullyrða, að stiftamtmanni hafi brugðið í brún, þegar hann heyrði þessi tíðindi, því að honum hefur án efa verið í fersku minni sú málaleitan Frakka árið 1855 að fá að setja á stofn fiskverkunarstöð á Dýrafirði. Þessi beiðni olli miklum deilum á Alþingi og víðar, og fór svo, að þingið hafnaði

henni. Kom fyrir lítið, þó að Jón Sigurðsson forseti væri hlynntur þessum áformum Frakka. Stiftamtmaður svaraði því til, að slík starfsemi bryti í bága við landslög, nema því aðeins að sá, sem stæði fyrir slíkum atvinnurekstri, gerðist jarðeigandi og borgari í löggiltum verslunarstað og skip hans yrðu skráð í Danmörku.

## *Sylvain Allenou*

Bretónski stórútgerðarmaðurinn Silvain Allinou hafði lengi gert út skip sín við Nýfundnaland. Eftir að lögum um verslun á Íslandi var breytt 1854 jókst áhugi franskra útgerðamanna á Íslandsmiðum. En á Nýfundnalandi höfðu þeir haft aðstöðu í landi sem var mjög dýrmæt fyrir skip svo langt að komin. Um þetta leiti er Verslunarráðið í Dunkirque búið að láta kanna möguleika á því að koma upp fiskverkun í Dýrafirði. En því var alfarið hafnað af stjórnvöldum. Þeir Dunkirkquear urðu því lítt hrifnir af þeirri frétt að útgerðarmaður frá Paimpol væri búinn að kaupa sér lóð í Grundarfirði og væri að hefja þar byggingu á saltfiskverkunarstöð. En málin voru ekki svo einföld því íslenskir embættismenn gerðu allt sem þeir gátu til að hindra uppbyggingu Silvains Allenou í Grundarfirði. Silvain virðist hinsvegar hafa sterk ítök og góða þekkingu á þeim lögum sem fylgja þurfti. Allar þær hindranir sem sýslumaður og amtmaður reyndu að bregða fyrir fulltrúa hans í Grundarfirði urðu þeim haldlitlar. Fulltrúi útgerðarinnar hét Leon Bouriaud og var ávallt titlaður doktor. Hann lýsti erindi sínu skýrt fyrir sýslumanni og var það ætlunin að hefja starfsemi í fiskverkunarstöðinni vorið 1859. Bouriaud gat þess, að á vegum Allenou væri 21 fiskiskip á veiðum við strendur Íslands og tvö við Nýfundnaland. Enn fremur greindi Bouriaud sýslumanni frá því, að Allenou húsbóndi hans myndi halda til Kaupmannahafnar þá um vorið til að afla tilskilinna leyfa hjá dönskum yfirvöldum, og bjóst hann við því að fá nánari fréttir af því, þegar franska herskipið L'Artemise kæmi til Grundarfjarðar um maí.

## *Clondike de nord*

Þúsundum saman streymir fólkið að höfninni í Paimpol. Það er runninn upp brottfaradagurinn. Á öðru stórflóði í febrúar sigla skúturnar út skiparennuna í Paimpolhöfn. Það eru stoltir fiskimenn sem veifa ástvinum í kveðjuskyni.

Þegar skipin sigla fram hjá litlu steinkirkjunni í Perras-Hamond taka sjómennirnir ofan, signa sig og fara með bæn. Í kirkjunni er geymt líkneski heilagrar Maríu af Perras, verndardýrlings fiskimannanna. Stundum verða skúturnar að bíða byrs. Þegar þær fá byr í seglin er fáni dreginn upp í kveðjuskyni. Bjartsýnir horfa sjómennirnir til hafs og vonin um góða veiði knýr þá áfram. Þeir eru búnir að gleyma því sem þeir sögðu við eldstæðið í litla húsinu sínu í haust: „Aldrei aftur! Nú er nóg komið. Nóg komið af fjarlægum miðum, kuldahrolli, eymd og dauða. Nú er því lokið, ég fer ekki aftur". Eiginkonan fagnaði þessari ákvörðun, meðan peningarnir entust. Um veturinn gekk á hlutinn og reikningarnir fóru að hrannast upp. „Hvað nú? Hvað er hægt að gera, kannski ætti ég þrátt fyrir allt að fara aftur til Íslands". Þetta þarfnast ekki langrar umræðu. Fyrr en varir er farið að huga að plássi. Sjómennirnir hittast á Café des Islandais, fá sér snafs, taka tal saman, rifja upp sögur af síðustu vertíð og hitta útgerðarmennina. Duglegir sjómenn fá strax góð pláss. Og svo er samið, fyrst um smáuppbót og síðan um fyrirframgreiðsluna. Það er fyrirframgreiðslan sem er mikilvægust í þessu öllu saman, því það þarf að borga skuldir, búa sig af stað og skilja svo eitthvað eftir handa fjölskyldunni til að lifa af. Áhyggjurnar eru nú litlar, fengsæl fiskimið við Ísland munu gera þá ríka. Og það eru kátir karlar sem syngja:

> Þegar við komum aftur,
> verðum við orðnir ríkir.
> Næsta vetur eigum við meira smjör á brauðið.
> Og færri áhyggjur í kollinum.

## ***Foringi hans keisaralegu hátignar.***

Það verður að telja það nokkuð víst að Silvain Allenou hafi ekki valið Grundarfjörð af tilviljun einni. Bæði virðist honum ljóst að lögin um kaupstaðina sex ollu því að hann gat komið á stofn rekstri í Grundarfirði einum staða á Vesturlandi og eins er víst að skoðun Verons flotaforingja hafi ráðið þar nokkru. Auguste Veron var foringi á herskipinu L'Artemise, en aðalverkefni þess var að vera frönsku fiskiskipunum hér við land til halds og trausts. Veron bar titilinn *Commandant la Station naval de SMI dans les meres du nord* (Foringi herflota hans keisaralegu hátignar í Norðurhöfum). Verón hafði einnig verið falið það verkefni af versl-



unarráðinu í Dunkirque að afla upplýsinga um bestu hafnir á Íslandi. **„... þá er Grundarfjörður að mínu áliti eitt besta skipalægi á landinu"**, skrifaði kapteinn Veron á franska herskipinu L'Artémise í bréfi til franska flotamálaráðherrans 15. júlí 1858. Veron flotaforingi lét mæla upp Grundarfjörð og gera af honum nákvæmt sjókort sem til skamms tíma var talið það besta sem til var. Þá er það vitað af gerðum Verons og félaga hans á L'Artemise að þeir höfðu meðferðis myndavélar og eina elstu mynd sem tekin var á Íslandi tóku einmitt þeir félagar og sýnir hún kirkjuna og prestssetrið á Setbergi. Hann skrifaði Árna sýslumanni, Páli Melsted amtmanni og Trampe stiftamtmanni bréf frá Grundarfirði þar sem hann lét hann í ljós undrun sína á því, að Bouriaud væri gert að afsala sér frönskum ríkisborgararétti. Veron skoraði á sýslumann að láta Bouriaud njóta sama réttar hér á landi og danskir ríkisborgarar nytu í Frakklandi. Af svari amtmanns má sjá að Veron hefur notið nokkurrar virðingar og allt þóf um aðstöðu Frakka var lagt af að því tilskildu að þeir féllu frá fiskverkunarhugmyndinni og ekkert því til fyrirstöðu, að Bouriaud keypti umrædda landspildu af Jóni Daníelssyni, ef hann greiddi tilskilda skatta og gjöld af henni og notaði hana ekki í ólöglegum tilgangi. Enn fremur lét amtmaður þess getið, að það hefði aldrei verið skilningur sinn, að Bouriaud yrði að afsala sér frönskum ríkisborgararétti til að geta keypt lóð í Grundarfirði.

## Frakkar kaupa lóð

Eftir nokkurt þóf við stjórnvöld keypti Bouriaud lóðarskika á Grundarkampi af Jóni Daníelssyni borgara. Ekki verður séð að Jóni hafi verið það þvert um geð að selja Bouriaud lóðarspilduna á Grundarkampi. Í bréfi til sýslumanns 28. apríl 1858 sagðist Jón hafa fengið prívatbréf frá Reykajvík með Fransmanninum, þar

sem fullyrt væri, að Frakkar hefðu fengið leyfi hjá dönsku stjórninni til að reisa hús í Grundarfirði. „Líka er mér gefið í skyn, að ekki muni vera ráðlegt með að neita þeim um „Byggegrund, Virkeplads etc.," því þar geti verra út af komið." Gengið var frá kaupunum 30. júní, og var Árni sýslumaður viðstaddur þau sem notarius publicus. Kaupverð spildunnar, sem Bouriaud keypti fyrir hönd Sylvain Allenou, var 332 ríkisdalir og 32 skildingar. Að vestanverðu var hún 73½ dönsk alin að breidd og takmarkaðist af landamerkjum Kvernár. Hún var 517½ alin á lengd til austurs, en að austanverðu var breidd skikans 101 alin og lá sú lína yfir svokallaða Skotþúfu á Grundarkampi. Sjávarmegin (norðanmegin) voru takmörk spildunnar við hæstu sjávarhæð (flóðhæð) og landmegin að hlíðinni, sem lá niður að Grundará (Kampsá) og voru þar litlar vörður sem afmörkuðu lóðarskikann að sunnanverðu.

Þar sem Árni Thorsteinsson hafði haft töluverð afskipti af þessu máli, kvaðst hann í bréfi til amtmanns 20. júlí 1858 hafa haft gott tækifæri til að komast að því, hver væri tilgangur Frakka með þessu fyrirtæki. Sýslumaður taldi sig hafa örugga vissu fyrir því að Allenou hefði sent Bouriaud til Íslands í því skyni að kaupa lóð á hentugum stað, þar sem annars vegar væri mögulegt að reisa hús sem geyma mætti í veiðarfæri og þess háttar yfir veturinn og hægt væri að búa skipa á veiðar á vorin og þar sem hins vegar væri unnt að stunda fiskverkun. Ekki þyrfti að taka fram, að Grundarfjörður væri mjög heppilegur staður. Innsiglingin inn á höfnina væri mjög góð og höfnin sjálf mjög góð vor- og sumarhöfn, og gott vetrarlægi væri fyrir lítil skip í Grundará. Þá væri Grundarkampur mjög hentugur sem fiskverkunar- og byggingarsvæði.

## *Höfðingjar á ferð*

Margt kann að hafa haft áhrif á það að Silvain Allenou gekk betur að koma sér fyrir á Íslandi en öðrum Frökkum. Eflaust hefur sá árangur verið endapunktur í sérkennilegri röð atvika eftir að landkönnuðurinn Jules Réne Poet, barón af Blosseville, hvarf með skipi sínu La Lilloise á leið frá Íslandi til Grænlands. Jules Blossaville var mikill vinur Jerome Bonaparte Napóleons og vakti hvarf hans því mikla athygli í Frakklandi. Í framhaldi af því var sendur hingað til lands leiðangur er leita skyldi upplýsinga um afdrif Blossavilles og frönsk stjórnvöld hétu háum upphæðum hverjum þeim sem upplýst gæti um afdrif La



Lilloise. Fyrir þeim leiðangri fór vísindamaðurinn Poul Gaimard og ferðaðist leiðangurinn um allt vestanvert landið. En Gaimard og menn hans leituðu ekki eingöngu hins týnda landkönnuðar heldur könnuðu land og þjóð. Þessi leiðangur varð svo kveikjan að því að undirbúinn var mikill vísindaleiðangur til að rannsaka merkilega náttúru Íslands. Gaimard kom sér vel hjá Íslendingum og hefur stundum verið nefndur fyrsti Íslandsvinurinn.

Leiðangursmenn sköpuðu sér velvild og vinsældir hjá Íslendingum. Eftir heimkomuna til Frakklands var afrakstur leiðangursins gefinn út í 12 bindum í stóru broti. Ritverkið „Voyage en Islande et au Groëneland executé pandant les années 1835 et 1836" er mesta rit sem nokkurn tíma hefur verið gefið út um Ísland. Ritið vakti mikinn áhuga Frakka á Íslandi og enginn vafi leikur á

því að það hefur verið kveikjan að ferð Napóleons prins til Íslands árið 1856. Og það getur ekki verið tilvikjun að það sama ár kaupir Silvain Allenou lóð á Grundarkampi. Ljóst virðist vera að með þeim kaupum varð hann fyrstur manna sem ekki var danskur þegn að eignast land á Íslandi.

Það segir nokkuð um ágæti Gaimards að í kveðjuhófi sem haldið var í Kaupmannahöfn af Hafnarstúdentum flutti Jónas Hallgrímsson honum mikið lofkvæði sem við þekkjum undir titlinum „Þú stóðst á Heklu tindi hám". Þar er meðal annars að finna þetta erindi:

Við vitum glöggt að anntu okkur,
Frakkneskur maður frjálsri þjóð;
Því andinn lifir æ hinn sami
Þótt afl og þroska nauðir lami.

Í frönskum blöðum fullvissa leiðangursmenn landa sína um ágæti hinnar íslensku þjóðar og segja: „Fiskimenn okkar munu vissulega geta fundið vernd og hjálp á ströndinni"

## *Guverneur de Grundarfjord*

Stefán Daníelsson, kaupmaður og hreppstjóri í Grundarfirði, var einn síðasti kaupmaður sem starfaði í hinum forna Grundarfjarðarkaupstað. Hann var í raun Jónsson, sonur Jóns kaupmanns Daníelssonar sem seldi Frökkum land á Grundarkampi. Á tímum þeirra feðga óx vegur Stykkishólms talsvert en kaupmáta Stefáns er síðustu árin lýst sem „minni háttar prangi og braski" við franska sjóara. Enda fékk Stefán á sig kæru fyrir að versla við skútukarla. Stefán átti mikla virðingu skútukarlanna og kölluðu þeir hann „Guverneur de Grundarfjord". Stefán komst í einstaka aðstöðu 1872 er hann fékk löggildingu amtmanns til að skoða og árita skipsskjöl á ábyrgð sýslumanns. Dr. Jón Stefánsson, sonur Stefáns hreppstjóra, segir frá því í endurminningum sínum að hann hafi róið með föður sínum á bátnum Buslu út í frönsku skúturnar til að innheimta af þeim löggjöldin. Jón segir að faðir sinn hafi drukkið með skútukörlunum og verslað við þá. Hann hafi selt þeim kindur, smjör, kaffi ofl. fyrir kex sem hann svo seldi með ágóða. Fóru þeir eitt sinn í 20 skútur í einu. Poki

fullur af hinu ágæta hveitikexi, Biscuit de Nantes fékkst fyrir fullorðna kind, en 8–10 brauðkökur fengust fyrir eina sjóvettlinga. Um Fransmennina segir Jón einnig í minningum sínum: „Í siðgæði og framferði öllu tóku sjómennirnir frá Bretagne og Normandíu langt fram öllum erlendum sjómönnum, sem hér voru við land. Auðvitað drukku þeir sig blindfulla, en góðmennskan, sem var þeim eðlileg, kom þá gerr í ljós".



## ***Franska húsið***

Frakkar héldu burt frá Grundarfirði í ágúst 1958 og var því allt kyrrt um veturinn. Þeir komu aftur vorið 1859 og dró þá fljótt til tíðinda. Í maíbyrjun barst Árna Thorsteinssyni sýslumanni það til eyrna, að nokkur frönsk skip væru komin til Grundarfjarðar og að vörum hefði verið skipað upp úr sumum þeirra. Sýslumaður hélt til Grundarfjarðar 12. maí til að kynna sér málið og komst á snoðir um að nokkru af timbri hafði verið skipað upp úr tveimur frönskum fiskiskipum. Skipin, sem voru frá Paimpol, voru í eigu Allenou útgerðarmanns og hétu Nelly og Clementine. Skipstjórarnir brutu lög með uppskipun á farmi skipanna því þeir höfðu hvorki keypt leiðarbréf né greitt lestargjöld eins og þeim ar að gera. Annað skipið Nelly var farið á veiðar, en Clementine var enn úti á höfninni. Sýslumaður varð þess vísari að skipað hafði verið upp nokkru af timbri og bjálkum og dálitlu af böndum. Timbur þetta var ætlað til einnar hæðar timburhúss sem átti að vera 14 álnir á lengd og 8-9 álnir á breidd (9x5 metrar).



Hinn 5. ágúst dró enn til tíðinda í Grundarfirði þegar enn á ný birtist þar fiskiskipið Clementine með vörur beint frá Bordeaux í Frakklandi. Árni Thorsteinsson sýslumaður krafði þá skipstjóra skipsins um leiðarbréf og bannaði honum að flytja í land nokkuð af farmi skipsins, fyrr en búið væri að greiða lestargjald eins og krafist er með lögum frá 15. apríl 1854. Bouriaud benti á að skipið væri fiskiskúta sem ekki hefði komið til Grundarfjarðar í neinum verslunarerindum, heldur einungis í þeim tilgangi að leggja nokkuð af farmi sínum upp á lóð þá sem S. Allenou í Paimpol ætti á Grundarkampi. Væru þessir hlutir sumpart ætlaðir honum sjálfum og sumpart tveimur frönskum klerkum sem þar voru til húsa.

Eftir nokkra samninga milli sýslumanns og L. Bouriaud var málið útkljáð þannig að Bouriaud var heimilt að flytja í land í Grundarfirði án þess að greiða lestargjald alla þá búshluti og vistir sem tilgreindar voru á farmskrá skipsins, að undaskildum 26 smálestum af salti, sem skyldi flutt í aðrar franskar fiskiskútur. Hús það sem Allenou lét byggja þarna er að stofni til gamli prestsbústaðurinn á Setbergi sem enn stendur.

## *Frönsku prestarnir*

Um nokkurt skeið bjuggu tveir kaþólskir prestar í franska húsinu á Grundarkampi. Þeir höfðu verið sendir hingað til lands undir því yfirskyni að þeir ættu að þjónusta hina kaþólsku sjómenn sem þúsundum saman voru hér við land. Augljóst er hins vegar að þeir tilheyrðu Norðurheimskautstrúboði kaþólsku kirkjunnar og áttu að freista þess að snúa Íslendingum til kaþólskrar trúar. Anna Thorlacius kom sem barn í messu hjá þeim í franska húsinu. Hún lýsir því í endurminningum sínum sem fyrir augu bar: „Nú fórum við inn og stóðu þá prestarnir í forstofunni, skrýddir messuklæðum. Þeir vísuðu okkur leið að stiga. En hversu undrandi urðum við ekki, þegar við komum upp á skörina, allt uppljómað og smekklegar skreytt blómum. Loftið höfðu þeir málað himinblátt og sett á það logagyltar stjörnur. Maður varð heillaður af öllu saman. Altaristaflann var María mey með barnið í fanginu, ekki máluð, heldur úthöggvin – og af slíkri snilld, að það var eins og hún væri lifandi. Brusselgólfábreiða var fyrir framan altarið og náði fram á skör. Kaleikur stóð á altarinu í hvert sinn sem messað var, því þeir gengu ávallt til altaris sjálfir, og ofan



á þetta allt bættist reykelsisilmurinn... Einkum hrifu þau mig blómin, sem þarna voru. Þau voru raunar búin til af mannahöndum, en eigi að síður vöktu þau unaðslegar tilfinningar."

Eftir dvölina á Grundarkampi fluttust prestarnir til Reykjavíkur og keyptu þar jörðina Landakot og þóttu þau viðskipti sæta nokkrum tíðindum. Eigandi jarðarinnar, Ásmundur Jónsson, fyrrverandi dómkirkjuprestur, vissi ekki betur en hann hefði selt lyfsalanum í bænum eignina. En þegar kaupin voru um garð gengin varð uppvíst að lyfsalinn, sem jafnframt var konsúll Frakka, hafði verið umboðsmaður kaþólsku prestanna. Þarna er því komið upphafið af kaþólska söfnuðnum á Íslandi. Ásmundur mun hafa séð eftir þessum viðskiptum.

Gamla prestssetrið á Setbergi hefur því bæði verið íbúðarhús kaþólskra og lúterskra presta.

## Á Íslandsmiðum

Lífið um borð í fiskiskútunum var engin sæluvist. Baráttan við storma og kulda var erfið og menn urðu að halda sig að veiðunum meðan stætt var. Á leiðinni á miðin drógu þeir um pláss við borðstokkinn. Aðeins stýrimaðurinn hafði fast pláss aftast en hinir færðust aftar um eitt pláss við hver vikulok. Heylásinn, þetta franska veiðarfæri, var blýsakka 3–5 kíló á þyngd. Í gegnum stökkuna neðanverða var 75 sentimetra jánstöng með taum og öngli á hvorum enda. Skakfiskirí var ekkert grín á 100 metra dýpi. Á svo miklu dýpi urðu þeir að hafa 5 kílóa sökkur á heylásnum. En það var ekki bara veðráttan og þrældómurinn sem gerði vist þessara manna erfiða, það voru einnig sjúkdómar, slys og slæmur aðbúnaður.



Fiskimennirnir gátu klætt af sér kuldann en þeir urðu að vera í sömu fötunum 3–4 vikur án þess að fara úr þeim fyrr en þeir komust inn á firðina þar sem þeir böðuðu sig í lækjum og þvoðu föt sín. Það var óskapleg þrekraun að standa við borðstokkinn, stíga ölduna og skaka á miklu dýpi. Í lúkarnum var kojunni haldið heitri því tveir voru um hverja koju. Þreytan og vosbúðin söfnuðust upp, lélegt fæði og brennivínsskammtarnir juku mönnum ekki þolið í þessari styrjöld við náttúruöflin. Þegar á leið var slysahættan meiri og í veltingi féllu menn jafnvel fyrir borð við að hafa hægðir. Endalaus fiskisúpa, soðin úr þorskhausum og hryggjum, var helsta hollustan um borð. Sjúkdómar eins og taugaveiki berklar, gigt, drykkjusýki og augnsjúkdómar voru algengir. Þá voru áverkar eins og fótasár, öngulstungur og skurður eftir flatningshnífinn lítið eða ekkert meðhöndlaðir. Verst af öllu voru úlnliðssárin, „Íslandskálið" eins og það var kallað. Við núning saltblautra og frosinna fata og vettlinga myndaðist sár á úlnliðinn. Salt og ýmis óhreinindi voru stöðugt í sárunum og sjómaðurinn bjó við stöðugan sársauka. Skipstjórunum var ekkert um veika menn gefið og gerðu ekkert til að koma þeim til læknis því það tafði þá frá veiðum.

„Ef þeir hefðu verið fljótari að leita hjálpar, t.d. út af handarmeini, hefði oft betur farið og sjúklingurinn ekki misst höndina", skrifaði læknirinn á einu eftirlitsskipinu.

## ***Biskví fyrir votaling***

Biskví fyrir votaling sögðu krakkarnir og réttu upp fingur til að sýna hve margar kexkökur þeir ættu að fá fyrir vettlinga. Á bæjunum höfðu konurnar og oft karlarnir líka setið við að prjóna tvíþumla vettlinga og sokka allan veturinn til að geta boðið Fransmönnum með vorinu. Fólkið á fjörðunum vissi hvað þá vanhagaði mest um þessa karla með hendurnar skornar og sárar undan færinu. Vettlingarnir með gripbótinni að heiman voru vísast búnir og þá sárvantaði á hendurnar. Sokkaplöggin kannski líka orðin léleg enda voru þeir jafnan í tvennum sokkum í stígvélunum Á hverjum bæ við firðina þar sem von var á Frönsurum var prjónað. Á Íslandi lifðu menn langan vetur við þröngan kost og víða beið fólk eftir þessari tilbreytingu. Það var snar þáttur í lífi þess að versla við Fransmenn og kom báðum vel. Til er bréf þar sem hreppstjórarnir í Eyrarsveit kvarta undan



því að Grundfirðingar fari með heilu fjölskyldurnar, konur og börn, út í hin frönsku skip. Grundfirðingar skeyti engu um sóttvarnir þannig að vonlaust sé að framfylgja sóttvarnarlögum. Sýslumaður gerði ekkert í málinu og voru því ekki höfð meiri afskipti af þessum viðskiptum í Grundarfirði. Vinsælasti gjaldmiðill frönsku fiskimannanna var hart kex og vín. Kexið var kallað biskví og vínið koníak. Fleira gátu landsmenn fengið í skiptum fyrir prjónlesið en harða kexið og áfengið, sem þó var alltaf eftirsóttast. Til dæmis saltögn sem alltaf var þörf fyrir í saltlausu landi. Margt vantaði á Íslandi og víða var langt að sækja hverja ögn. Gamall maður í Dýrafirði prjónaði allan veturinn í von um píputóbak fyrir. Aðra vanhagaði mest um færi, blý, öngla, færalínur og taumlínur. Konurnar fengu kannski kartöflur. Nærri má geta að íslensku karlarnir hafi verið álíka kátir yfir kartöflukaupum kvenna sinna eins og þær yfir vínkaupum þeirra. Hvort tveggja hefur þótt óþarfa sóun fyrir gott prjónles.

## *Fallerí, fallera*

Mikið hefur verið skrafað og skeggrætt um mögulega blóðblöndun Íslendinga við hina frönsku sjómenn. Þeir sem rannsakað hafa telja hana lítt eða ekki finnanlega þó bent sé á heilu fjölskyldurnar sem séu dökkar yfirlitum. Ástæða þessa er að Bretónar eru ekki dökkir yfirlitum og frekar líkir okkur í útliti enda taldir vera af keltneskum uppruna. Dökkir Íslendingar eru því taldir skyldari Böskum og Spánverjum sem héldu sig hér við land á undan Frökkum. Hins vegar gat ekki hjá því farið að undir kæmi eitt og eitt barn sem hafði franskt faðerni. Allmargar heimildir eru til um fjölda erlendra skipa í Grundarfirði og greinir ein skipsdagbók frá því að þar hafi legið 50 franskar skútur. Þá kom það fyrir að skipshafnir slógu upp balli á grundunum við kaupstaðinn. Jón Stefánsson segir þessa sögu í ævisögu sinni; „Frakkar þeir, sem komu í Grundarfjörð, höfðu dans fyrir sveitarbúa á grundinni norðan við Grund, enda



voru frönsku fiskimennirnir yfirleitt glaðværir og hneigðir fyrir söng og dans. Kapteinn á einu af skipunum varð ástfanginn af einkadóttur efnaðra hjóna í sveitinni. Foreldrar hennar töldu víst, að hann mundi vera kvæntur heima á Frakklandi og bönnuðu dóttur sinni að hitta hann. Einn morgun var hún horfin, en kapteinninn sigldi heim þann dag. Foreldrarnir hörmuðu sárlega örlög einkadótturinnar, en tveim mánuðum eftir brottför hennar fengu þau bréf frá henni. Allar hennar vonir höfðu ræst, brúðkaup verið haldið með mikilli viðhöfn og að fornum venjum Bretóna". Elín Pálmadóttir fann ekkert sem sannað gæti þessa sögu en í bók sinni „Fransí biskví" telur hún fullar sönnur færðar á eftirfarandi sögu: „Á grundinni við Gröf í Grundarfirði var í byrjun júní 1865 slegið upp balli, en þá voru Fransmenn einmitt inni að dytta að tunnum sínum og fiski í bretónskri fiskþurrkunarstöð. Það varð Sigurbjörgu, ógiftri vinnukonu á bænum, að falli, því 6. mars 1866 fæddi hún dótturina Eline Kristínu og lýsti föður að annan af tveimur frönskum fiskimönnum, sem þar höfðu verið að dansa. En ekki lifði þetta fransk-íslenska barn lengi". Eline Kristín dó 17. sama mánaðar. Er þetta eina barnið sem kennt er frönskum föður þrátt fyrir að hundruð franskra fiskimanna komu í Grundarfjörð á hverju vori.

## Mannskaðaveðrið 1870

Hinn 28. mars 1870 reru margir bátar frá verstöðvum við Faxaflóa enda var veður kyrrt þennan mánudagsmorgun. En um hádegi hvessti af austri sem

síðan snerist í ofsaveður af hásuðri. Talið er að um 300 sjóhraktir menn hafi náð landi á Suðurnesjum og gist á nálægum bæjum. Þá er vitað um fjögur fjögramanna för sem fórust við ströndina og tvo báta á rúmsjó. Í þessu veðri er talið að sex franskar skútur hafi farist við sunnanvert Snæfellsnes auk tveggja sem strönduðu á Gömlueyri þar sem mannbjörg varð. Þegar Ólafur bóndi á Litla-Hrauni opnaði bæ sinn að morgni 29. mars stóðu þar 43 blautir og hraktir sjómenn af skútunum tveimur sem strandað höfðu á eyrinni þá um nóttina. Nærri má geta að þröngt hefur verið í litlum torfbæ að hlynna að aðkomumönnum en er veður var orðið sæmilegt gátu þeir sótt í skipin búnað sinn og nokkuð af matvælum. Og vildu þeir frekar búa þröngt hjá Ólafi og fjölskyldu hans heldur en skipta sér á bæina. Þessar tvær áhafnir voru afskipunum Piubla frá Dippe og Saint Joseph frá Portrieux. En þeir voru ekki eins lánsamir sjómennirnir á hinum sex skútunum sem fengu vota gröf þessa sömu nótt. Einungis eru þekkt nöfn tveggja þeirra skipa þar sem nafnplötur þeirra rak í Staðarsveit. Á þessum plötum mátti lesa að annað þeirra hét Louis Philippe en hitt Josephine og var frá Binic. Af þeim 28 líkum sem ráku í Staðarsveit mátti þekkja skipstjóra sem bar gullhring með áletruninni J. Le Cerf. Öll voru þessi lík jarðsett að Staðarstað. Í þessu skelfilega veðri hafa því farist á Faxaflóa um 160 sjómenn, um 30 íslenskir og um 130 franskir.



## Heima á Bretagne

Eiginkonur, unnustur og mæður sátu ekki aðgerðarlausar í fiskimannaþorpunum á Bretagneskaga. Þó ekki væri vosbúðin að plaga þær var margt sem þurfti að gera til að halda heimilinu gangandi. Þó skuldir hafi verið greidd-

ar með fyrirframgreiðslunni fyrr um veturinn fór mest af afganginum í að útbúa sjómanninn á sjóinn. Þó fátæktin væri mikil mátti ekkert til spara í þeirri góðu fjárfestingu sem heill sjómaður var. Konurnar urðu því að skera allt við nögl sér og lifa sparlega. Þriðjungur fyrirframgreiðslunnar sem útgerðarmaðurinn hélt eftir var sá varasjóður sem þær höfðu í að ganga. Þegar þessar greiðslur þraut fóru aftur að myndast skuldir hjá bakaranum, slátraranum og víðar. Þegar færi gafst héldu þær til kirkju að biðja fyrir sjómönnunum sínum. Þær skrifuðu þeim bréf sem send voru með fiskflutningaskipunum. Af bréfum má sjá þann



söknuð og ótta sem þær bjuggu við. Eiginkona í Paimpol skrifaði manni sínum; „Ég byrja þetta bréf með sorg í huga. Ég get ekki lýst þeim sársauka, sem ég fann, þegar ég sá fallegu Leopoldine hverfa undir fullum seglum við sjóndeildarhringinn klukkan 5 að morgni. Mér fannst ég særð í hjartað. Og hafði hugboð um að ég mundi aldrei sjá þig aftur..."



Í september fóru svo konurnar reglulega út á ysta tangann að Ekknakrossinum. Þar biðu þær eftir

að sjá skipin koma og ef segl sáust í fjarska barst fréttin hratt út. Milli vonar og ótta biðu þær til að greina skipin og glaðar konur héldu heim til að búa sig upp og stefna á höfnina í Paimpol til að taka á móti ástvini heimtum úr frosti og stormum norðurhafanna. Aðrar sátu langt fram á haust og biðu við Ekknakrossinn þeirra sem aldrei komu.

## *Veggur sorgar*

Umhverfis Paimpol eru fiskimannaþorpin, þaðan sem skútukarlarnir komu. Víða á þessu svæði er að finna átakanlega minnisvarða um sjósókn á Íslandsmið. Í Þorpinu Ploubazlanec er kirkjugarðsveggurinn þakinn minningarskjöldum um áhafnir og einstaklinga sem hurfu við Íslandsstrendur. Við þennan vegg komu ættingjarnir saman og minntust horfinna ástvina og enn í dag má sjá ný blóm við skildina á veggnum. Svo djúpt ristir sá söknuður og sorg sem býr í hjarta þessa fólks sem átti ekki aðra möguleika til að brauðfæða sig en að halda norður í haf og veiða þorsk og skapa þar með þá hagsæld sem ríkti á svæðinu í þau 83 ár sem Bretónar sóttu þorsk á Íslandsmið. En vindar og regn vinna sín verk á minnisvörðum þar sem annars staðar og er nú búið að bjarga heillegustu






minnisvörðunum í söfn og kirkjur á svæðinu en veggurinn hefur fengið nýja skildi sem allir hafa sama yfirbragð eins og sést á stóru myndinni hér efst. Auk þess hefur verið settur á vegginn minnisvarði úr steini með inngreyptum myndum af gólettu og syrgjandi ekkjum.

Á þeim minnisvarða kemur fram að á árunum 1852–1935 hafi 120 gólettur farist og með þeim hafi horfið um 2000 sjómenn í hafið við Ísland

*Pálína Gísladóttir*

# Horfin hús og gamlir tímar

Pálína Gísladóttir sem fædd er á Skallabúðum í Eyrarsveit árið 1929 hefur stærstan hluta ævi sinnar búið í Eyrarsveit, fyrst í sveitinni og síðan í þéttbýlinu eftir að það tók að myndast. Hún hefur gott minni og rifjar hér upp gamla tíma sjálfri sér og öðrum til gamans. Þótt ekki sé langur tími liðinn síðan hér fór að myndast þéttbýli eru mörg þeirra húsa sem fyrst voru reist horfin af sjónarsviðinu, sum fyrir löngu en styttra er frá því að önnur voru brotin niður. Pálína rifjar hér upp það sem hún man um þessi horfnu hús, hverjir reistu þau og bjuggu í þeim og lætur fylgja með í bland mannlífsbrot frá liðnum tíma.

Árið 1940 voru á manntali hér í Eyrarsveit 384, þar af bjuggu 75 manns á ýmsum bæjum á Kvíabryggju, í Kvíabryggjuplássinu eins og það var nefnt. Margt af þessu fólki tók sig upp um 1941 og fluttist í Nesið og kom sér þar upp húsnæði. Þá var reyndar farið að kalla staðinn Grafarnes eða frá því um 1920, en þangað til hafði verið talað um Framnes eða bara Nes. En alltaf var í sveitinni talað um að fara út í eða inn í Nes. Á þessum fyrstu



*Pálína Gísladóttir.*
*Ljósm.: Gunnar Kristjánsson.*

tímum byggðar hér voru kröfur til húsakosts ekki miklar, og því síður um ýmis þægindi, svo sem rennandi vatn, frárennsli og sorphirðu. Það sem fólk hugsaði fyrst og fremst um á þessum tíma var vinnan og fræðsla fyrir börnin. Þau hús sem byggð voru á þessum árum eru nú horfin af sjónarsviðinu en mig langar að rifja upp sögu þessara fyrstu húsa að svo miklu leyti sem ég get en finn mig þó vanmáttuga til þess og bið fólk að taka viljann fyrir verkið.

## *Hvernig er þá umhorf í Nesinu?*

Þegar komið er að þessum tímapunkti hafa þegar verið reist nokkur hús eða býli hér en árið 1940 voru hér fimm hús sem búið var í og var íbúafjöldinn skráður í manntali alls 21.

## *Ós*

Fyrir norðan Gilósinn var torfbær sem nefndur var Ós (Gilós) en gekk þó oftar undir nafninu Borgubær. Þarna bjuggu frá árinu 1928 þau Elínborg Magnúsdóttir, f. 1863, og Halldór Kristjánsson, f. 1886. Þau höfðu lítið umleikis en höfðu það helst fyrir stafni að vera vinnuhjú í Gröf hjá þeim Halldóru Jóhannsdóttur og Lárusi Sverrissyni. Sinntu þau þar ýmsum störfum eins og að bera inn eldivið og vatn, þvo þvotta og fleira það sem gera þurfti á heimilinu. Eftir þeirra dag var bærinn Ós rifinn og þar reis síðan steinhúsið Grundargata 6 árið 1955. Þau eru mér bæði eftirminnileg. Halldór var kynlegur kvistur sem hægt væri að segja ýmislegt um. Elínborg vissi hvað lífið var því hún var ekki há í loftinu þegar henni var ætluð ýmis vinna. Man ég að hún sagði mér frá því þegar hún 12 ára gömul átti að gæta elds í hlóðum en var svo þreytt að hún dottaði fram á hlóðirnar og skaðbrenndist á handlegg. Þessu til sönnunar sýndi hún mér ör á handleggnum. Hún hafði líka misst hárið og var því sköllótt en hún átti parrak (hárkollu) til að skýla höfðinu fyrir kulda.

Þótt ekki hafi verið mulið undir þessa manneskju í uppvextinum átti hún til hlýju og nærgætni gagnvart samferðarfólki sínu, jafnt mönnum sem málleysingjum. Elínborg lést árið 1947 en Halldór 1952.



*Húsin á myndinni eru Borgarholt, Ós (Borgubær), Bjarg, Ásgarður og Götuhús.*

## Götuhús

Götuhús var nokkru norðar og fékk síðar götuheitið Grundargata 12. Það hús sem var steinhús byggði Runólfur Jónatansson um 1928 og bjó þar ásamt Sesselju Sigurrós Gísladóttur og syni þeirra, Guðmundi Runólfssyni. Í Götuhús átti margur leið og algengt var að menn sem voru í vinnu í Nesinu færu þangað til að borða nestið sitt. Þá var Setta gjarnan búin að hita upp fyrir þá bitann og hella á könnuna. Setta var ræðin og gott til hennar að koma en stærsta blótsyrði hennar var að segja „helárinn". Eftir lát þeirra, en Runólfur lést árið 1947 og Sesselja 1948, bjuggu sonur þeirra Guðmundur og kona hans, Ingibjörg Kristjánsdóttir, í Götuhúsi og þar fæddust synir þeirra þeir Runólfur og Kristján. Árið 1950 keyptu Götuhús þau Elías Finnbogason, oft kallaður Elli Bol, og Petrea Guðný Pálsdóttir. Götuhús var upphaflega 40 fermetrar, en Elías byggði eitthvað við það. Í Götuhúsi bjuggu þau Elli og Peta fram til þess að þau

fluttu sig um set í nýtt hús við Grundargötu 16 árið 1974 en Götuhús var rifið nokkrum árum seinna.

## Lengja

Næst erum við komin að bæ sem nefndur er Lengja í manntali árið 1940. Lengja stóð neðan núverandi Grundargötu nálægt því sem íbúðarálma fiskverkunar Soffaníasar Cecilssonar hf. stendur nú. Í Lengju bjuggu þetta ár bræðurnir Björgvin, Kristlaugur og Helgi Kornilíus Bjarnasynir ásamt móðursystur þeirra, Kristlaugu Einarsdóttur. Björgvin byggði síðar Björgvinshús árið 1943, og stendur það enn við Grundargötu 24 og er nú í eigu Sjálfstæðisfélags Eyrarsveitar. Þótt Lengja væri lítill bær rúmaði hann marga því fólk var svo nægjusamt á þessum tímum. Árið 1945 bjuggu í Lengju ásamt bræðrunum þremur hjónin Geirmundur Guðmundsson og Lilja Torfadóttir með þrjú elstu börn sín og það yngsta af þeim var fætt í Lengju. Um þetta leyti voru þau hjón-



*Lengja. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*

in að byggja hús sitt Melstað sem síðar var Grundargata 33 og getið er um hér síðar. Kristlaug, sem bjó hjá frændum sínum í Lengju um 1940, bjó um tíma hjá Þorsteini Jónssyni á Arnarhóli. Hún átti sinn hest og fór á honum ríðandi milli bæja alltaf í söðli og síðu vaðmálsreiðpilsi. Kristlaug þessi átti síðast heima í Laufási hjá Friðjóni Gunnarssyni og Ingibjörgu Hansdóttur. Um tíma bjuggu þar á loftinu Gunnar, faðir Friðjóns, Sigurður Stefánsson og Kristlaug, þannig að segja má að þar hafi verið vísir að elliheimili hér í Nesinu.

## *Fagurhóll*

Þorkell Runólfsson byggði bæinn Fagurhól um 1930 þegar hann fluttist hingað utan frá Búðum í Eyrarsveit ásamt konu sinni, Margréti Gísladóttur, og fimm börnum. Margrét hafði þá verið ljósmóðir í Eyrarsveit frá 1. júní 1917 til 30. júní 1928. Fagurhóll var timburhús og stóð norðan við Grundarfjarðarkirkju á þeim slóðum sem prestsbústaðurinn er í dag. Fagurhólsbærinn var rifinn þegar prestsbústaðurinn var byggður. Þau hjón voru með nokkurn búskap, kindur, kýr og hænsni. Um tíma stundaði Þorkell refarækt og voru búrin með refunum



*Fagurhóll. Ljósm.: Soffía Jóhannsdóttir.*

uppi í Hjaltalínsholti. Þorkell stundaði sjó og selveiði og dró ýmsa björg í bú. Þá heyjaði Þorkell fyrir búpening sinn frammi í Melrakkaey nokkur sumur.

## Sólvellir

Það hús stóð frammi á austanverðu Framnesi. Það var steinsteypt, byggt af Sigurði Þorsteinssyni útgerðarmanni árið 1932. Sigurður bjó hér ekki lengi heldur flutti fljótlega. Sigurður var með svín á meðan hann bjó á Sólvöllum, ekki mörg, sennilega tvær gyltur. Þegar hann fór 1937 keypti Guðlaugur Rögnvaldsson Sólvelli Þar bjó hann ásamt konu sinni, Bergþóru Sigurðardóttur, og síðar þremur börnum. Bergþóra var ljósmóðir hér í Eyrarsveit frá 1. júní 1934 til 30. júní 1943 og síðan aftur 1. júní 1950 til ársins 1975. Húsið Sólvellir var ekki stórt hús, kjallari, hæð og ris. Veturinn 1944–1945 fór fólk að flykkjast í Nesið og voru þá húsnæðisvandræði mikil, sérstaklega meðan fólk var að koma þaki yfir höfuðið. Þann vetur var hér ungur kennari, Bergþór Finnbogason frá Hítárdal. Kennslan fór fram í Svartaskóla sem stóð niðri



*Sólvellir t.h. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*

við höfnina en brann 1952. Það þurfti að koma kennaranum fyrir í húsnæði og fæði, og þótt Sólvallahúsið væri lítið var það ekki svo lítið að þau hjónin, Bergþóra og Guðlaugur, gætu ekki tekið kennarann unga inn á heimilið til sín þennan vetur en þá voru börn þeirra orðin tvö. Þennan sama vetur bjuggu á loftinu hjá þeim Halla Halldórsdóttir og Finnur Sveinbjörnsson á Spjör með tvö yngstu börn sín. Þau voru með kýr, að mig minnir tvær, sem þau höfðu í fjósi hjá Guðlaugi. Seldu þau mjólk á flöskum en flöskurnar settu þau fullar á borð niðri í kjallara hússins. Þetta var sjálfsafgreiðsla því þangað í kjallaran kom svo fólkið úr þorpinu og sótti hver sína mjólkurflösku en skilaði um leið hreinni flösku fyrir næsta dag á borðið. Ég var meðal þeirra sem sótti mjólkurflösku í kjallarann á Sólvöllum en þá hélt ég heimili í Götuprýði með pabba (Gísla Karel Elíssyni) og Ella bróður (Elísi Gíslasyni).

## Sigurhæðir

Fyrsta húsið sem byggt var hér í Grafarnesi eftir 1940 var hús Péturs Sigurðssonar og Guðríðar Kristjánsdóttur en þau nefndu húsið Sigurhæðir, síðar fékk það götunúmerið Grundargata 44. Þau fluttust hingað frá Akranesi árið 1941



*Sigurhæðir. Ljósm.: óþekktur.*

en þá varð Pétur starfsmaður útibús Kaupfélags Stykkishólms sem hér var rekið. Húsið var byggt sumarið 1941 en á þessum árum var erfitt um húsbyggingarefni og keypti Pétur gamlan bæ af Þorbjörgu á Kotunum á Kvíabryggju. Í þeim bæ voru góðir viðir og svo gott var járnið og þykkt að bora þurfti göt fyrir sauminn, þetta hef ég eftir Pétri sjálfum en hann hringdi í okkur hjónin árið 1991, þegar liðin voru 50 ár frá því að fjölskyldan fluttist í húsið Sigurhæðir 21. desember 1941. Seinna byggði Pétur við húsið enda fjölskyldan stór. Pétur bjó á Sigurhæðum þar til hann seldi Jeremíasi S. Kjartanssyni húsið. En þá byggði Pétur aftur á Hrannarstíg 4 en fluttist síðar til Reykjavíkur. Þau Jeremías og Cecelía kona hans bjuggu á Sigurhæðum fram yfir árið 2000 þegar Jeremías seldi það og eignarlóð sína undir byggingu Fjölbrautarskóla Snæfellinga en húsið var rifið í desember 2003. Pétur Sigurðsson var algjör bindindismaður á vín og tóbak og dagfarsprúður maður. Ef það kom fyrir að honum mislíkaði og þurfti að segja eitthvað stórt var það ljótasta sem hann lét sér um munn fara að hann sagði „hver amsvírinn" og mislíkaði þá mikið.

## Sjónarhóll

Með þeim fyrstu sem fluttust frá Kvíabryggju eftir 1940 voru Jónas Ólafsson og Þorkatla Bjarnadóttir með sex börn en á Jónasi og Kötlu var 24 ára aldursmunur. Erfitt hefur verið að sjá fyrir svo stórri fjölskyldu enda höfðu þau lítinn bústofn og þá var reynt að fleyta fram lífinu með sjósókn. Árið 1941 byggði sveitarfélagið fyrir þau bæ á þeim slóðum sem Grunnskólinn er í dag og við köllum Skólaholtið. Eflaust hefur staðurinn verið valinn með tilliti til þess að stutt var þaðan í Grafargilið eftir vatni. Meðan verið var að reisa bæinn sem byggður var úr timbri og torfi hafði fjölskyldan athvarf í Gröf hjá þeim hjónum Halldóru Jóhannsdóttur og Lárusi Jónssyni. Þau aðstoðuðu margan sem með þurfti í gegnum tíðina. Halldóra var ljósmóðir hér í Eyrarsveit frá 1. júní 1910 til 30. maí 1917 og hefur því kynnst erfiðleikum og fátækt á mörgum heimilum. En bærinn hennar Þorkötlu, þó lítill væri, var vel hirtur og þrifin var hún Katla. Það var ekki heldur verið að fylla allt með fánýtu dóti eins og nú tíðkast. Í þessum litla torfbæ bjó fjölskyldan þar til þau fluttust í nýtt hús við Hlíðarveg 11. Jónas vann síðast í frystihúsinu meðan heilsa hans leyfði en hann lést árið 1952.

## Hlíð – Foss

Um svipað leyti fluttust hingað í Nesið frá Kvíabryggju þrír bræður, þeir Júlíus, Jón og Sigvaldi Bjarnasynir. Byggðu þeir sér tvo bæi upp við Skólaholtið. Jón nefndi bæ sinn Foss en Sigvaldi sinn bæ Hlíð. Þessir bæir voru vafalaust byggðir af miklum vanefnum en þeir hurfu inn í landslagið og sáust varla í fjarlægð en oft mátti sjá reyk leggja til himins upp úr strompum bæjanna. Sigvaldi var með nokkrar kindur en Jón fór margar póstferðir og fékk því viðurnefnið Jón póstur. Júlíus, sem kallaður var Júlli galdri, vann við húsasmíðar ásamt annarri vinnu hér. Hann byggði árið 1943 Borgarholt, það hús er nú Grundargata 7. Árið 1950 byggði hann Borg sem er nú Hlíðarvegur 13. Síðast byggði hann húsið sem stóð við Hlíðarveg 7 og þar bjó Sigvaldi, bróðir hans, hjá honum síðustu árin sem hann lifði en auk þess leigði Júlíus einhvern hluta hússins frá sér. Þetta hús keypti Soffanías Cecilsson síðar til niðurrifs en ekki hefur verið byggt aftur á lóðinni árið 2006.

## Götuprýði

Á árunum 1942–1943 er hafin bygging á fyrsta fjölbýlishúsinu í Nesinu. Að byggingunni stóðu tvenn hjón, Hrólfur Árnason og Guðrún Finnbogadóttir og Sigurjón Guðlaugsson og Guðveig Þorleifsdóttir (Sigurjón og Veiga). Áður en þau réðust í þessa byggingu bjuggu þau Veiga og Sigurjón í Íshúsunum inn við Gilós 1941–1942 og í Neshúsunum 1942–1943. Í þessari nýju byggingu var gert ráð fyrir fjórum íbúðum, tveimur í kjallara og öðrum tveimur á efri hæð. Fluttust þau fyrst inn í kjallaraíbúðirnar meðan verið var að klára efri hæðina. Sigurjón sem bjó í norðurenda hússins seldi síðan kjallaraíbúð sína þegar hann var fluttur upp og keypti hana Gísli Karel, faðir minn, og fluttist í kjallarann ásamt okkur tveimur systkinunum, mér og Ella bróður haustið 1944. Pabbi lét síðan kjallarann í skiptum fyrir Grundargötu 27 sem Baldvin Baldvinsson hafði byggt og þá hét Þrúðvangur. Þetta var í janúar 1946. Baldvin þessi var vélgæslumaður í frystihúsinu og fannst þægilegra að búa nær vélunum til að geta skroppið yfir götuna heim til sín þegar svo bar við. Kona hans hét Þrúður Finnbogadóttir, systir Guðrúnar, konu Hrólfs. Ég man að pabbi greiddi 11 þúsund krónur í milli í þessum húsaskiptum. Hann nefndi nýja húsið Grund eftir að hann fluttist þangað en hann hafði fyrr búið á bænum Grund með konu



*Götuprýði sést vel fyrir aftan Lilju og Sigurjón. Ekki er vitað hver litla stúlkan er en Gunnar Stefánsson hallar sér að bifreiðinni. Ljósm.: Njáll Gunnarsson.*

sinni og móður minni, Jóhönnu Hallgerði Jónsdóttur. Við Halldór Finnsson hófum svo búskap í þessu húsi árið 1951 en árið áður höfðum við látið byggja við það. Pabbi bjó svo þarna hjá okkur ásamt Ella bróður til 1957. En þetta var nú útúrdúr. Snúum okkur að Götuprýði aftur. Það hús fylltist af fólki og var vel nýtt alla tíð. Misjafnt var þó hve fólk bjó þar lengi. Ég sé á manntali árið 1945 að þar búa þá 15 manns og árið 1953 16 manns. Ég held að það hafi verið pabbi sem gaf því nafnið Götuprýði vegna fjölbreytileikans í litavali en þá tíðkaðist að hver málaði sinn íbúðarhluta í sínum lit því það var ekki verið að eyða tíma í að ráðgast við nágrannann um litaval. Rafmagn kom í Götuprýði rétt fyrir jólin 1944 en þá um haustið höfðu menn úr Reykjavík unnið við að leggja rafmagn um þorpið en það var frá frystihúsinu í húsin í Grafarnesi. Ég man eftir að þeir sendu íbúunum hér jólakveðju í bundnu máli og var hún þannig:

Brátt á himni hækkar sól,
horfið er myrkrið svarta.
Í Grafarnesi gleðileg jól
gefi ljósið bjarta.

## *Torfabót - Sunnuhvoll - Sæból*

Jakob Dagsson og Marsibil Gísladóttir fluttust frá Dalasýslu hingað í Nesið árið 1942 og byggðu sér bæ við Torfabótina. Þau nefndu bæ sinn Sunnuhvol eftir bænum sem þau bjuggu á í Dölunum og eru þar staðsett á manntali 1943. En þau stöldruðu stutt við og fluttu inn í Bjarneyjar. Þau höfðu reyndar búið áður í Eyrarsveit því þau voru síðustu ábúendur á bænum Grænum sem tilheyrði Norður-Bár en sá bær fór í eyði árið 1921.

Árið 1944 eru Júlíus Karl Jakobsson og Dagbjört Jónsdóttir flutt í Sunnuhvol og nefna þau bæinn Sæból eftir bæ sínum á Kvíabryggju. Af þessu bæjarnafni var síðar dregið götuheitið Sæból. Margir muna eflaust eftir húskofunum sem stóðu niðri við Torfabótina og voru sumir þeirra lengi notaðir fyrir hesta og



*Sæból. Ljósm.: ÞJ.*

aðrar skepnur. Eftir að Dagbjört lést fluttist Júlíus til Reykjavíkur og bjó lengi hjá dóttur sinni Jóhönnu og tengdasyni, Helga Hafliðasyni fisksala. Hafði hann það meðal annars fyrir stafni að sitja fyrir hjá myndlistarfólki, því hann hefur því vafalaust þótt gott mótív.

## Þórðarbær

Eitt þeirra húsa sem byggð voru hér eftir 1940 er Þórðarbær en það byggði Þórður Þorvaldsson sem áður bjó á Rimabæ á Kvíabryggju. Þetta hús reisti hann líklega árið 1942 en það stóð við Grundargötu 35 og var rifið þegar Emil Magnússon byggði þar verslun sína Grund en það húsnæði hýsir í dag Sögumiðstöðina. Þórður bjó í þessu húsi sínu ásamt Ingibjörgu Sveinsdóttur, eiginkonu sinni, en einnig bjó þar hjá þeim föðurbróðir Ingibjargar, Einar Skúlason, eftir að hann varð ekkjumaður en Ingibjörg hafði alist upp hjá honum. Ingibjörg sem eignaðist 10 börn lést á sumardaginn fyrsta árið 1948 og var þá yngsta barn þeirra Þórðar fjögurra ára. Það kom því í hlut elstu dætranna að hugsa um heimilið með föður sínum. Þórður fluttist síðan til Reykjavíkur 1956 og lést þar 28. desember 1993. Eftir að Þórður fluttist suður dvaldi Einar Skúlason hjá bróðursyni sínum, Guðmundi Kristjánssyni, og konu hans, Elísabetu Maríu Jóhannesdóttur, en hann lést í ágústmánuði árið 1960. Það er fróðleg frásögn af Sveini Einari Skúlasyni eins og hann hét fullu nafni í Guðríðarættinni, sem kom út fyrir fáum árum.

## Melstaður

Þetta hús byggðu hjónin Geirmundur Guðmundsson og Lilja Torfadóttir árið 1945 og fluttust í það með þrjú börn sín sem þá voru fædd. Þótt fjölskyldan væri orðin þetta stór gátu þau samt séð af því herbergi sem átti að vera stofa ásamt aðgangi að eldhúsi fyrir fólk sem hafði vetursetu í Nesinu ellegar þeim sem voru að byrja að búa. Gott þvottahús var í húsinu og fékk fólk að þvo þvottana sína hjá þeim. Geirmundur fluttist síðan með fjölskyldu sína til Reykjavíkur árið 1949 en þá keyptu Halldór Sigurjónsson og Kristín Árnadóttir húsið og bjuggu þar til ársins 1961. Þá fluttust í Melstað sem þá var orðið Grundargata 33 Húnbogi Þorsteinsson sem hér var kaupfélagsstjóri og kona hans, Jóna V.

Jónsdóttir með tvö börn. Seinna meir var húsinu breytt í bensínstöð og síðar í lögreglustöð með voldugan fangaklefa. Eftir að lögreglan fluttist þaðan var handverksfólk undir nafninu Gallerí Grúsk með aðsetur í húsinu en það var svo jafnað við jörðu síðla árs 2005. Geirmundur Guðmundsson átti barnaláni að fagna og hann átti það til að setja saman stöku. Eitt sinn varð honum þessi vísa að orði, þá orðinn fullorðinn maður.

Nú fer ég bráðum að halda af stað heim,
í huganum sæll er og glaður.
Ég hef ekki um ævina safnað mér seim,
samt er ég auðugur maður.

## *Leiti*

Þetta hús er byggt uppi á Skólaholtinu um 1948 fyrir Guðlaug Anton Finnsson (Tona). Anton hafði fengið lömunarveikina 17 ára og var lengi rúmliggjandi sökum þess. Hann náði þó sæmilegri heilsu og fór að vinna í frystihúsinu og



*Leiti.*

kom sér upp þessu húsi sem hann nefndi Leiti. Hafði hann þá ráðskonu hjá sér sem hét Helga Ólafsdóttir og var hún með dóttur sína, Erlu. Með ráðskonustarfinu vann hún einnig í frystihúsinu. Þegar Anton fluttist að Höfða árið 1960 og hóf þar búskap með Jónínu Gestsdóttur seldi hann húsið Páli Þórðarsyni og Jófríði Kristjánsdóttur frá Furubrekku í Staðarsveit, og meðan þau bjuggu í Leiti byggðu þau við það og það fékk götunúmerið Borgarbraut 19. Ýmsir bjuggu síðan í þessu húsi en síðast var það notað sem kennsluhúsnæði fyrir Tónlistarskólann og félagsaðstaða fyrir unglingana hér.

## Staðarhóll

Staðarhóll var byggður árið 1950. Það var örlítið steinhús sem byggt var fyrir Óskar Sæmundsson af nokkrum velgjörðarmönnum hans. Óskar sem var einhleypur maður hafði verið á ýmsum stöðum sem vetrarmaður (vinnumaður) en hafði þá nýverið flutt í þorpið til að vinna í fiski. Fyrir hann var það ekki lítill áfangi að eignast sitt eigið hús. Hann gerði ekki miklar kröfur um þægindi en fékk seinna meir rafmagn og miklu síðar klósett sem komið var fyrir



*Staðarhóll. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*

í eldhúsinu og gat hann notað það fyrir sæti við eldhúsborðið. Eldhúsið var örlítið en þar var þó auk klósettsins hægt að koma fyrir ísskáp en inn af eldhúsinu við enda ofurlítils gangs var síðan svefnherbergið. Margir minnast Óskars sem var eftirminnileg persóna. Oft var hann spaugilegur í tilsvörum. Óskar lést síðla hausts árið 2000 og hafði þá síðustu 2-3 árin dvalið á Fellaskjóli en húsið átti hann og vitjaði þess helst daglega. Hafði þar símann sinn og spallaði þaðan við vini sína. Eftir lát Óskars var húsið að Borgarbraut 15 fljótlega rifið og fjarlægt.

## *Steinahlíð*

Eitt þessara horfnu húsa er húsið sem stóð vestan við vegslóðann sem liggur upp að vatnstankinum á móts við spennistöð Rarik. Þetta hús, sem var járnklætt timburhús, byggði Þorsteinn Jónsson frá Arnarhóli en hann var einhleypur maður, fæddur árið 1902.

Fyrir neðan húsið hans Steina var tjörn sem lagði á vetrum og sóttust börnin í að leika sér þar á skautum. Ísinn var kannski ekki alltaf vel traustur og það sá Steini og hættuna sem af því gat stafað. Kallaði hann því oft til barnanna höstum rómi að koma sér af tjörninni. Börnin voru því nokkuð viss um að Steini ætti tjörnina og kölluðu hana því alltaf Steinatjörn. Hún er nú horfin, var ræst fram og síðan er búið að fylla yfir hana að mestu með uppgreftri. Í húsinu hans Steina bjuggu síðar margir sem voru að hefja sinn búskap en síðast var húsið orðið illa farið og einskis nýtt og var það þá brennt og fjarlægt.

*Hermann Jóhannesson*

# Manntalið frá 1960

Manntöl eru merkilegar heimildir. Manntalið 1960 er endurritað úr skjölum Þjóðskjalasafnsins og eiga engar villur að vera í því. Það er skráð af nokkrum einstaklingum (þeim sömu og skráðu manntalið 1950, sem kom í síðasta hefti). Í þessu manntali sést að heiti húsanna eru að víkja fyrir götuheitum og númerum



sem við þekkjum. Í þessu manntali kemur fram hvar húsbændurnir unnu og að flestar konur eru heimavinnandi húsmæður.

Við samanburð á manntölum 1940, 1950 og 1960 getum við séð að 1940 eru skráðir um 380 manns í Eyrarsveit en þar af aðeins tveir skráðir í Grafarnesi. Auðvitað eru Fagurhóll, Sólvellir, Lengjan og Ós í Grafarnesi þannig að þá bjuggu um 20 manns í Grafarnesi. 1950 bjuggu um 420 manns í Eyrarsveit og skipting á milli þéttbýlis og dreifbýlis er að aðeins fleiri búa í sveitinni eða um 220 en í Grafarnesi um 200. Í manntalinu 1960 hefur íbúum Eyrarsveitar fjölgað um 32% frá síðasta manntali eða í 569 sem skiptist þannig að nú eru mun færri íbúar í sveitinni eða um 152 en í Grafarnesi 416.

Með manntalinu frá 1960 er loftmynd af Grafarnesi, sem tekin var 1964, með manntalinu frá 1950 sem kom í bók númer 6 var loftmynd af Grafarnesi frá 1957 og í bók númer 5 kom manntal frá 1940 og loftmynd frá 1946.

Vonandi eru engar ritvillur í manntalinu hvorki eftir skrásetjara í upphafi, né mislesið eða ranglega skráð af mér. Þetta manntal var handskráð og mismunandi vel skrifað.

# Manntal 1960

| *Fullt nafn* | *Fæðingard.* | *Hvar fædd/ur* | *Starf/annað* |
|---|---|---|---|
| **Borgarbraut 2** | | | |
| Sigmundur Friðriksson | 04/06 1933 | Hólar, Reykhólasv. | HG. Frystivélav. |
| Ingibjörg Sigurjóna Sveinsdóttir | 23/06 1937 | LS | |
| Sveinn Sigmundsson | 05/07 1956 | LS | |
| Lína Björk Sigmundsdóttir | 09/10 1958 | LS | |
| Drengur Sigmundsson | 05/07 1959 | LS | |
| Eva Kolfinna Þórólfsdóttir | 14/03 1957 | Móberg, Grindarvík | Var um stundars. |
| | | | |
| Björn Jóhannes Guðmundsson | 13/09 1936 | Grafarnes | Eigin smíðavinna |
| Hanne Alm | 26/09 1939 | Danmörk | |
| | | | |
| **Borgarbraut 2** | | | |
| Ásgeir Kristmundsson | 23/06 1905 | Bolungarvík | Vegaverkstjóri |
| Elísabet Helgadóttir | 08/09 1908 | Reykjavík | |
| Helga Ásgeirsdóttir | 26/11 1936 | Kvíabryggju | Símavarsla |
| Óskar Ásgeirsson | 12/09 1941 | Kvíabryggju | Bílstjóri/vegavinna |
| Aðalsteinn Ásgeirsson | 27/02 1946 | Kvíabryggju | Vegavinna |
| | | | |
| **Borgarbraut 3** Snæfell | | | |
| Guðni Guðmundsson | 16/02 1921 | Nes, Norðfirði | Lands.skurðgröftur |
| Þórunn Kristín Pálmadóttir | 26/11 1932 | Vestmannaeyjum | |
| Ingibjörg Ágústa Guðnadóttir | 22/05 1952 | Reykjavík | |
| Særós Guðnadóttir | 09/04 1956 | Grafarnesi | |
| Pálmi Kristinn Guðnason | 10/11 1958 | Grafarnesi | |
| Pálmi Kristinn Ingimundarson | 11/02 1904 | Vestmannaeyjum | HG. Merking umb. |
| Sveinfríður Ágústa Guðmundsd. | 01/08 1897 | Dýrafirði | |
| Tómas Sævar Friðjónsson | 15/12 1946 | Reykjavík | HG. Skreiðarp. |
| Þorsteinn Bárðarson | 13/04 1916 | Gröf, Eyrarsveit | Netavinna |
| Elna Dwokke Þorsteinsson | 18/03 1922 | Áto, Finnlandi | |
| Bárður Orri Þorsteinsson | 16/03 1954 | Reykjavík | |
| Gústaf Haukur Gauti Þorsteinsson | 29/07 1955 | Reykjavík | |
| | | | |
| **Borgarbraut 5** | | | |
| Guðmundur Lárus Skúli Jóhanness. | 18/12 1931 | Forna-Krossnesi | |
| Jóhanna Ragna Pálmadóttir | 16/02 1935 | Vestmannaeyjum | |
| Sveinfríður Ágústa Guðmundsd. | 06/01 1957 | Stykkishólmi | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ólafur Jón Guðmundsson | 18/02 1959 | Grafarnesi | |
| Telpa Guðmundsdóttir | 31/07 1960 | Grafarnesi | |
| | | | |
| **Borgarbraut 6** | | | |
| Guðmundur Hinrik Elbergsson | 01/02 1927 | Kvíabryggju | Skipstj. Gnýfara SH 8 |
| Ragnheiður Ásgeirsdóttir | 14/03 1930 | Forna-Grund | |
| Ágústa Hinriksdóttir | 22/08 1952 | LP | |
| Ásdís Hinriksdóttir | 03/07 1955 | Grafarnesi | |
| Hinrik Elberg Hinriksson | 12/12 1959 | Grafarnesi | |
| | | | |
| Guðni Leifur Gústafsson | 21/12 1936 | Siglufirði | |
| Jensína Ingibjörg Guðmundsdóttir | 23/05 1939 | Hallbjarnareyri | |
| Anna María Guðnadóttir | 04/02 1960 | Reykjavík | |
| Svava Guðmundsdóttir | 15/02 1947 | Hömrum | |
| | | | |
| **Borgarbraut 7** | | | |
| Högni Guðjónsson | 01/09 1928 | Skallabúðum | Beitingar, Runólfi SH 135 |
| Ragnheiður Benediktsdóttir | 01/06 1933 | Hafnarfirði | |
| Sigurjóna Ólöf Högnadóttir | 09/06 1954 | Hafnarfirði | |
| Benedikt Viggó Högnason | 03/07 1955 | Hafnarfirði | |
| Sigríður Högnadóttir | 09/03 1958 | Grafarnesi | |
| Telpa Högnadóttir | 15/10 1960 | Grafarnesi | |
| | | | |
| Þórólfur Beck Guðjónsson | 24/03 1930 | Skallabúðum | Beitingar, Runólfi SH 135 |
| Jóhanna Sigurrós Árnadóttir | 29/07 1939 | Reykjavík | |
| Guðjón Árni Þórólfsson | 06/02 1958 | Reykjavík | |
| Sigurþór Þórólfsson | 03/03 1959 | Reykjavík | |
| Drengur Þórólfsson | 19/07 1960 | Grafarnesi | |
| | | | |
| **Borgarbraut 15** Staðarhóll | | | |
| Óskar Sæmundsson | 22/01 1908 | Árnabotni | |
| | | | |
| **Borgarbraut 18** Fögruvellir | | | |
| Ingjaldur Hólm Sigurðsson | 29/03 1907 | Ingjaldshóll, Neshr. | Lands. Skurðgröftur |
| Rósa Guðrún Ólafsdóttir | 15/08 1908 | Stóru-Hlíð, V.-Hún. | |
| | | | |
| **Borgarbraut 19** Leiti II | | | |
| Páll Þórðarson | 13/04 1889 | Álftá, Mýrarsýslu | HG. Vinna v/skreið |
| Jófríður Kristjánsdóttir | 08/10 1899 | Ytra-Lágafelli, Snæf. | |
| Fríða Berglind Valdimarsdóttir | 20/05 1951 | Reykjavík | |
| | | | |
| **Eyrarvegur 12** Laufás | | | |
| Friðjón Gunnarsson | 10/01 1918 | Garðsenda, Eyrarsv. | Útgm. m/b Geysir Re 66 |
| Ingibjörg Jóna Hansdóttir | 25/06 1924 | Hellisandi, Snæf. | |
| Matthildur Kristrún Friðjónsdóttir | 12/01 1953 | Grafarnesi | |
| Hans Guðni Friðjónsson | 12/06 1957 | Grafarnesi | |
| Guðlaug Björgvinsdóttir | 11/04 1950 | Suður-Bár, Eyrarsv. | |
| Gunnar Guðmundsson | 12/10 1894 | Nýjubúð, Eyrarsveit | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurður Valdimar Stefánsson | 19/01 1898 | Efri-Hlíð, Helgaf.sv. | HG. Skreiðarvinna |
| Kristlaug Einarsdóttir | 31/01 1886 | Ólafsvík | Ellilífeyrir |
| Kristján Sigurður Jónsson | 25/07 1901 | Kolgrafasel, Eyrarsv. | Versl.fél. Grund hf. |
| Guðrún Guðný Elísdóttir | 27/06 1901 | Oddsbúð, Eyrarsveit | |
| Guðmundur Kristjánsson | 05/01 1928 | Vindási, Eyrarsveit | Vélstj. m/b Runólfi SH |
| Jón Jóhann Kristjánsson | 24/03 1929 | Eiði, Eyrarsveit | Stýrim. m/b Runólfi SH |
| Jóhanna Kristín Kristjánsdóttir | 05/04 1947 | Reykjavík | |
| Vilborg Jónsdóttir | 06/03 19 | Innri-Tröð, Eyrarsveit | |

**Eyrarvegur 17**

| | | | |
|---|---|---|---|
síma. Það var stríð og fólk hér í dreifbýlinu vissi næsta lítið um gang mála því ekkert mátti fréttast og ekki mátti útvarpa veðurspá heldur aðeins algengustu fréttum. Að öðru leyti voru menn sambandslausir við allt og alla nema menn fóru á milli bæja þegar nauðsyn var til. Þegar messan á Setbergi var búin var kirkjugestum boðið til stofu eins og vant var og þiggja veitingar. Þá spurði prestur bændur hvort þeir hefðu heyrt í eða séð flugvél fyrir tveimur dögum. Þar sem dimmviðri var og stormur á föstudag höfðu menn ekkert séð en sumum rámaði í að hafa heyrt flugvélargný. Upp úr þessu segir einn bóndinn, Páll Þorleifsson á Hjarðarbóli, við Gunnar Stefánsson (föður undirritaðs), bónda á Eiði, að hann hafi séð suður í fjöllunum seint um kvöldið eins og eldgos væri komið en sá þetta ekki nema annað slagið vegna illviðris. Faðir minn fer með Páli að Hjarðarbóli, sem er næsti bær við Eiði, til að athuga aðstæður og til að sigta út hvar þetta hafi verið í fjallinu. Daginn eftir, mánudag, er komið skaplegt veður en snjóað hafði í fjöll. Nokkrir menn úr Framsveit, frá Eiði og Hjarðarbóli, fóru inn í Kolgrafafjörð og fóru upp í fjöllin þar sem Páll á Hjarðarbóli hafði gefið vísbendingu um, sem ekki gat verið með í leitinni þar sem hann var orðinn aldraður maður, en Kolgrafamenn og Berserkseyrarmenn fóru í Eyrarbotn fyrir ofan Gunnólfsfell og komu í skriðurnar fyrir neðan Svartahnjúk. Þar voru þá áðurgreindir leitarmenn búnir að finna flugvélina og voru að fara með líkin sem þeir fundu við að leita í brakinu. Hermennirnir gátu og voru ekki í þessum leitum þar sem þeir voru uppteknir við að bjarga bílunum upp úr for og standa vörð um



*Wellington flugvél 221. RAF flugsveitarinnar yfir Rauða hafinu. Myndina tók Paul (Curlie) Lawerence.*

Kolgrafabæinn enda alveg sambandslausir við leitarmenn. Frásögn sú sem hér fer á eftir er úr dagbók bóndans á Kolgröfum, Ingvars Agnarssonar, sem býr þar enn með konu sinni, Maríu Magnúsdóttur.

*Hjálmar Gunnarsson*

## Þegar Kolgrafir voru herteknar. Úr dagbók 1941

### 28. nóvember - Föstudagur

Hvasst sunnan rok og rigning í kvöld. Við hjónin voru að hátta um kvöldið, sváfum í norð-austur herbergi í húsinu og þá heyrðum við eins og í skruggu og mikið birti til. Ég varð undrandi að heyra eins og í skruggu í SA roki, það hafði ég aldrei heyrt áður, lét það samt gott heita.

### 29. nóvember - Laugardagur

Sunnan rok og rigning allan daginn en þó aðeins hægari undir kvöldið. Ég rak frá um kvöldið kindur sem voru niðri í Odda sem ég rak fram á hlíð. Á heimleið var komið myrkur og mæti ég þá 3 stórum trukkbílum hér suður á hvörfunum og stoppuðu þeir allir. Þetta voru þá hermannabílar að leita að flugvél sem fór frá Akureyri og ætlaði til Reykjavíkur og talið að hefði farist einhversstaðar

hér í fjallgarðinum í gærkvöldi kl. ca. 10. Í bílnum voru 14 hermenn og tveir Íslendingar, þeir Hjörleifur Sigurðsson frá Hrísdal en hann var leiðsögumaður og svo fékk hann Ólaf Matthíasson frá Fjarðarhorni sem var kunnugur um þessar slóðir. Ekki var talið fært að leita neitt meira þá um kvöldið í myrkrinu og snéru allir við hingað og gistu hér, þó ekki eins og venjulegir næturgestir því þeir hertóku bæinn og allir komu inn alvopnaðir og var því myndarlegt byssusafn hér á ganginum sem konunum leist ekki á. Voru þá hér 6 í heimili, tengdaforeldrar mínir þau Magnús Jónsson og Jóhanna Elísdóttir, Magnús kaupir Kolgrafir 1912 og Jóhanna fluttist hingað 1914, eiginkona mín María Magnúsdóttir, lítið barn okkar, Magnús fæddur 7. júní, og því ekki nema 6 mánaða og 17 ára stúlka, Áslaug K. Georgsdóttir, sem hér ólst upp.

## 30. nóvember – Sunnudagur

Sunnan rok og rigning alla nótt en hægði í dag og úrkoma lítil. Hermenninrnir fóru svo að leita en vegna mikillar úrkomu að mestu leyti allan nóvember mánuð þá voru vegir vægast sagt mjög lélegir, aðeins mjó gata og ekkert borið ofan í þar sem holur voru, það fór líka svo að þeir sukku allir trukkarnir ofan í eðjuna hér suður á hvörfunum og voru það að minnsta kosti 4-5 bílar, því að liðsauki barst úr Borgarnesi og allt varð við það sama. Hermenn fóru tvær ferðir út í Botn gangandi að leita, frá Tröllahálsi og út í Gunnólfsfell. Ekki voru þessir menn góðir leitarmenn því þeir voru í meira lagi lofthræddir og gilti þá einu hvort þeir voru í skriðum eða bröttum grasgeirum. Liðinu varð líka að skipta í leitarflokk og sumir að ná upp bílunum og svo aldrei minna en tvo til að passa bæinn og vopnin. Ekki var betra ástand með síma, því næstu stöðvar voru í Hraunsfirði og fengu hér léðan hest, því enginn bíll var ferðafær. Þegar þeir koma frá Hraunsfirði þá kom alltaf maður frá Hraunsfirði til að sækja þá aftur í síma og til dæmis kom Guðmundur Runólfsson ríðandi kringum fjörð með skilaboð til þeirra frá Setbergi, en Guðmundur var þá vinnumaður þar. Þessa nótt voru hér á milli 20 og 30 manns, margir illa til reika af vosbúð því engin verjuföt höfðu þeir og urðu að þurrka fötin við miðstöðina, en öll upphitun var með mó og ekki annar eldiviður í eldavélina. Tvennt var það sem þeir skoðuðu mikið en það var mórinn og ómalaðar kaffibaunir sem sumir höfðu aldrei séð áður. Mat höfðu þeir ekki með sér nema aðeins fyrst og var því bjarg-

að eftir bestu getu. Ég var nýkominn úr fjörunni með síld í fötu sem nóg var af hér í firðinum á þeim árum sem rak á land í illviðrinu. Þetta leist Bretunum vel á og steiktu hana og þótti hnossgæti.

## 1. desember – Mánudagur

Þá var SA og rigning öðru hvoru. Búið var að fá mannskap utan úr sveitinni til að leita þennan dag og komu 11 utan úr sveitinni og auk þess fórum við 4 héðan. Hjörleifur í Hrísdal, Ólafur í Fjarðarhorni, Guðni á Berserkseyri og ég en enginn hermaður, allir voru við að ná bílunum upp. Nokkurn veginn var þá vitað hvar vélin hafði farist því þegar vélin fórst þá sást bjarmi upp af Hrafnkelsstaðabotni frá Hjarðarbóli og sást það langt fram á nótt þótt óglöggt væri fyrir miklum kafa og óveðri og fólk gerði sér ekki grein fyrir hvað þarna var að gerast. Við þessir 4 héðan fórum út í Botn og yfir að austanverðu við Gunnólfsfellið og út í Grenjadalinn og upp að Svartahnjúk og voru þá hinir úr sveitinni komnir á slysstaðinn. Það var ófögur sjón sem þar blasti við, að líkindum hefur vélin sem var stór orustuvél, 4 hreyfla með mikið af skotfærum og sprengjum, farið út með fjallgarðinum og grafist að nokkru leyti inn í skriðu aðeins fyrir neðan Svartahnjúk og þar hefur orðið ofboðsleg sprenging því hlutir úr vélinni voru þarna út um allt, svo sem mótorar, fallhlífar, skotfæri og fleira. Hjörleifur í Hrísdal var með byssu sem hermennirnir létu hann hafa til að skjóta upp neyðarblysi ef vélin fyndist og skaut hann strax þremur eða fjórum skotum. Engin hreyfing sást þó við bílalestina sem var á kafi í aur og bleytu. Ég fór strax einn heim að láta hermennina vita og vitanlega gangandi. Þá voru hér eitthvað nálægt 30 hermenn og margir af þeim voru að ná upp bílunum en enginn laus en hafðist seint í dag. Þennan dag, 1. des., var SA átt og rigning öðru hvoru. Það fóru strax 7 hermenn með mér út eftir gangandi og voru þeir allir nýkomnir að sunnan, þegar við komum á Hrafnkelsstaðabotninn, þá biðu heimamenn þar við fjallsræturnar og þá búnir að bera niður líkin. Talið var að 5-6 eða 7 hefðu verið í vélinni, fengust aldrei nákvæmar fréttir af því hve margir þeir voru, en 4 lík voru þarna heilleg, að vísu mjög brennd og vantaði mikið á sum þeirra vegna brunans en talið var þó að eitthvað hafi verið af því fimmta. Hermennirnir fóru svo með okkur aftur upp að flugvélarflakinu til eftirlits. Síðan var farið heim og líkin skilin eftir við fjallsræturnar í brekánum

og sótt morguninn eftir á hestakerru. Þessa nótt voru hér 19 manns en hvað margir voru á Berserkseyrarbænum veit ég ekki. Þriðjudaginn 2. desember fóru svo allir suður, en þá var SA rok og rigning.

*Lýkur hér frásögn Ingvars Agnarssonar bónda á Kolgröfum.*

## Lík flugliðanna flutt til Reykjavíkur

Jarðneskar leifar þeirra sem fórust voru fluttar til Reykjavíkur og greftraðar í hermannagrafreitnum í Fossvogskirkjugarði þann 6. desember að viðstöddum nokkrum meðlimum 221. flugsveitar RAF sem enn voru á Íslandi. Þeir sem fórust voru:

1. John Ewert Speak, flugstjóri. Foreldrar hans voru John og Hilda Mary Callander Speak, Prestwich, Lancashire.
2. James Brian Gower, flugmaður, 22ja ára. Foreldrar hans voru Richard Walter Gower og Charlotte Eva Gower, Shenfield, Essex.
3. Donald John Macpherson, liðþjálfi/turnskytta, 26 ára. Foreldrar hans voru Donald og Edith Macpherson, Invergordon, Ross and Cromarty, hann var fóstursonur D. Macdermaid, Invergordon.
4. Glyn David Humphreys Griffith, liðþjálfi. Foreldrar hans voru Ray Humphreys Griffith og Mary E.R. Griffith, Chelsea, London. Hann lét eftir sig eiginkonu, Betty Griffith.
5. John Nelson Fergus, liðþjálfi/turnskytta, 20 ára. Foreldrar hans voru Andrew Fergus og Elizabeth Nelson Fergus, Millerhill, Midlothian.
6. Kenneth Frederick Capper, liðþjálfi/turnskytta. Fleiri upplýsingar er ekki að finna um hann.

## Breskum og íslenskum heimildum ber ekki saman

Við frásögn Ingvars á Kolgröfum er ekki miklu að bæta. Þó má nefna að það gætir ónákvæmni við lýsingu á flugvélinni og leið hennar en það er skiljanlegt þar sem Íslendingar höfðu engar fréttir frá Bretum um slysið. Annað má nefna að Bretar hófu leit að flugvélinni á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þeir komu við

á Hjarðarfelli og fengu þar með sér kunnuga heimamenn, Hjörleif Sigurðsson frá Hrísdal, sem nefndur er í frásögn Ingvars, en hann var þá vinnumaður á Hjarðarfelli. Hjörleifur var þá 22 ára og mikill þrekmaður. Einnig var Einar Skarphéðinsson einn leitarmanna en hann var þá var 15-16 ára og þrátt fyrir ungan aldur mikill göngugarpur, en faðir hans bjó þá á Hjarðarbóli en þar var tvíbýli. Á Hjarðarfelli fengu Bretarnir lánuð skjólföt, húfur og vettlinga því þeir voru illa búnir til fjallaferða. Eitthvað urðu þó léleg skil á þessum fatnaði að leit lokinni. Einnig var Gunnar Stefánsson, bóndi á Eiði, faðir Hjálmars Gunnarssonar, einn þeirra leitarmanna sem kom fyrstur að flugvélinni þó hans sé ekki getið í formála Hjálmars Gunnarssonar.

Frásögn Ingvars á Kolgröfum og annarra sjónarvotta ber með sér að líkin sem fundust voru mjög illa farin og óþekkjanleg sum þeirra. Jafnvel var ekki vitað með vissu hve mörg líkin voru sem fundust. Það var því að vonum að fram komu sögusagnir um að einhverjir flugliðar kynnu að hafa komist af og orðið viðskila við félaga sína þegar fallhlífar fundust opnar alllangt frá slysstaðnum. En breskar heimildir segja að lík allra flugliðanna sex hafi fundist. Herbert N. Crawshaw, sem er forseti fyrrum flugliða í 221. flugsveit RAF, telur það næsta öruggt að yfirmaður í breska flughernum hefði ekki skrifað undir skýrslu þess efnis að allir í áhöfn flugvélarinnar hefðu fundist látnir nema að vera þess fullviss og hafa sannanir þess efnis, a.m.k. vissu um að höfuð allra mannanna sem taldir voru af hafi fundist. Í sama streng tekur Bill Smith, fyrrum flugliði í 221. flugsveit RAF, en hann er nú líklega sá eini sem er eftirlifandi þeirra fáu flugsveitarmanna 221. flugsveitar RAF sem enn voru á Íslandi þegar komið var með líkin til Reykjavíkur og voru viðstaddir útför herflugmannanna. Bill telur að aldrei hafi grunsemdir verið um að ekki hafi öll líkin komið fram. Engar heimildir eru til í gögnum leyniþjónustu breska landhersins sem leitaði að flugvélarflakinu um leitina eða lík mannanna. Það þarf þó ekki að vera neitt dularfullt við að skýrslur finnist ekki. Oft glötuðust þessar dagbækur og skýrslur eða var hent eftir stríð. Hins vegar er heldur ekki ástæða til að rengja það sem fram kemur í dagbók Ingvars á Kolgröfum og frásagnir annarra sjónarvotta um fjölda líkanna. Og miðað við mjög erfiðar aðstæður á slysstað og vandræðagang Bretanna við leitina er ekki ósennilegt að aldrei hafi öll kurl komið til grafar. En þeirri spurningu verður víst tæpast svarað úr þessu.

## Byssur, silki og súkkulaði

Þar sem Wellington-sprengjuflugvélin var vopnuð urðu miklar sprengingar við við brotlendinguna. Hluti af brakinu grófst inn í skriðu en annað dreifðist um stórt svæði. Sumarið 1942 gerði hópur fólks úr Kolgrafafirði sér ferð að flakinu. Meðal þeirra var Jón Kristjánsson sem var fæddur og uppalinn á Eiði. Hann var þá rétt innan við fermingu. Hann nefndi í viðtali að meðal þess sem fólkið fann í brakinu var súkkulaði sem var í litlum dósum svipuðum og sardínudósir eru nú. Þetta súkkulaði var vel hægt að borða ef dósirnar höfðu ekki skemmst. Þótt varla nokkuð nýtilegt fyndist í brakinu má þó nefna að tvær fallhlífar opnar fundust á gilbarmi Hrafnagils sem er djúpt og ófært gil þar nokkuð langt frá slysstaðnum. Munu þessar fallhlífar hafa orðið til þess að sögusagnir fóru á kreik um að hugsanlega hefðu tveir menn komist lífs af úr flugslysinu en farist eða orðið úti í eða nálægt Hrafnagili. En Hrafnagil er skammt frá þeim stað þar sem fallhlífarnar fundust. Reyndar er það alls ekki útlokað ef þess er gætt að flugvélin sveimaði lengi yfir á þessum slóðum og hugsanlegt er að ísing hafi háð flugmönnunum og að flugstjórinn hafi skipað mönnum að stökkva út í fallhlíf. Flugvélin var yfir vinveittu landsvæði og mörg svipuð dæmi um að flugmenn hafi yfirgefið flugvélar í nauðum við svipaðar aðstæður. Árið eftir flugslysið fann Gunnar Stefánsson (faðir Hjálmars Gunnarssonar) óopnaða fallhlíf úr flugvélinni á eða við slysstaðinn. Á Eiði saumaði húsfreyjan fatnað úr silkinu sem var í fallhlífinni. Einnig má nefna að ekki löngu eftir flugslysið var haft á orði að Grundfirðingar væru vel vopnaðir. Þau ummæli benda til að eitthvað af vopnum úr vélinni hafi borist þangað. Og enn er til skrúfublað úr flugvélinni sem fórst og þykir góður safngripur.

## Tveir menn samferða

Ýmsar sögur tengjast þessu flugslysi í vetrarbyrjun árið 1941. Ingi Hans Jónsson, sagnaþulur í Grundarfirði, hefur tekið saman sumar þessar frásagnir. Í fórum hans er að finna eftirfarandi frásagnir:

> Strax í kjölfar slyssins varð vart við allmiklar vangaveltur og sögusagnir um þá atburðarás sem þar hafði átt sér stað. Hvort tveggja var að heimamenn höfðu engar upplýsingar frá hernaðaryfirvöldum og ekkert mátti tala um málið opinberlega. Talsvert áður en slysið varð var Magnús bóndi á Kolgröfum á ferð úr kaupstað í

Grundarfirði. Gott veður var og tunglskinsbjart. Þegar Magnús var kominn inn undir Hrafnkelsstaði sá hann á undan sér tvo menn á gangi. Magnús herti gönguna og hugðist ganga með mönnum þessum, frekar en vera einn á ferð. En hversu sem Magnús herti göngu sína dró ekkert saman með þeim. Það þótti honum sérkennilegt og ekki með öllu eðlilegt. Þegar hann átti stutt eftir að þeim hurfu þeir eins og jörðin hefði gleypt þá.

Þessi sérkennilegi atburður rifjaðist upp fyrir bændum í Eyrarsveit er þeir stóðu yfir líkum fjögurra flugmanna á nákvæmlega þeim stað þar sem hinir tveir höfðu horfið Magnúsi. Eftir slysið þóttust menn oft verða varir við reimleika í Kolgrafafirði og flestar sögur eru um tvo menn samferða. Einnig hefur verið lífseig sú saga að hugsanlegt sé að menninrnir sem aldrei fundust kunni að hafa lifað slysið af og lagt af stað gangandi frá slysstaðnum og tekið stefnu á ljósin á Kolgröfum. Fallhlífar og einhver annar búnaður fannst við Hrafnagil í fyrrgreindri göngustefnu. Hrafnagil er hinsvegar algjörlega ókleift og engin tök á að leita þar.

Og Ingi Hans heldur áfram:

Yngsta þekkta sagan af reimleikunum í Kolgrafafirði er æði merkileg. Um jól fyrir nokkrum árum voru gestir að koma úr kaffiboði á Berserkseyri. Vetrarnóttin var tunglskinsbjört eins og þær gerast fegurstar, ný mjöll yfir öllu og því tiltölulega bjart. Þrjár manneskjur voru í bílnum og þegar þau voru stödd í miðjum Eyrarbotni sáu þau hvar maður gekk yfir veginn í átt frá fjalli til sjávar. Óneitanlega brá þeim nokkuð við þessa sjón og töldu sérkennilegt að sjá mann á göngu á þessum slóðum. En vel gat það verið að einhver hefði lent í vandræðum um nóttina og þarfnaðist aðstoðar. Bílstjórinn stöðvaði þá bíl sinn og ræddu hann og samferðafólk hans atvikið. Öll höfðu þau séð það sama. Þau ákváðu að athuga þetta nánar og fóru út úr bílnum. En hvar sem þau gáðu sáust engin spor í nýföllnum snjónum.

## Lokaorð

Að lokum vill greinarhöfundur þakka öllum þeim sem lögðu til upplýsingar og efni í þessa grein. Ekki síst Gunnari Hjálmarssyni, skipstjóra í Grundarfirði, sem lánaði til birtingar formála föður síns, Hjálmars Gunnarssonar, að dagbókarbrotum Ingvars á Kölgröfum ásamt dagbókarbrotunum. Einnig hafa fyrrum flugliðar 221. flugsveitarinnar, Herbert (Joe) N. Crawshaw, Bill Smith og Paul (Curlie) Lawerence, sýnt þessu verki áhuga og lagt til myndir og annað efni sem hvergi hefur komið fram annars staðar. Þá veitti Ian Hutchison, höfundur bókar um Erick Starling, leyfi til birtingar á myndum úr einkasafni Ericks



*Mynd af flugvélamótornum upp í fjalli. Ljósm.: Óskar Arnórsson*

Starling. Senn hefur að fullu fennt í sporin og hver fer að verða síðastur að skrá sögu þeirra manna sem fórnuðu lífi sínu í þágu föðurlandsins og Íslands í þeim ægilega hildarleik sem síðari heimsstyrjöldin var.

Þessara ungu manna sem létu líf sitt í byrjun vetrar árið 1941 fjarri ættjörð sinni hefur hingað til ekki verið minnst sem skyldi, en þessi grein er tilraun til þess.

# Heimildaskrá


**Prentaðar heimildir:**

Árbók Ferðafélags Íslands 1986. Snæfellsnes norðan fjalla. Einar Haukur Kristjánsson tók saman. Reykjavík 1986.

Chaz Bowyer. Wellington at War. Ian Allan Ltd. Shepperton, Surrey, England. 1982.

David Mondey. The Hamlyn Concise Guide to British Aircraft of the World War II. Chancellor Press. Octopus Publishing Group Ltd., 2-4 Heron Quays, London E14 4JB. England. 2004.

Eggert Nordahl. Flugsaga Íslands 1919-1945. I. bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík 1991.

Ian Carter. Costal Command 1939-1945. Ian Allan Publishing Ltd. Hersham, Surrey KT12 4RG, England. 2004.

Ian Hutchison. The Flight of the Starling. The story of Scottish pioneer aviator Captain Eric Starling F.R.Met.S., M.R.Ae.S. Published by Kea Publishing, 14 Flures Cresent, Erkine, Renfrewshire PA8 7DJ, Scotland.

Robert Jackson. Warplanes of World War II. Silverdale Books. Leicester. England. 2002.

Ross McNeill. Royal Air Force Costal Command Losses of the Second World War. Volume 1. Aircraft and Crew Losses 1939-1941. Ian Allan Publishing Ltd. England. 2003.

4+ publication. Vickers-Armstrongs Wellington. Mark I. Ltd., P.O. Box 10, 100 31 Prague 10 – Strasnice, Czech Republic, 2003.

**Óprentaðar heimildir:**

Dagbókarbrot Ingvars Agnarssonar bónda á Kolgröfum með formála Hjálmars Gunnarssonar.

CWGC, Commonwealth War Graves Commission. Slóðin er: www.cwgc.org.

History of No. 221 Squadron. Höfundar eru nokkrir fyrrum liðsmenn 221. flugsveitar konunglega breska flughersins, RAF. Prentað sem handrit.

Operational Record Book. No. 221 Squadron, Reykjavík. The National Archives, Kew, Surrey, TW9 4DU, England.

War Diary of Intelligence Summary. WO 176/340 1/5 W.Yorks. November 1941. The National Archives, Kew, Surrey, TW9 4DU, Surrey, England.

**Munnlegar heimildir. Heimildarmenn.**

Arnór Páll Kristjánsson, bóndi, Eiði, Kolgrafafirði.

Erlendur Halldórsson frá Dal, Reykjavík.

Guðbjartur Gunnarsson, bóndi og oddviti, Hjarðarfelli.

Guðmundur Runólfsson, útgerðarmaður, Grundarfirði.

Gunnar Hjálmarsson, skipstjóri, Grundarfirði.

Herbert (Joe) N. Crawshaw, ARPS, forseti samtaka fyrrum flugliða í 221. flugsveit RAF. 1 The Linkway, Sutton, Surrey, SM2 5SE, England.

Ingi Hans Jónsson, safnamaður, Grundarfirði.
Jack Hoskins, fyrrum flugsveitarforingi (Squadron Commander), 221. flugsveitar RAF, Beaches, Woodbridge Road, Bered Field, Woodbridge, 1TB 6AU, England.
Jón Kristjánsson frá Eiði, Grundarfirði.
Jón Logi Þorsteinsson, flugáhugamaður, Garðsauka, Hvolsvelli.
Ólafur Ágúst Steinþórsson, Reykjavík.
Paul (Curlie) F.M. Lawrence, fyrrum flugliði í 221 flugsveit RAF, Sutton Coldfield, B74 4DU England.
Ragnar J. Ragnarsson, flugáhugamaður og fv. flugstjóri, Reykjavík.
William (Bill) Smith, fyrrum flugliði í 221 flugsveit RAF, Donwell, District 2, Washington, Tyne and Wear 371AE, England.

*Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri*

# Annáll Grundarfjarðarbæjar 2005

Eins og fyrri ár var athafnasemin í fyrirrúmi hjá Grundfirðingum á árinu 2005, hvort sem litið er til fyrirtækja, einstaklinga eða bæjarins. Mætti því spyrja hvort það séu ekki hætt að teljast sérstök tíðindi að bærinn byggist upp, atvinna sé næg og íbúum fjölgi. Grundfirðingar hafa með framtakssemi, áræði og bjartsýni byggt upp þetta samfélag. Engu að síður er okkur hollt að muna að við búum við lífsgæði sem ekki þykja alls staðar sjálfsögð, sannarlega ekki úti í hinum stóra heimi og jafnvel ekki í öllum byggðarlögum á Íslandi.

Að venju er í annál ársins litið yfir farinn veg, til viðfangsefna og fjárhagslegrar stöðu bæjarins á árinu 2005, auk þess sem minningabrot úr ýmsum áttum fá að fljóta með.

Ánægjulegur viðsnúningur varð í rekstri bæjarins, rekstrarafgangur varð 15,6 millj. kr. og hafði afkoman batnað um 47 millj. kr. á síðustu tveimur árum.

Í mars slitnaði upp úr meirihlutasamstarfi B- og D-lista í bæjarstjórn en hinir sömu héldu þó samstarfinu áfram síðar. Snæfellingar höfnuðu sameiningu sveitarfélaga á Nesinu í kosningum og Vestlendingar skrifuðu undir menningarsamning við ríkið. Íbúaþing var haldið um skipulagsmál og málefni fjölskyldunnar. Í framhaldinu hófst viðamikil skipulagsvinna með Zeppelin-arkitektum og vinna við gerð fjölskyldustefnu. Framkvæmdir hófust við stækkun leikskólans og ýmsar stórar framkvæmdir voru undirbúnar, eins og landfylling við Norðurgarð og ný bryggja í stað litlu bryggju. Höfnin átti metár í lönduðum afla. Bæjaryfirvöld hvöttu til nýbygginga eftir föngum þar

sem húsnæðisskortur var nokkuð áberandi. Grundfirðingar bjuggu við gott atvinnuástand og íbúum fjölgaði um 4%.

## Fjármál

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. Í A-hluta er sú starfsemi sveitarfélagsins sem fjármögnuð er með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt samstæðureikningi námu heildartekjur ársins 519,1 millj. kr. og þar af voru rekstrartekjur bæjarsjóðs 421,4 millj. kr. Af rekstrartekjum bæjarsjóðs voru skatttekjur 347 millj. kr. og hækkuðu um 17,5% frá fyrra ári. Útsvar var þar af 201,3 millj. kr., framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 117,7 millj. kr. og fasteignaskattar og lóðarleiga námu 28 millj. kr. Séu tekjur bornar saman á verðlagi ársins 2005 er raunhækkunin 9%.

Rekstrarafgangur var 15,6 millj. kr. Afkoman batnaði um 23,4 millj. kr. frá árinu 2004 en þá var rekstrarhalli um 7,8 millj. kr. og árið 2003 nam rekstrarhalli 31,4 millj. kr. Afkoman hefur því batnað um 47 millj. kr. á tveimur árum.



*Lokahóf eldri borgara vorið 2005. Allir þátttakendur í leikfimitímum vetrarins fengu rós og viðurkenningu. Ljósm.: Sverrir Karlsson.*

Veltufé frá rekstri nam 74 millj. kr. og eignir sveitarfélagsins voru bókfærðar á 1,1 milljarð kr. í árslok. Ný langtímalán námu 349 millj. kr., þar af voru 251 millj. kr. vegna endurfjármögnunar eldri lána. Hækkun handbærs fjár á árinu nam 30,8 millj. kr. og var handbært fé í árslok 34,9 millj. kr.

Skuldir bæjarsjóðs á hvern íbúa námu 461 þús. kr. í árslok en voru 354 þús. kr. í árslok 2004.

Skatttekjur á hvern íbúa námu 235 þús. kr. á íbúa en heildartekjur samstæðunnar 517 þús. kr. á íbúa.

Á árinu var Vatnsveita Grundarfjarðar seld til Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan skuldbindur sig jafnframt til að byggja upp hitaveitu í Grundarfirði. Vegna þessa samnings voru 110,5 millj. kr. eignfærðar sem verða afskrifaðar á 25 árum.

## Starfsemin á árinu og einstök verkefni

## Stjórnsýsla og yfirstjórn

### Starfsmannamál

Á árinu voru 227 aðilum greidd laun, starfsmönnum í föstum störfum, hlutastörfum og nefndum, alls að fjárhæð 231 millj. kr. Ársverk voru 64. Konur eru mikill meirihluti starfsmanna bæjarins eða um 85%.

### Green Globe 21

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi unnu áfram að verkefnum í samræmi við framkvæmdaáætlun Green Globe. Framkvæmdaráð verkefnisins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna fimm. Meðal einstakra verkefna má nefna að undirbúin var uppsetning skiltis um jarðfræði og lífríki Kirkjufells og nágrennis, en skiltið verður sett upp vestan þéttbýlisins. Ráðinn var umhverfisfulltrúi Snæfellsness í hálft starf til að fylgja eftir verkefnum skv. framkvæmdaáætluninni.

### Bæjarvefurinn

Innlitum á bæjarvefinn grundarfjordur.is hefur fjölgað jafnt og þétt. Árið 2005 voru 453 fréttir og tilkynningar skrifaðar á vef Grundarfjarðarbæjar. Þetta eru um 8,7 fréttir að meðaltali í hverri viku og um 1,8 frétt á dag hvern virkan dag

ársins. Frá árinu 2001 hefur innlitum fjölgað verulega. Árið 2001 voru tæp 14 þúsund innlit, tæp 44 þúsund árið 2002, 53 þúsund árið 2003, 68 þúsund árið 2004 og rúm 117 þúsund árið 2005. Innlitum fjölgaði um 73,5% milli áranna 2004 og 2005.

**Sameiningarmál**

Þann 8. október var kosið um sameiningu fimm sveitarfélaga á Vesturlandi, Helgafellssveitar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar. Kosningarnar voru liður í sameiningarátaki félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, en sameiningarkosningar fóru fram í fjölmörgum sveitarfélögum á landinu.

Niðurstöður atkvæðagreiðslu urðu þær að sameiningin var felld í öllum sveitarfélögunum á Nesinu. Þátttaka í kosningunum var góð hér í Grundarfirði, 440 greiddu atkvæði bæði á kjörfundi og utan kjörfundar, sem er 69,3% kjörsókn.

Samþykkir sameiningu og sögðu já voru 63, eða 14,3% en 371 sögðu nei og höfnuðu sameiningu, eða 84,3%.

Í Snæfellsbæ sögðu 79,4% nei, í Helgafellssveit sögðu tæp 76% kjósenda nei, í Stykkishólmsbæ sögðu 65% nei, en í Eyja- og Miklaholtshreppi var minnst andstaða við sameininguna en þar sögðu tæp 57% nei.

**Íbúaþing**

Í mars var haldið íbúaþing Grundfirðinga undir yfirskriftinni „Bjóðum tækifærunum heim". Ríflega 130 íbúar sóttu þingið og tóku virkan þátt í umræðum um framtíðarsýn bæjarins. Áhersla var á tvo þætti, skipulagsmál og málefni fjölskyldunnar.

Í fréttatilkynningu um niðurstöður þingsins kom m.a. fram að Grundfirðingar standa um margt á tímamótum. Íbúum og bæjaryfirvöldum er í mun að nýta sem allra best þau tækifæri sem nú blasa við. Grundarfjarðarhöfn hefur á síðustu árum verið í mikilli sókn og töldu þátttakendur áframhaldandi þróun hafnarstarfsemi bæði á sviði sjávarútvegs og ferðaþjónustu vera eitt af stærstu tækifærum Grundfirðinga um þessar mundir. Íbúar sjá annað stórt tækifæri í áformum um að nýta heitt vatn í nágrenni þéttbýlisins og eru vonir bundnar við lagningu hitaveitu í sveitarfélaginu. Fjölbrautaskóli Snæfellinga færir okkur



*Frá íbúaþingi sem haldið var í mars.*

mikilvæg tækifæri og er gjörbreyting á aðstöðu fólks og atvinnutækifærum. Loks nefndu þátttakendur þau tækifæri sem staðsetning Grundarfjarðar skapar, þ.e. nálægð við höfuðborgarsvæðið, fiskimið og staðsetning miðsvæðis á Snæfellsnesi.

Varðandi skipulagsmál var helst bent á að byggðina þarf að þétta og kallað var eftir uppbyggingu á miðbæ.

Niðurstöður þingsins endurspeglast vel í því sem nemendur grunnskólans töldu vera einn af kostunum við að búa í Grundarfirði, að Grundarfjörður sé lítill bær og að þar búi bjartsýnt fólk!

## Fræðslu- og menningarmál

### Leikskólinn Sólvellir

Við upphaf ársins voru 54 nemendur í leikskólanum en í lok árs voru nemendur 45 talsins. Ellefu stöðugildi voru í leikskólanum í janúar en fækkaði í tíu í desember samfara fækkun nemenda.

Leikskólinn átti gott samstarf við grunnskóla, bókasafn, tónlistarskóla, heilsugæslu og dvalarheimili. Auk þess á leikskólinn samstarf við flest fyrir-

tæki í bæjarfélaginu um nemendaheimsóknir. Ýmislegt var um að vera í leikskólanum á árinu. Nefna má þorrablót sem haldið var í byrjun febrúar, sveitaferð að Mýrum, útskriftarferð elstu nemenda í Sandvík, Dag íslenskrar tungu og jólaball leikskólans. Foreldrum er alltaf boðið á skemmtanir, sýningar og uppákomur í leikskólanum. Nemendum 1. bekkjar grunnskólans var boðið á þorrablótið, sem er liður í samstarfi skólanna um verkefnið „Brúum bilið".

### Grunnskóli Grundarfjarðar

Á árinu voru 196 nemendur í tíu bekkjardeildum. Við skólann störfuðu 22 kennarar og átta aðrir starfsmenn auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Aukin áhersla var á list- og verkgreinar og verður hlutfall þeirra í daglegu námi aukið á komandi önnum, ekki síst þar sem undirbúningur hófst að því að koma upp aðstöðu til smíða- og verkgreinakennslu.

Haustið 2005 hófst náið samstarf grunnskólans við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Nemendur í 10. bekk sem sýnt hafa góðan námsárangur eiga kost á því að sækja áfanga í ensku og stærðfræði í framhaldsskólanum samhliða námi í grunnskólanum. Níu nemendur úr 10. bekk hófu nám í einum til þremur áföngum við FSN á árinu.

Skólinn fékk styrk til þátttöku í Comenius-tungumálaverkefni sem nefndist „To go and see the earth living". Árgangur 1990 tók þátt í þessu verkefni ásamt 31 nemanda frá Paimpol, vinabæ Grundarfjarðar í Frakklandi. Samskipti stóðu yfir í um tvö ár og enduðu með gagnkvæmum heimsóknum. Frakkarnir komu til Grundarfjarðar í maí 2005 og héldu til á heimilum nemenda. Þeir unnu ýmis verkefni ásamt því að skoða sig um og vera í samskiptum við félaga sína í verkefninu. Heimsóknin var síðan endurgoldin þegar nemendur okkar héldu til Frakklands í byrjun júní. Eyddu þeir mestum hluta ferðarinnar í Paimpol en stöldruðu einnig við í París í nokkra daga. Mikil ánægja var meðal nemenda með þessi samskipti og myndaðist góður vinskapur milli krakkanna.

### Tónlistarskóli Grundarfjarðar

Skólaárið 2005–2006 voru um 100 nemendur við nám í Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Við skólann starfa fjórir kennarar með skólastjóra. Kennslugreinar voru 16 talsins, píanó- og gítardeildir eru stærstar, en aukinn áhugi var á slagverksnámi.



*Frá fyrstu útskrift stúdenta úr Fjölbrautaskóla Snæfellinga í desember 2005. Eygló B. Jónsdóttir, Gunnar Már Árnason, Hulda Hildibrandsdóttir og Vilhjálmur Pétursson. Ljósm.: Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir.*

Í samstarfi við grunnskólann var boðið upp á blokkflautukennslu og tónmenntakennslu í 1. og 2. bekk nemendum að kostnaðarlausu og sem hluti af stundaskrá nemenda í grunnskólanum.

Tónlistarskólinn gerðist aðili að prófanefnd tónlistarskólanna en um er að ræða samræmda prófanefnd allra tónlistarskóla í landinu sem m.a. auðveldar samanburð og samhæfni tónlistarnáms og þar með mat á tónlistarnámi til áfanga í framhaldsskólum.

Haustið 2005 voru keyptar nýjar tölvur og skrifborð í skólann og bætti það vinnuaðstöðu kennara til muna. Sett var upp tölvukerfi fyrir nemendabókhald sem m.a. auðveldar alla yfirsýn yfir skólastarfið auk þess sem varðveisla upplýsinga og gagna er mun öruggari og aðgengilegri en áður.

**Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hóf starfsemi í ágúst 2004 og var árið 2005 því fyrsta heila starfsárið. Nemendur voru um 150 á vorönn 2005 og um 230 á haustönn 2005. Námsframboð skólans hefur verið fjölbreytt frá byrjun og er boðið upp á almennar námsbrautir, viðskiptabraut og tölvufræðibraut, auk stúdents-

brautanna þriggja, félagsfræðibrautar, málabrautar og náttúrufræðibrautar. Starfsmenn voru um 30 talsins í um 20 stöðugildum. Fyrsta útskrift stúdenta frá skólanum fór fram við hátíðlega athöfn í desember 2005.

### Bókasafn Grundarfjarðar

Bókasafn Grundarfjarðar hefur umsjón með skólabókasafninu og þjónar nemendum og starfsliði grunnskólans með móttöku nemenda, safnfræðslu og upplýsingaleit.

Safnkostur Grunnskóla og Bókasafns Grundarfjarðar er tengdur sameiginlegu bókasafnskerfi og eru upplýsingar um eintök aðgengilegar á vefnum www.gegnir.is. Þar er einnig hægt að skoða útlán sín og panta bækur.

Átak var gert í innkaupum á hljóðbókum og rafrænu efni. Safnkostur var skipulagður á árinu og bókakostur grisjaður.

Norræna bókasafnavikan, *Á ferð um norðrið*, tók við af menningarhátíðinni *Rökkurdögum* um haustið, en þá héngu uppi sýningar leikskólabarna og farandsýning um Gísla J. Ástþórsson. Farið var af stað með sögustundir á fimmtudögum og elstu börn af leikskólanum Sólvöllum komu í heimsókn á safnið í sex vikur til að læra að nota bókasafn.

Fræðslu- og menningarmálanefnd vann á árinu stefnumótun í bókasafns- og upplýsingamálum sem bæjarstjórn samþykkti í júní 2005.

### Rökkurdagar

Lista- og menningarhátíðin *Rökkurdagar* var haldin í annað sinn haustið 2005. Hátíðin var að þessu sinni 27 daga menningarveisla sem hófst 19. október. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá sem bæði var í höndum heimamanna og aðkomumanna. Á dagskrá voru meðal annars tónleikar, myndlistarsýningar og uppistand, að ógleymdum fyrirlestri um Snæfellinginn James Bond. Fjöldi gesta eða heimsókna *Rökkurdaga* er áætlaður um 1600-1700, sem er dágóð frammistaða 975 íbúa.

### Á góðri stund í Grundarfirði

Hátíðin „Á góðri stund" í Grundarfirði var haldin í áttunda sinn síðustu helgina í júlí. Hátíðin tókst vel sem endranær og lék veðurblíðan við íbúa og gesti þeirra. Fjöllistamaðurinn Örn Ingi frá Akureyri setti svip sinn á hátíð-



*Frá brennu á hátíðinni Á góðri stund í lok júlí. Ljósm.: Sverrir Karlsson.*

ina og dagana fyrir hátíð, en hann var fenginn til að skipuleggja ýmiss konar ævintýranámskeið og viðburði fyrir börn og fullorðna. Með honum í för voru tvær norðlenskar fimleikameyjar sem leiðbeindu börnunum. Afraksturinn var m.a. litríkt götuleikhús, danssýningar á hverfahátíðum, eldspúarar og krakkar sem gengu um bæinn á stultum.

## Íþrótta- og tómstundamál

### Forvarnir

Tómstunda- og forvarnafulltrúi Snæfellinga tók til starfa í janúar 2005 undir hatti Félags- og skólaþjónustunnar með aðsetri í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Það voru Rauða kross deildirnar á Snæfellsnesi sem lögðu til fjármuni til ráðningar starfsmannsins og munu sveitarfélögin í áföngum taka við kostnaðinum við starfið. Tilefni ráðningarinnar var að með tilkomu Fjölbrautaskóla Snæfellinga varð veruleg þörf á að sinna þörfum eldri unglinga. Helstu verkefni tómstunda- og forvarnafulltrúa eru að stofna til og viðhalda samstarfi þeirra aðila er láta sig varða forvarnir og tómstundir unglinga, auk þess að



*Frá Fantasíukeppni félagsmiðstöðvarinnar Eden.*

starfa með nemendafélagi FSN við uppbyggingu félagsstarfs við skólann. Einnig á tómstunda- og forvarnafulltrúi að vinna með hagsmunaaðilum að samræmdri forvarnastefnu fyrir bæjarfélögin á Snæfellsnesi.

## Hópastarf

Öflugt hópastarf var sett af stað, annars vegar fyrir stelpur og hins vegar fyrir stráka í 9.–10. bekk, þar sem markmiðið var að styrkja sjálfsmynd þátttakenda. Verkefnin byggjast á því að hver og einn þátttakandi fái að njóta sín, kynnast styrkleikum sínum og þróa með sér jákvæða sjálfsmynd.

## Íþróttamaður ársins

Titilinn íþróttamaður Grundarfjarðar árið 2005 hlaut Heiðar Geirmundsson fyrir árangur í frjálsum íþróttum.



*Íþróttamaður Grundarfjarðarbæjar 2005, Heiðar Geirmundsson.*

### Afmæli

Hesteigendafélagið fagnaði 30 ára afmæli á árinu og Golfklúbburinn hélt upp á að 10 ár voru frá stofnun klúbbsins.

## Framkvæmda- og tæknimál

### Úthlutun lóða

Umhverfisnefnd sér um úthlutun lóða í umboði bæjarstjórnar. Á árinu úthlutaði nefndin 29 nýjum byggingarlóðum undir 35 íbúðir.

### Hverfisvæn leið

Í júní 2005 bauð Vegagerðin út framkvæmdir við „hverfisvæna leið" um Grundarfjörð. Um var að ræða sérstakt verkefni sem fólst í öryggisaðgerðum á Grundargötu og var gatan m.a. þrengd og á hana settar umferðareyjar, upphækkaðar hraðahindranir og aðrar ráðstafanir gerðar sem draga eiga úr hraða á götunni.



*Framkvæmdir við hverfisvæna leið á Grundargötu.*

Framkvæmdin, sem hönnuð var af verkfræðistofunni VST, var gerð með það að leiðarljósi að minnka hraðakstur í gegnum bæinn. Dodds ehf. sá um verkið sem hófst í ágúst, en ætlunin er að ljúka því á árinu 2006.

## Stækkun leikskólans

Skóflustunga að rúmlega 170 m$^2$ viðbyggingu leikskólans var tekin 4. ágúst. Skóflustunguna tók Hildur Sæmundsdóttir ljósmóðir, en hún var formaður Rauða kross deildar Grundarfjarðar þegar fyrsti hluti Leikskólans Sólvalla var byggður. Nýbyggingunni er m.a. ætlað að hýsa vinnuaðstöðu starfsmanna sem var mjög bágborin, auk þess sem þar verður nýr inngangur í skólann. Auk viðbyggingarinnar verður elsti hluti leikskólans endurnýjaður verulega, m.a. verða gerðar miklar endurbætur á eldhúsi. Samið var við Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar um verkið eftir útboð.




*Hildur Sæmundsdóttir ljósmóðir tók fyrstu skóflustunguna að viðbyggingu Leikskólans Sólvalla 4. ágúst 2005.*

## Skipulagsmál

Á árinu voru skipulagsmál fyrirferðarmikil. Á íbúaþingi í mars voru þau annað meginstefið og fékkst þar m.a. efniviður í þá skipulagsvinnu sem bæjarstjórn hafði ákveðið að ráðast í. Gengið var til samninga við Zeppelin-arkitekta í Garðabæ, Orra Árnason og hans fólk, um umfangsmikil skipulagsverkefni við deiliskipulagningu og tilteknar breytingar á gildandi aðalskipulagi. Verkefnin felast í því að endurhanna m.a. miðbæ, skipuleggja íþrótta- og skólasvæði, nýtt hverfi við vestanverða Grundargötu og íbúðahverfi í Grafarlandi. Bæjarstjórn setti á laggirnar skipulagshóp sem hóf störf í október, en í honum sátu allir fulltrúar úr umhverfisnefnd og fjórir bæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa.

Áfram var unnið við aðalskipulag dreifbýlis en það er Teiknistofan Eik, Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt, sem er hönnuður skipulagsins.

Umhverfisnefnd skipaði vinnuhóp undir stjórn Inga Hans Jónssonar til að gera tillögu að mótun Hönnugils. Í niðurstöðum hópsins, sem skipaður var fulltrúum íbúa úr nágrenni svæðisins, var lagt til að fyllt yrði í gilið með jarðvegsefnum, mynduð þar útivistarsvæði með sléttum flötum, göngustígum, trjágróðri og aðstöðu fyrir ýmiss konar afþreyingu. Lækurinn yrði látinn halda sér.

Byrjað var að fylla í svæðið með efni sem til féll úr byggingarlóðum og verður svæðið mótað jafn óðum og efni berst.

## Átak í skógrækt

Sumarið 2005 stóð Grundarfjarðarbær fyrir átaki í gróðursetningu trjáplantna. Plöntur voru settar niður á skólalóð, í þríhyrningi, við iðnaðarsvæði og víðar. Verkefnið var í umsjón Þórðar Runólfssonar frá Ræktunarstöðinni Lágafelli. Alls voru settar niður um 600 plöntur.

Einnig unnu Grundarfjarðarbær og Skógræktarfélag Eyrarsveitar að undirbúningi verkefnis sem felst í ræktun skjólbelta í stórum stíl ofan bæjarins. Skjólbelti ættu, þegar fram líða stundir, að skýla byggðinni fyrir vindi í þéttbýli Grundarfjarðar. Skógræktarfélag Íslands var fengið til að gera áætlun um ræktun skjólskóganna.

## Hitaveita og vatnsveita

Eitt stærsta verkefni bæjarins á árinu var án efa hitaveituverkefnið, orkurannsóknir og borun eftir heitu vatni og samningur við Orkuveitu Reykjavíkur um yfirtöku verkefnisins.

Íslenskar orkurannsóknir unnu að borun rannsóknarholu við Berserkseyri í upphafi árs. Þann 8. mars 2005 hitti borinn í vatnsæð á um 300 m dýpi og runnu um 6 sekúndulítrar af tæplega 80°C heitu vatni úr holunni. Niðurstaðan gaf vísbendingar um vænlegan borstað og í framhaldinu var samið við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um borun vinnsluholu. Markmiðið var að skera tvær vatnsæðar, aðra á um 300 m dýpi og þá seinni á rúmlega 900 m dýpi. Þann 3. apríl hitti borinn svo í fyrri æðina á 380 m dýpi og var rennslið um 20 sekúndulítrar af tæplega 80°C heitu vatni. Haldið var áfram að bora og þegar holan var orðin rúmir 550 m á dýpt brotnuðu borstangir ofan í sjálfri holunni. Bormenn eyddu miklum tíma í að reyna að ná brotnum borstöngum upp úr holunni en þann 12. júní var tekin ákvörðun um að hætta borun að sinni.

Þann 20. september 2005 var undirritaður samningur milli Grundarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur. Með samningnum tók Orkuveita Reykjavíkur við hitaveituverkefni bæjarins á rannsókna- og undirbúningsstigi og mun ljúka við lagningu veitunnar. Auk þess keypti Orkuveitan Vatnsveitu Grundarfjarðar.

Í samningnum við Orkuveituna er gert ráð fyrir að Grundfirðingar fái heita vatnið á sama verði og í Reykjavík sem þýðir umtalsverða lækkun húshitunarkostnaðar Grundfirðinga.



*Undirritun samnings Grundarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur um hitaveitu og vatnsveitu. Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri, Alfreð Þorsteinsson, formaður stjórnar OR, og Guðmundur Þóroddsson, forstjóri OR.*

Þó að Orkuveitan taki við verkefninu og verði framkvæmdaaðilinn hér eftir, mun Grundarfjarðarbær þó veita fullt liðsinni við undirbúning og framkvæmd. Grundfirðingar sjá enda fram á umfangsmestu verklegu framkvæmdir í bænum í áratugi með uppgröfnum götum og lóðum, skurðum og tilheyrandi raski. Um leið gefst þó tækifæri til ýmissa umbóta, svo sem að endurnýja slitlag á götum.

## Grundarfjarðarhöfn

Metár var hjá Grundarfjarðarhöfn í lönduðum afla árið 2005. Heildarafli var 20.586 tonn í 1.559 löndunum. Stærsta löndunarár, fyrir árið 2005, síðan skráningar hófust í Grundarfjarðarhöfn var árið 2001 en þá var landað 16.184 tonnum. Heildaraflinn árið 2005 var því tæpum 30% meiri en metárið 2001, en um 37% meiri en árið 2004.



*Ný hafnarvog var tekin í notkun í júní 2005. Ragnar Haraldsson, sem ók einum af flutningabílum sínum fyrstur yfir nýju vogina, Hafsteinn Garðarsson hafnarvörður og Runólfur Guðmundsson, formaður hafnarstjórnar.*

Olíuflutningar jukust einnig og var tæplega átta þúsund tonnum skipað á land samanborið við tæplega sjö þúsund tonn árið 2004. Gámaeiningum fjölgaði úr 388 í 446 frá fyrra ári eða sem nemur 15% aukningu. Átta skemmtiferðaskip heimsóttu höfnina á árinu, nokkru færri en árið 2004, en stærri og samanlagt að sömu brúttótonnatölu, og því svipaðar tekjur af þeim og árið áður.

Grundarfjarðarhöfn og þjónustuaðilar tóku í þriðja þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni í Kópavogi sem haldin var í september. Þátttakendur ásamt höfninni voru Ragnar og Ásgeir ehf., Guðmundur Runólfsson hf., Snæís hf., Fiskmarkaður Íslands, Vélsmiðjan Berg og Djúpiklettur ehf. Auk þess var fisksölufyrirtækið Hagfiskur með kynningu á vörum sínum og bauð gestum og gangandi upp á plokkfisk.

Fjárfest var í nýrri hafnarvog vorið 2005 og var sú gamla fjarlægð, enda búin að þjóna vel hlutverki sínu síðan 1970.

Unnið var að skipulagsmálum á hafnarsvæðinu og undirbúningur að gerð landfyllingar hófst ásamt því sem unnið var að hönnun á nýrri litlu bryggju.

## *Annað*

**Grundfirsk stjörnumessa** var haldin á veitingastaðnum Broadway í Reykjavík í febrúar. Þar stigu á svið grundfirskir tónlistarmenn, 12 manna hljómsveit og 27 söngvarar undir merkjum Vorgleðihópsins. Á sjötta hundrað gestir mættu á sýninguna sem má telja einstaklega vel heppnaða útrás grundfirskrar menningar!

Þann 24. október héldu konur í Grundarfirði upp á að 30 ár voru frá **kvennafrídeginum** fræga, eins og stöllur þeirra víða um land, í fallegu og björtu veðri. Um 220 konur á öllum aldri skunduðu í Samkomuhúsið þar sem undirbúningshópur hafði skipulagt dagskrá og efnt var til kaffisamsætis.

Í janúar 2005 undirrituðu bæjarstjórar Grundarfjarðarbæjar og franska bæjarins **Paimpol** á Brittaníuskaga formlega yfirlýsingu um **vinabæjasamband**. Viðstaddir voru m.a. sendiherra Íslands í Frakklandi, fulltrúar nágrannabæja Paimpol og félagsmenn í frönsku Grunda-Pol samtökunum sem annast vinabæjasamskiptin þar ytra.

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar, færðu Grundfirðingum **örnefnaskilti** til uppsetningar og varðveislu. Skiltið var sett upp á nýjum áningarstað



*Frá undirskrift yfirlýsingar um vinabæjasamband. Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri og Jean-Paul Pochard bæjarstjóri í Paimpol. Fyrir aftan, frá hægri, Tómas Ingi Olrich sendiherra Íslands í Frakklandi, Marie-Madeleine Geoffrey, formaður Grunda-Pol samtakanna í Paimpol, og Finnbogi Rútur Arnarson, sendifulltrúi í íslenska sendiráðinu í París.*

við Kolgrafafjörð og formlega afhent á vígsludegi nýju brúarinnar og vegarins þann 21. október 2005. Á skiltinu má lesa um Eyrbyggja hina fornu, örnefni í firðinum og gönguleiðir á svæðinu.

Grundfirðingar hafa aldrei verið fleiri en við árslok 2005. Þá var íbúafjöldinn 975 manns. Í árslok 2004 voru íbúar 936 og fjölgaði því um 4% á einu ári. Fjölgun á Vesturlandi var rúmlega 3% á árinu og á landinu öllu rétt rúm 2%.

Á árinu var hafist handa um mörg stór verkefni og búið í haginn fyrir framfaramál sem við Grundfirðingar þurfum að fylgja eftir af einurð og festu. Það er von undirritaðrar að þessi upprifjun megi verða áhugasömum til nokkurs fróðleiks.

# Úr myndasafni Eyrbyggja



*Um borð í kútter. Halldór Finnsson, Pétur Konráðsson, Guðmundur Runólfsson og Sigurður Helgason. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*



*Magnús Stefánsson, Friðgeir V. Hjaltalín, Árni Halldórsson, Kristján Guðmundsson, Ragnar Eldbergsson og Ólafur Guðmundsson. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*



*Tvennir bræður. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*



Friðrik, Ingi, Árni og Reynir. Ljósm.: Bæring Cecilsson.



Fjölskyldan að Grundargötu 44, Sigurhæðum. Ljósmyndari óþekktur.



*50 ára gömul mynd. Hver þekkir hópinn hennar Soffíu? Ljósm.: Soffía Jóhannesdóttir.*



*Þessir börn eru 60 ára í dag. Ljósm.: Soffía Jóhannesdóttir.*



*Skóladrengirnir: Ólafur Guðmundsson, Ágúst Breiðfjörð, Guðni E. Hallgrímsson, Lúðvík Jakobsson, Kristján Guðmundsson, Búi Jóhannsson og ókunnur. Myndasafn Eyrbyggja. Soffía Jóh.*



*Fyrsta skírnin í Grundarfjarðarkirkju. Ljósm.: Bæring Cecilsson.*



*Nilli, Gunni, Kalli, Stína og Lauga. Ljósm.: Fríða.*



*Hljómsveitargæjarnir Óskar, Gunnar, Tommi og Maggi Álfs.*



*Hver þekkir þennan hóp? Ljósm. Soffía Jóhannesdóttir*



*Skóla- og samkomuhúsið á sjómannadaginn.*

*Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar og sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits sem er sjöunda heftið í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar".*
*Í ritinu eru m.a greinar um skólahaldi í Erarsveit 1887-2002, horfin hús úr Grundarfirði og um uppbyggingu og þróun búsetu í Eyrarsveit. Þá eru einnig tvær greinar um Grundarfjarðarkirkju í tilefni 40 ára afmælis hennar. Í fyrri greininni er byggingarsaga kirkjunnar rakin og seinni greinin er frá séra Jóni Þorsteinssyni fyrrum sóknarpresti í Grundarfirði. Fróðleg grein er um flugslysið í Kolgrafarfirði þar sem áður óbirt gögn um þetta eftirminnilega slys koma fram. Áhugaverð grein skrifuð af séra Jens Hjaltalín fyrrum sóknarpresti á Setbergi. Saga leikskólans er rakin. Þá er annáll Grundarfjarðarbæjar á sínum stað, myndir af fermingarbörnum og ýmislegt fleira.*

*Að varðveita sögu hvers byggðarlags er nauðsynlegt, fróðlegt og oft skemmtilegt. Það er eitt af hlutverkum okkar Eyrbyggja að reyna að varðveita sögu Eyrarsveitar og hafa móttökur verið mjög góðar. Vonumst við til að þessi fróðleikur, sem spannar nú yfir 1500 bls., verði varðveittur a.m.k. á hverju heimili Grundfirðinga.*

**EYRBYGGJAR**
Hollvinasamtök
Grundarfjarðar